



**Sátt** félag um  
sáttamiðlun

# Sáttamiðlun

Hvað getum við lært af öðrum þjóðum ?

Svavar Pálsson  
Cand. jur. MPA.

Sáttamiðlun: Hvað getum við lært af öðrum þjóðum?

© Svavar Pálsson

Öll réttindi áskilin

Sátt, félag um sáttamiðlun

Reykjavík, desember 2020

Forsíða: Blek ehf.

ISBN 978-9935-24-933-3



## Sáttamiðlun: Hvað getum við lært af öðrum þjóðum?

Svavar Pálsson

Sýslumaður  
Cand. jur. MPA.

### LYKILORÐ

Sáttamiðlun  
Sáttamiðlarar  
Gjafsátt  
Sáttafræðsla  
Málsforræði  
Einfaldari málsmeðferð  
Átakaminnkun  
Efnahagsáhrif  
Stefnumótun  
Réttarbætur

### SAMANTEKT

Sáttamiðlun ryður sér til rúms um allan heim. Nýjungar í alþjóðasamskiptum, stjórnkerfum og á markaði lýsa árangri og gæðum sem sáttamiðlun fylgja. Til grundvallar liggur reynsla og þekkingarsköpun, studd tilraunaverkefnum, einkaframtaki, löggjöf og alþjóðasamningum um sáttamiðlun, aðlögun stjórnsýslukerfa og réttarþróun.

Birtingarmynd sáttamiðlunar er að jafnaði sú að ólík viðfangsefni fá aðgang að nýjum og fjölbreytilegum lausnum á grundvelli meginsjónarmiða sáttamiðlunar; sáttfýsi og sveigjanleika, hlutleysi og hugmyndaauðgi.

Varpað er ljósi á sáttamiðlun frá skoskum sjónarhóli og innleiðingu í skosku réttarkerfi og stjórnsýslu. Hugað er að frumkvæði hins opinbera, löggjafarþróun og framkvæmd. Á grundvelli viðtalsrannsóknar er einnig grafið fyrir um reynslu dómara, lögmanna og vaxandi stéttar sáttamiðlara í Skotlandi og víðar á Bretlandseyjum.

Nokkurrar tregðu hefur lengi gætt í Skotlandi gagnvart innleiðingu sáttamiðlunar. Nú er hins vegar svo komið að sáttamiðlun er hluti opinberrar stjórnsýslu, einkamarkaðar og háskólasamfélags og er henni beitt við hvers konar ágreining. Lýst er nýjungum á borð við sáttamiðlun fyrir milligöngu dómstóla, gjafsáttaleyfi, sáttafræðslu, einfaldari málsmeðferð fyrir dómi, vaxandi sáttahlutfall, rafræna sáttamiðlun og fleira. Lög um sáttamiðlun eru í bígerð. Samhliða hafa verið borin kennsl á einstaklingsbundinn, rekstrarlegan, kerfislegan og jafnvel efnahagslegan ávinning, en jafnframt á stéttbundin viðhorf sem talin eru halda aftur af þróuninni.

Niðurstaðan er sú að með vísan til reynslu annarra þjóða sé nauðsynlegt að íslensk stjórnvöld taki ábyrga afstöðu til málefnisins á grundvelli þekkingar og samfélagshagsmuna. Kynntar eru hugmyndir um tvíþætt ferli til aðlögunar að íslenskum aðstæðum. Réttarbætur, studdar sögulegri arfleið, knýja á um að sáttamiðlun sé tekin alvarlega á Íslandi.<sup>1</sup>

<sup>1</sup> Þessi umfjöllun hefur hlotið ritrýni.

# Mediation: Lessons learned

Svavar Pálsson  
District Commissioner  
Cand. jur. MPA.

## KEYWORDS

---

Mediation  
Mediators  
Legal aid and mediation  
Education and training  
Simple procedure  
Conflict reduction  
Economic impact  
Strategy  
Civil reform

## SUMMARY

---

Mediation is gaining ground around the world. Innovations in international relations, governance and on the market describe the success and quality of mediation as way of dispute resolution. Developments to witness whereof practice, professional and academic knowledge, supported by pilot projects, private initiative, international agreements on mediation, integration of administrative systems and legal developments.

The manifestation of mediation is usually that different disputes gain access to new and diverse solutions on the basis of the main principles of mediation; Compatibility and flexibility, neutrality and imagination.

A Scottish perspective and implementation in the Scottish legal system and public administration are highlighted. Attention is paid to public initiative, legislative development and implementation. Based on an case study, experience of Scottish judges, lawyers and the growing profession of mediators in Scotland and elsewhere in the British Isles is also explored.

There has long been some reluctance in Scotland. Now, however, mediation has become a part of public administration, the private market and the academia and any kind of dispute is applied. Innovations such as court mediation, leagal aid covering mediation, mediationrelated education, simple procedure, increasing meditation rates, electronic mediation mediation and more are described. A law on mediation is pending. At the same time, individual, operational, systemic and even economic benefits have been identified, as well as class-based attitudes that are considered to hold back development.

The conclusion is that with reference to the experience of other nations, it is necessary for the Icelandic government to take a responsible stance on the issue on the basis of knowledge and societal interests. Ideas for a two-pronged process for adapting to Icelandic conditions are presented. Legal redress, supported by a historical legacy, forces mediation to be taken seriously in Iceland.

## Efnisyfirlit

<b>1.</b>	<b>INNGANGUR.....</b>	<b>3</b>
<b>2.</b>	<b>AÐFERÐ OG FRAMKVÆMD .....</b>	<b>3</b>
2.1	GILDI.....	4
2.2	TILGANGUR, UMFANG OG AFMÖRKUN.....	4
<b>3.</b>	<b>SÁTTAMIDLUN.....</b>	<b>5</b>
3.1	SKILGREINING.....	5
3.2	STEFNUMÓTUN.....	8
3.3	HVATAR AÐ SÁTTAMIDLUN .....	9
3.4	ALÞJÓÐLEG ÞRÓUN .....	12
<b>4.</b>	<b>NORRÆNN RÉTTUR.....</b>	<b>13</b>
4.1	NOREGUR .....	14
4.2	FINNLAND.....	15
4.3	DANMÖRK.....	16
4.4	SVÍÐJÓÐ .....	17
4.5	ÍSLAND .....	18
<b>5.</b>	<b>SÁTTAMIDLUN Í SKOTLANDI .....</b>	<b>20</b>
5.1	STOFNANASAMHENGI .....	21
5.2	GJAFSÁTT OG GJAFSÁTTALEYFI.....	22
5.3	RÉTTARHEIMILDIR UM SÁTTAMIDLUN.....	23
5.4	UM SÁTTAMIDLARA .....	27
5.5	SÁTTAFERLIÐ.....	29
5.6	RÉTTARSVIÐ .....	30
5.7	GILDI SÁTTAGERÐA OG FULLNUSTA.....	35
<b>6.</b>	<b>REYNSLAN AF SÁTTAMIDLUN Í SKOTLANDI .....</b>	<b>36</b>
6.1	ALMENNT UM REYNSLU SKOTA AF SÁTTAMIDLUN .....	36
6.2	FRUMKVÆÐI HINS OPINBERA.....	39
6.3	LÖGGJAFARMÁLEFNI .....	42
6.4	REYNSLAN AF EINFALDARI MÁLSMEÐFERÐ FYRIR DÓMI.....	43
6.5	TÆKIFÆRI OG ÓGNIR.....	45
6.6	RAFRÆN SÁTTAMIDLUN.....	47
6.7	STAÐA SÁTTAMIDLARA.....	48
<b>7.</b>	<b>UMRÆÐA, MAT OG FRAMTÍÐARSÝN.....</b>	<b>49</b>
7.1	STÖÐUMAT.....	49
7.2	LÆRDÓMUR.....	52
7.3	FRAMTÍÐARSÝN .....	55
<b>8.</b>	<b>LOKAORÐ .....</b>	<b>56</b>
	HEIMILDASKRÁ.....	58
	LAGASKRÁ .....	67
	VIÐAUKAR.....	68

## 1. INNGANGUR<sup>2</sup>

Umræða um leiðir til lausnar ágreiningi er sígild. Sáttir og samningar einnig. Rík söguleg sáttahæfð allt frá þjóðveldistímanum er til staðar á Íslandi. Þrátt fyrir það bendir margt til þess að þróuðum sáttaleiðum hafi í seinni tíð ekki verið nægur gaumur gefinn og gildir þá einu hvort horft er viðskipta, stjórnýslu eða réttarkerfis. Slíkum sáttaleiðum er hins vegar beitt í vaxandi mæli víða um lönd. Birtist sú þróun ekki eingöngu í fræðiskrifum, námsefni, samningum og lagatexta, heldur einnig í aðgengi að sáttamiðlun, hlutverki sáttamiðlara, markaðsháttum og í stjórnkerfinu. Sáttamiðlun (e. mediation) telst vera ein slíkra leiða. Þegar að er gáð er í sjóð áratuga framkvæmdar, reynslu og fræðiskrifa víða um heim að sækja.<sup>3</sup>

Auk þess að fjalla um sáttamiðlun er markmið þessara skrifa að veita lesendum sýn á hvernig önnur þjóð, nánar tiltekið Skotar, lagar sáttamiðlun að stjórnýslu- og réttarframkvæmd. Enn fremur að varpa þannig ljósi á stöðu sáttamiðlunar hérlandis í alþjóðlegum samanburði. Sérstaklega er fjallað um þá reynslu sem byggist nú hratt upp í Skotlandi frá sjónarhóli sáttamiðlara, dómara og lögmanna. Gerð verður grein fyrir nýlegum breytingum á stefnu stjórnvalda, réttarheimildum, mótun sáttamiðlarastéttar og aðlögun gjafsóknarframkvæmdar að sáttamiðlun auk fleiri nýjunga. Drepið verður niður fæti víðar á Bretlandseyjum en einnig á Norðurlöndum. Er þess vænst að með því að fjalla um erlenda þróun sé stuðlað að tímabærri umræðu og réttarbótum á Íslandi.

## 2. AÐFERÐ OG FRAMKVÆMD

Fjallað verður um sáttamiðlun, grundvöll og framkvæmd á forsendum opinberrar stefnumótunar og aðkomu einkaaðila jafnt sem opinberra aðila. Til grundvallar liggja rannsóknir fræðimanna og reynsla sem gera verður grein fyrir. Í samræmi við tilgang

verkefnisins er stefnt að því að afla nýrra upplýsinga sem vonast er til að veiti ríkari skilning á viðfangsefninu. Jafnframt er áformað að veita nánari innsýn á viðfangsefni og áskoranir með hliðsjón af reynslu þeirra sem unnið hafa að verkefnum tengdum sáttamiðlun. Þannig er þess vænst að unnt sé að draga lærdóm af reynslu samfélags sem lengra er á veg komið og nýtir sáttamiðlun með þróaðri hætti en þekking og reynsla stendur til á Íslandi.

Gagnaöflun byggði að meginstefnu á almennri heimildavinnu, skoðun laga og aðgengilegra upplýsinga um sáttamiðlun. Hins vegar þótti ljóst að ef takast ætti að afla upplýsinga um framkvæmd og reynslu af vaxandi beitingu sáttamiðlunar væri slík rannsóknaraðferð ekki fullnægjandi enda er sáttamiðlun aðeins að litlu leyti lýst í lögum og dómaframkvæmd. Fræðiskrif veita auk þess takmarkaða leiðsögn að þessu leyti. Því var einnig beitt þekktri félagsvísindalegri rannsóknaraðferð sem byggir á viðtölum við úrtak viðmælenda með eiginlegri aðferð<sup>4</sup>. Sú aðferð er talin eiga vel við þegar rannsókn beinist að nýlegu viðfangsefni þar sem þörf er á fljótandi nálgun við gagnaöflun þar sem ný sjónarmið kunna að koma fram, svo sem þegar mannleg reynsla á í hlut.<sup>5</sup> Viðtölin fóru fram árið 2018. Markmiðið var að afla upplýsinga um reynslu sérfræðinga af sáttamiðlun. Jafnframt að fá fram upplýsingar um stöðu sáttamiðlunar í Skotlandi og skýringar á þróun og vaxandi eftirspurn. Sérstaklega var hugað að reynslu þátttakenda úr ólíkum áttum. Þá var kallað eftir afstöðu viðmælenda til gildandi framkvæmdar og æskilegrar lagaþróunar og stefnu stjórnvalda í málaflöknum. Auk þess var reynt að draga fram helstu kosti og galla þróunarinnar auk fleiri atriða sem komu upp í viðtölum. Þá voru lögmannsstofur, sáttamiðlunarfyrirtæki og stofnanir í Skotlandi sóttar heim á sama tímabili en úrvinnsla þeirra gagna fór fram að mestu fram vor og sumar 2018.

<sup>2</sup> Gagnaöflun fór að mestu fram í ársleyfi höfundar frá störfum sýslumanns sem varið var til dvalar í Skotlandi á árunum 2017 til 2018. Starfsmenntunarsjóður embættismanna veitti styrk til verkefnisins.

<sup>3</sup> N. Alexander, S. Walsh, & M. Svatos, EU Mediation Law Handbook. Kluwer Law International B. V. Sjá einnig Irvine, C. (4. apríl 2012). Mediation: business as usual. *The Journal of the Law Society of Scotland*.

<sup>4</sup> Markmið eiginlegrar rannsóknaraðferðar, sem telst vera fyrirbærafraðileg aðferð, er að öðlast dýpri skilning á rannsóknarefninu með öflun upplýsinga um reynslu viðmælenda, upplifun, viðhorf o.fl. Hart, C. (2005), *Doing your Masters Dissertation*, bls. 355-357

<sup>5</sup> Creswell, J.W. (2003), Research design: Qualitative, quantitative and mixed methods approaches.

Til grundvallar framangreindri nálgun liggur meðal annars sú skoðun helsta fræðimanns Skota á sviði sáttamiðlunar, Charlie Irvine prófessors við University of Strathclyde í Glasgow, að þrátt fyrir vaxandi iðkun sáttamiðlunar í skosku samfélagi eigi hún sér takmarkaða stoð í lögum. Ástæðuna er meðal annars að rekja til þeirra einkenna fordæmisréttar (Common Law) að gildandi rétti er síður lýst í settum lögum þegar skýr dómaframkvæmd liggur fyrir. Jafnframt hefur hann bent á að þrátt fyrir að sáttamiðlun hafi að nokkru leyti öðlast fötfestu á einkamarkaði standi sú tregða sem einkennir löggjafann þarlendis í vegi fyrir almennri lagasetningu um sáttamiðlun þó finna megi ýmis dæmi í sérlögum.<sup>6</sup> Birtingarmynd þessa er talin sú að færri leita réttar síns þótt þeir telji sig órétti beitta. Því hefur með stuðningi skosku heimastjórnarinnar verið ráðist í endurskoðun réttarfarsreglna með það að markmiði að beiting sáttamiðlunar verði ríkari þáttur í réttarkerfinu.<sup>7</sup>

Tekin voru viðtöl við sex viðmælendur (sjá Viðtalsspurningar 3 og 4) sem hvert um sig tók á bilinu 45 til 75 mínútur og var viðmælendum jafnframt gefinn kostur á frjálstri frásögn samhliða. Um var að ræða svokallað tilgangsrúttak<sup>8</sup> þar sem gætt var að hlutverki og stöðu viðmælenda og þannig reynt að kalla fram upplýsingar um almenna og sértækra reynslu frá ólíkum sjónarhornum.<sup>9</sup> Tekin voru viðtöl við tvo héraðsdómara (e. *sheriff principals*), tvo lögmenn (e. *solicitor advocates*) og tvo sáttamiðlara (e. *mediators*) og þannig reynt að stuðla að nauðsynlegri breidd. Starfsvettvangur þeirra allra er í Skotlandi en þekking þeirra á viðfangsefninu í öðrum hlutum Bretlands reyndist mismikil. Öllum viðmælendum var heitið nafnleynd að ósk þeirra.

## 2.1 GILDI

Ólík sjónarmið og ágreiningur er hluti mannlegs samfélags. Viðfangsefni lögfræðinnar er að gera grein fyrir gildandi réttarreglum á hverjum tíma. Aðrar fræðigreinar líta á ágreining og úrvinnslu hans frá öðru og víðara sjónarhorni. Dæmi um það er úrlausn ágreiningsmála en forsendur þess fræðilega viðfangsefnis liggja einnig til grundvallar þessum skrifum.

Að takast á við ágreining með það að markmiði að leysa hann með sátt er verðugt viðfangsefni í sjálfu sér. Því kunna að fylgja ýmis áhrif. Almennt er gert ráð fyrir því að samkomulag aðila sem ekki brýtur í bága við lög eða réttindi þriðja manns teljist gildandi réttur í lögskiptum þeirra. Jafnframt að leiðir til satta eða samkomulags kunni að vera margþættar, með eða án aðstoðar af lögfræðilegum toga. Þegar af þessum ástæðum hefur úrlausn ágreinings á slíkum forsendum sjálfstætt gildi. Þá liggur fyrir að réttarbætur fela í sér umbætur á rétti eða réttindum.

Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um reynslu og ávinning af beitingu sáttamiðlunar á Íslandi. Það vekur athygli í ljósi þess hve sættir og sáttagjörðir eru ríkur í þáttur í arfleidd íslenskrar þjóðar sem tekist hefur á við illdeilur og átök í ótal myndum allt frá landnámi. Vonast er til að upplýsingar um fyrirkomulag, framkvæmd og reynslu erlendis kunni að reynast stjórnvöldum hvatning við endurskoðun opinberrar stefnu á þessu sviði. Fyrir liggur að sáttamiðlun vex fiskur um hrygg víða um heim.<sup>10</sup>

## 2.2 TILGANGUR, UMFANG OG AFMÖRKUN

Til grundvallar liggur sú megin spurning hvaða tilgangi aukin áhersla á sáttamiðlun þjónar og hverju henni er ætlað að skila. Við almenna skoðun á fræðiskrifum um sáttamiðlun virðist ljóst að ekki er lengur deilt

<sup>6</sup> Irvine, C. (2017). Scotland. Í N. Alexander, S. Walsh, & M. Svatos, EU Mediation Law Handbook, bls. 659 og 668-672.

<sup>7</sup> Report from the Expert Group on Mediation in Civil Justice in Scotland. (júní 2019). *Bringing Mediation into the Mainstream in Civil Justice in Scotland*, bls. 8.

<sup>8</sup> Palinkas, L.A. (2015) Purposeful sampling for qualitative data collection and analysis in mixed method implementation research.

<sup>9</sup> Yin, R. K. (2009). Case study research : design and methods.

<sup>10</sup> McLlwraith, M. (2017). Í N. Alexander, S. Walsh, & M. Svatos, EU Mediation Law Handbook, bls. xlix-li.

um tilvist aðferðarinnar og árangur. Auk rannsókna og fræðilegra athugana liggur nú fyrir reynsla sem safnast hefur upp á liðnum árum og áratugum þar sem margvísleg áhrif hafa verið metin og mæld. Því til staðfestingar fer hlutur sáttamiðlunar vaxandi í kjarnastarfsemi réttarkerfis og stjórnáslu víða um heim.<sup>11</sup> Þrátt fyrir þetta virðast viðhorf á lögfræðilegum vettvangi lengi hafa einkennst af nokkurri tregðu í Skotlandi.

Einn helsti frumkvöðull og hugsuður á sviði sáttamiðlunar í Skotlandi, lögfræðingurinn og sáttamiðlarinn John Sturrock, hefur bent á að hvort sem lítið er til fræðilegra rannsókna eða reynslu málsaðila sé ljóst að margir sem standa frammi fyrir óleystum ágreiningi hafi aðrar væntingar um fullnægjandi lausn ágreiningsmála en þær sem dómskerfið býður upp á. Í dæmaskyni nefnir hann ágreining eða aðstæður sem varða ólokin eða miður unnin verk þar sem aðili á sér þá einu ósk að lokið sé við, að afsökunarbeiðni eða viðurkenning á mistökum án tillits til lagalegrar ábyrgðar komi fram, að ástæða fyrir vanlíðan og þjáningum sé viðurkennd, að betri þjónusta sé veitt, að fram komi skýringar á ástæðum atburðar, að persónuleg ellegar viðskiptaleg sambönd séu endurnýjuð, að gengið sé úr skugga um að atvik endurtaki sig ekki og svo framvegis. Sturrock undirstrikar að öfugt við hefðbundna meðferð ágreiningsmála fyrir dómi gefi sáttamiðlun kost á því að vinna með óskir sem þessar og koma þannig til móts við raunverulegan vilja aðila.<sup>12</sup>

Skrif þessi hafa áþekkt markmið, að draga lærdóm af reynslu þjóðar sem á grundvelli alþjóðlegrar þróunar lagar nú sáttamiðlun hægt en örugglega að sérkennum sínum, með hæfilegri skírskotun til reynslu Englendinga, Walesverja og Íra sem tekið hafa sáttamiðlun upp á arma sína með afgerandi hætti. Birtist það í löggjöf jafnt sem dómsmeðferð en ekki síst utan réttar.

Nánar tiltekið liggja tvær rannsóknarspurningar til grundvallar þessum skrifum. Annars vegar sú spurning hvað sáttamiðlun er og hvernig hún hefur verið innleidd í skoskri

stjórnáslu og réttarkerfi. Hins vegar hver reynsla Skota af sáttamiðlun er, með tilliti til frumkvæðis hins opinbera og fyrirliggjandi framkvæmdar.

Á framangreindum grunni verður í 3. kafla fjallað almennt um sáttamiðlun og helstu hvata þess að sáttamiðlun er beitt. Einnig verður varpað ljósi á alþjóðlega þróun og til samanburðar verður í 4. kafla fjallað um sáttamiðlun í norrænum rétti. Sérstaklega er gerð grein fyrir stöðu sáttamiðlunar í Skotlandi, réttarheimildir og framkvæmd í 5. kafla, en auk þess fjallað um réttarstöðu og starfsumhverfi sáttamiðlara, sattaferlið og þau réttarsvið þar sem sáttamiðlun hefur hlutverki að gegna. Þá verður í 6. kafla sérstaklega gerð grein fyrir reynslu Skota af innleiðingu sáttamiðlunar á grundvelli þeirra upplýsinga sem aflað var og fyrir liggja. Jafnframt er nálgun hins opinbera, áherslum löggjafans og framkvæmdarvaldsins lýst, en auk þess er fjallað sérstaklega um tækifæri og ógnir, lausnir og þróunarkosti þarlendis. Þannig er þess vænst að unnt verði að upplýsa um aðferðir og árangur jafnt sem kosti og galla þeirra leiða sem þróast hafa. Samhliða verður varpað ljósi á reynslu og viðhorf viðmælenda til sáttamiðlunar auk annarra sem rætt var við vegna heimsókna höfundar til valdra fyrirtækja og stofnana.

### 3. SÁTTAMIÐLUN

Sáttamiðlun telst hvorki vera hefðbundin lögfræðileg fræðigrein né aðferð. Hins vegar er sáttamiðlun aðferð sem nýtist til úrlausnar á lögfræðilegum ágreiningi í ólíkum myndum.

#### 3.1 SKILGREINING

Valkvæð sáttameðferð (e. *alternative dispute resolution*, hér eftir ADR), er fræðilegt safnhugtak sem nær yfir ólíkar aðferðir til lausnar ágreiningi án þess að hefðbundin stjórnvalds- eða dómsmeðferð eigi sér stað.<sup>13</sup> Þannig spannar hugtakið margvíslegar aðferðir á borð við gerðardóm, sáttamiðlun, réttarsáttir, satta- og sérfræðimeðferð og að

<sup>11</sup> N. Alexander, S. Walsh, & M. Svatos, EU Mediation Law Handbook.

<sup>12</sup> Sturrock, J. (2015). Making better use of mediation. Justice Matters: Essays on Improving Scotland's Justice System.

<sup>13</sup> Martin, E. A. (Ritstj.). (2002). *A Dictionary of Law*. Oxford New York: Oxford University Press, bls. 24.



vissu marki samningaviðræður. Því nær hugtakið til ólíkra aðferða sem beitt er utan réttar en einnig að takmörkuðu leyti fyrir dómi. Sáttamiðlun telst ein þessara aðferða.<sup>14</sup>

Nálgun, skipulag, útfærsla og aðferðir á þessu sviði hafa þróast með margvíslegum hætti á liðnum áratugum að teknu tilliti til þátta á borð við markmið, fjármögnun, hagsmunir, skipulag, tæknistig, tegundir sátta eða skuldbindingargildi. Hafa fræðimenn lýst því svo að í sáttameðferð (ADR) felist safn aðferða, tækja og tóla sem hvert um sig bera ólík einkenni. Með upplýstu vali sé unnt að laga þau að aðstæðum hverju sinni.<sup>15</sup>

Á alþjóðavettvangi hafa tengd hugtök á borð við vinsamlega íhlutun (e. *good offices* og *friendly interference*) skapað sér sess. Þar er þó einkum vísað til friðsamlegra sáttaumleitana í milliríkjadeilum með aðkomu utan- aðkomandi milligöngumanns, sáttamanns, þar sem markmiðið er að stuðla að sáttavilja milli þjóða án beinnar íhlutunar.<sup>16</sup>

Ýmis hugtök hafa komið fram sem lýsa hinum ólíku aðferðum samkvæmt framansögðu. Er þeim víða lýst í fræðiskrifum en einnig á vettvangi skosku heimastjórnarinnar. Dæmi um þetta er lýsing á hlutverki sáttasemjara (e. *conciliation*) sem vísar til aðstoðar og tillögugerðar þriðja aðila án frekari skuldbindinga. Einnig úrlausnir sem njóta réttarverndar fyrir tilstilli dómstóla eða annarra úrskurðaraðila (e. *adjudication*). Málsmeðferð umboðsmanna á opinberum vettvangi ber sjálfstæð einkenni og sama gildir um málsmeðferð umboðsmanna á einkamarkaði. Gerðardómsmeðferð er einnig alþekkt dæmi með sjálfstæð einkenni. Þá er sáttamiðlun ein þeirra aðferða sem sérstaklega er lýst af hálfu skoskra stjórnvalda sem sveigjanlegri aðferð til lausnar ágreiningi.<sup>17</sup>

Fjölmargar skilgreiningar á sáttamiðlunarhugtakinu hafa verið settar fram. Ýmist eru skilgreiningarnar skýrar og einfaldar eða nákvæmari og flóknari. Þannig hefur sáttamiðlun verið lýst á þann veg að átt sé við að óháður sáttamaður aðstoði aðila með samþykki þeirra við að leysa ágreining ellegar ná fram samkomulagi.<sup>18</sup> Einnig að sáttamiðlun sé viðeigandi þegar aðilum auðnast ekki semja um ágreining sinn eða erfið samskipti standa því í vegi að árangur náist. Sama eigi við þegar hætta er á að frekari samningaviðræður kunni að hafa neikvæð áhrif í för með sér.<sup>19</sup>

Sáttamiðlun hefur enn fremur verið lýst sem óformlegu og sveigjanlegu ferli þar sem hlutverk sáttamiðlara er að leiðbeina aðilum í átt til lausnar. Aðferðin felist jafnt í sameiginlegum fundum ágreiningsaðila og aðskildum þar sem sáttamiðlari aðstoðar aðila við að skilgreina viðfangsefnið, að skilja afstöðu gagnaðila og að laga sig að lausn í málinu.<sup>20</sup>

Samtök löglærðra sáttamiðlara í Skotlandi, CALM, kjósa að skilgreina sáttamiðlun með rúmum hætti og vísa til þess að um sé að ræða valkvæða aðferð til lausnar ágreiningi. Líta beri á sáttamiðlun sem þá aðferð sem telst viðeigandi hverju sinni. Því er sú ályktun dregin að sáttamiðlun eigi fullt erindi þó mál séu komin fyrir dóm.<sup>21</sup> Víðar hefur verið varað við of þröngri skilgreiningu hugtaksins enda sé það einfaldlega ástæðulaust. Þannig hefur John Sturrock bent á að möguleikar sáttamiðlunar felist í þeim sveigjanleika og aðlögunarhæfni sem aðferðin býður upp á. Deiluaðilar fái aðstoð við að meta raunverulegar ástæður ágreinings og leita skapandi lausna án hindrana á borð við lögfræðileg fótakefli og fyrirfram mótaðar hugmyndir um rétt og skyldu.<sup>22</sup>

<sup>14</sup> Irvine, C. (2017). Scotland. Í N. Alexander, S. Walsh, & M. Svatos, *EU Mediation Law Handbook*, bls. 667

<sup>15</sup> Gill, C. W. (2014). *Models of Alternative Dispute Resolution - A report for the Legal Ombudsman*. Edinburgh: Queen Margaret University, bls. 4 og 91-97.

<sup>16</sup> Encyclopedia. (27. október 2017). Legal Dictionary og

Martin, E. A. (Rítstj.). (2002). *A Dictionary of Law*. Oxford New York: Oxford University Press, bls. 311.

<sup>17</sup> Scottish Government. (2014). Making Justice Work - Enabling Access to Justice Project - Overview report of Alternative Resolution in Scotland, bls. 1-4.

<sup>18</sup> Martin, E. A. (Rítstj.). (2002). *A Dictionary of Law*. Oxford New York: Oxford University Press.

<sup>19</sup> Sturrock, J. (2015). Making better use of mediation. Justice Matters: Essays on Improving Scotland's Justice System.

<sup>20</sup> Financial Industry Regulatory Authority. (án dags.). Mediation Process.

<sup>21</sup> CALM Scotland. (án dags.). CALM Scotland Mediation.

<sup>22</sup> Sturrock, J. (2015). Making better use of mediation. Justice Matters: Essays on Improving Scotland's Justice System.

Þá má nefna nýlegt dæmi úr írskri löggjöf um sáttamiðlun sem tók gildi þann 1. janúar 2018 þar sem gengið er út frá því að með sáttamiðlun sé átt við trúnaðarbundið, aðgengilegt og valkvætt ferli þar sem aðilum ágreinings gefst með aðstoð sáttamiðlara tækifæri til ná fram sátt til lausnar á fyrirbyggjandi ágreiningsefnum.<sup>23</sup>

Af ofangreindu er ljóst að almennt er gengið út frá því skilyrði að sáttamiðlun eigi sér stað á grundvelli samþykkis aðila. Það kemur ekki í veg fyrir að skyldubundin sáttameðferð teljist viðeigandi við réttar kringumstæður enda ýmis dæmi um það. Úr skoskri framkvæmd hefur verið vísað til skyldu ágreiningsaðila til að leita sátta fyrir skoskum vinnuréttardómstól og hefur það skilað eftirtektarverðum árangri. Þrátt fyrir það hefur sú ályktun verið dregin að þó jákvæð áhrif á vissum sviðum kunni að vera fyrir hendi verði ekki litið framhjá mögulegum neikvæðum áhrifum á öðrum sviðum. Nægir í þessu sambandi að vísa til áratuga langrar framkvæmdar víða um heim um skyldubundna sáttameðferð í málefnum barna sem ekki væri viðeigandi í frjálsum viðskiptum. Er þá ónefnd sú grundvallarröksemd sem fólgin er í trausti á réttarríkið og dómstólana, enda sé þess gætt að réttindi einstaklinga og frelsi séu ekki virt að vettugi. Að öllu gættu sýnist því óvarlegt að ganga út frá öðru hugtaksskilyrði en því að um valkvætt úrræði sé að ræða, enda sé ekki kveðið á um annað í lögum, samningum eða með öðrum bindandi hætti.<sup>24</sup>

Flestar skilgreiningar eiga því sameiginleg almenn hugtaksskilyrði um raunverulegan ágreining og samþykki aðila auk þátttöku hlutlauss sáttamiðlara í upplýstu en trúnaðarbundnu ferli. Sátt, félag um sáttamiðlun hefur sett fram svohljóðandi skilgreiningu: „Sáttamiðlun er aðferð til lausnar ágreiningi, sem aðilar taka sjálfviljugir þátt í, tveir eða fleiri, í trúnaði, og með hjálp óháðs og hlutlauss sáttamiðlara komast sjálfir að samkomulagi um lausn ágreiningsins, sem

þeir meta viðunandi fyrir báða aðila, gegnum skipulagt og mótað ferli.“<sup>25</sup> Þannig er út frá því gengið að sáttamiðlun teljist aðgengilegur kostur jafnt utan réttar sem og fyrir milligöngu dómstóla, að uppfylltum skilyrðum sem samningar eða lagaumhverfi setja hverju sinni. Hitt er jafn ljóst að ólíkar aðstæður eða viðfangsefni kunna að kalla á mismunandi aðferðir þegar að sáttatilraunum kemur. Óhætt er að nefna í dæmaskyni viðskiptatengda sáttamiðlun sem fram fer undir ríkum áhrifum markaðsdrifinna samningaumleitana í samanburði við sáttamiðlun á sviði fjölskyldu- og barnaréttar.

Stundum er því haldið fram að sáttamiðlun sé veikburða aðferð sem vart geti átt við þegar alvarleg ágreiningsmál, miklir hagsmunir og lögfræðileg viðfangsefni eru annars vegar. Því til varnar hefur verið bent á að slíkar ályktanir byggji á misskilningi, jafnt á eðli sáttamiðlunar sem tilgangi. Þó gagnkvæm virðing sé nauðsynleg við sáttamiðlun sýnir reynslan að þátttaka reynist flestum umtalsverð áskorun enda er þar tekist á um og unnið með erfið álitæfni með aðstoð sérfræðings. Slíkt ferli teljist því seint vera bitlaust.<sup>26</sup> Því þarf ekki að koma á óvart þó nýlegar bandarískar rannsóknir á sáttamiðlun bendi ekki aðeins til almennari ánægju þátttakenda heldur einnig vaxandi trausti á réttarkerfinu þar sem sáttamiðlun er nýtt. Sá umframávinningur sem talið er líklegt að skýri framangreint er það séreinkenni sáttamiðlunar að hún gefur aukið færi á að leysa úr ágreiningsefnum á milli aðila að fullu. Þannig fylgi sáttamiðlun það sérstæða tækifæri að endurvinnna gagnkvæmt traust til framtíðar litið.<sup>27</sup>

Þrátt fyrir mögulegan ávinning af sáttamiðlun er mikilvægt að undirstrika að ekki er ástæða til að skoða sáttamiðlun sem ógn við gildandi réttarreglur eða dómskerfi, hvað þá hagsmuni aðila. Eðlilegt er að gerðar séu kröfur um að gætt sé að samkvæmni og fyrirsjáanleika auk meginreglna laga við sáttamiðlun. Sú staðreynd að sátt er á forræði

<sup>23</sup> Irish Parliament. (1. janúar 2018). Mediation Act 2017 (Ireland).

<sup>24</sup> Justice Committee. (6. febrúar 2018). *Alternative dispute resolution*. Scottish Parliament TV.

<sup>25</sup> Sátt, félag um sáttamiðlun. (án dags.). Sótt frá [www.satt.is/sattamidlun](http://www.satt.is/sattamidlun)

<sup>26</sup> Sturrock, J. (2015). Making better use of mediation. Justice Matters: Essays on Improving Scotland's Justice System.

<sup>27</sup> Eisenberg, D. (2016). What we know (and need to know) about court-annexed dispute resolution. South Carolina Law Review, 1-18.

aðila gerir enda þær kröfur til sáttamiðlara að samþykki aðila sé haft að leiðarljósi í ferlinu. Prófessor Charlie Irwine bendir á að þessi aðstaða feli í sér eins konar tryggingu fyrir gæðum málsmeðferðarinnar. Einnig að framlag sáttamiðlara til málsins kunni að reynast verðmætt. Nefnir hann í dæmaskyni leiðbeiningar sáttamiðlara um samanburð við aðra valkosti en sættir, til dæmis vegna þeirrar áhættu sem almennt fylgir óvissu um niðurstöður dómstóla. Jafnframt bendir hann á að þegar öllu er á botninn hvolft sé sáttamiðlari ef til vill eini aðilinn í réttarkerfinu sem þekkir frá fyrstu hendi helstu veikleika beggja aðila. Því sé hann í sérstakri aðstöðu til að leiða fram hámarkandi niðurstöðu í formi sáttar með tilliti til hagsmuna beggja aðila. Því sé sáttamiðlun sérstaklega vel til þess fallin að hafa jákvæð áhrif á aðila um leið og réttaróvissu er eytt. Þá bendir hann á að auk þess kunni sáttameðferðin sem slík að skerpa og aðlaga ágreiningsefni hverju sinni og þar með auka möguleika til sáttar.<sup>28</sup>

Kemur þetta heim og saman við þá ábendingu fræðimannsins Nadja Alexander að reynsla af lögleiðingu sáttamiðlunar víða um heim á liðnum áratugum hafi þegar sýnt að sáttamiðlun hefur alla burði til að hafa veruleg jákvæð áhrif, ýmist fyrir málsaðila eða réttarkerfi í heild sinni. Af því dregur hún þá ályktun að þróun lagakerfa heimsins muni stuðla að ríkari beitingu sáttamiðlunar, ekki síst fyrir tilstilli alheimsvæðingarinnar, alþjóðlegs regluverks og vaxandi krafna um sveigjanlegar og markvissar lausnir. Eisenberg er sama sinnis og telur framangreint fara saman við þá kröfu viðskiptaaðila að ef málflutningi og dómsálagningu er á annað borð ætlað að vera þrautalending réttarkerfa heimsins þá sé nauðsynlegt að sjá til þess að svo sé. Með öðrum orðum, að undangenginni sáttamiðlun.<sup>29</sup>

Kemur framangreint heim og saman við þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar í nýrri skýrslu um endurskoðun gjafsóknarmálefna í Skotlandi. Gengið er út frá því að jafnvel þótt erlend stefnumótun verði ekki lögð til grundvallar sé óhætt að draga lærdóm af slíkri reynslu. Miðað er við að sáttamiðlun sé almennt til þess fallin að hafa jákvæð áhrif á þátttakendur, en upplifun meirihluta þeirra telst jákvæð og aðferðin er talin sanngjörn hvað sem niðurstöðu líður. Í annan stað sýni rannsóknir að sáttamiðlun er árangursríkari en málsmeðferð fyrir dómi. Í þriðja lagi spari sáttamiðlun umtalsverða fyrirhöfn og kostnað í réttarkerfinu. Þess utan séu sáttamiðlun sem og ýmsar aðrar leiðir til lausnar ágreinings, til dæmis gerðardómsmeðferð, hraðvirkari og fjárhagslega hagkvæmari í samanburði við dómsmeðferð.<sup>30</sup>

Alþjóðlegur samanburður af reynslu af innleiðingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) um sáttamiðlun nr. 2008/52 sýnir svo ekki verður um villst að áhrif sáttamiðlunar til styttingar á málsmeðferðartíma og lækkunar á kostnaði eru veruleg í samanburði við hefðbundna dómsmeðferð. Þannig hafa rannsóknir sýnt að þegar borinn er saman málsmeðferðartími í fjórum Evrópulöndum, Stóra-Bretlandi, Frakklandi, Ítalíu og Lúxemborg, að meðaltími sáttamiðlunar er að jafnaði aðeins 10% af þeim tíma sem dómsmeðferð tekur. Einnig að kostnaður við sáttamiðlun nemur að jafnaði einungis um 20% meðaltalskostnaði við rekstur dómsmáls.<sup>31</sup>

### 3.2 STEFNUMÓTUN

Þrátt fyrir umtalsverð útgjöld skosku heimastjórnarinnar vegna sáttamiðlunar, ýmsar lagabreytingar og aðlögun aðferðarinnar að fjölmörgum þáttum skosks samfélags hefur heildstæð stefna um sáttamiðlun ekki verið sett fram af hálfu

<sup>28</sup> Irvine, C. (4. apríl 2012). Mediation: business as usual. *The Journal of the Law Society of Scotland*.

<sup>29</sup> Alexander, N.M. (2006). Global Trends in Mediation, bls. 35-36. Eisenberg, D. (2016). What we know (and need to know) about court-annexed dispute resolution. *South Carolina Law Review*, 1-18.

<sup>30</sup> Evans, M. (febrúar 2018). Rethinking Legal Aid. An Independent Strategic Review, bls. 39-41.

<sup>31</sup> Moneylife. (10. september 2018). *Mediation: How to resolve issues without wasting time and money*, bls. 4-5 og

European Parliament. (2014). „Rebooting“ the mediation directive assessing the limited impact of its implementation and proposing measures to increase the number of mediations in the EU, bls. 122-128.

stjórnvalda. Á hinn bóginn gætir nýjunga á sviði sáttamiðlunar í stefnumótun og framkvæmd á afmörkuðum sviðum. Heildarendurskoðun á skosku réttarkerfi undir heitinu Making Justice Work er dæmi um það. Þar eru þrjú markmið lögð til grundvallar markmiði um aukið vægi sáttamiðlunar. Í fyrsta lagi er vísað til fjármögnunar ráðuneyta og opinberra stofnana til að innleiða sáttaleiðir og þannig bæta þjónustu og árangur hins opinbera frá sjónarhóli borgaranna. Sérstök áhersla er lögð á sáttamiðlunarþjónustu í fjölskyldumálum og fjármögnun dómsmálaráðuneytisins á sjálfseignarstofnun um sáttamiðlun, Scottish Mediation. Í annan stað er að því stefnt að ráðuneytum og stofnunum verði gert kleift að innleiða sáttamiðlun í þágu opinberra markmiða. Ýmis dæmi eru nefnd þar sem efling sáttamiðlunar er talin eiga sérstaklega við, svo sem sáttamiðlun á vegum dómstóla og þeirra stjórnvalda sem sinna opinberri lögfræðiaðstoð og gjafsóknarframkvæmd. Einnig þar sem ágreiningsmál hvers konar eru til meðferðar, svo sem neytendamál og húsnæðismál. Í þriðja lagi er lagt upp með markvissari stefnuframkvæmd stjórnvalda á grundvelli markmiða löggjafans um notkun sáttamiðlunar, svo sem vegna lögbundinnar skyldu sveitarfélaga að bjóða upp á sáttamiðlun á afmörkuðum sviðum. Að endingu byggir stefnumótunargrundvöllur ríkisins um sáttamiðlun á því að tekið skuli mið af starfsemi þeirra aðila sem bjóða upp á sáttamedferð á einkamarkaði eða af hálfu sjálfseignarstofnana.

Sáttamiðlun hefur því víða verið innleidd og fjölmörg verkefni og skipulagsbreytingar hjá hinu opinbera liðna tvo áratugi byggja á ofangreindum áherslum. Spannar það margar tegundir opinberra verkefna. Af vettvangi hálfopinberra aðila má nefna sjálfseignarstofnun í fjölskyldumálum frá árinu 1985 (e. *Family Mediation Scotland*, síðar *Relationships Scotland*). Af vettvangi dómstóla „The Edinburgh Sheriff Court Mediation Project“ frá árinu 1995 og af vettvangi sveitarfélaga leyfisveitingaefirlit frá árinu 2005. Einnig má nefna verkefni sem ætlað er

að sporna við andfélagslegri hegðun árið 2007 og svo framvegis. Því leikur ekki vafi á að af hálfu stjórnvalda er litið svo á að sáttamiðlun teljist til raunverulegra valkosta í skosku samfélagi. Jafnframt er ljóst að þörf sem eftirspurn er til staðar af hálfu einstaklinga og lögaðila sem kjósa sáttamiðlun umfram aðra kosti. Að öllu framangreindu athugðu hefur verið litið svo á að ein helsta áskorun skosks samfélags sé fólgin í markvissari aðlögun sáttamiðlunar. Þar er sérstök fjármögnun talin réttlætunleg að teknu tilliti til jákvæðra áhrifa slíkrar aðlögunar fyrir efnahag ríkisins að öðru leyti. Er þar öðru fremur horft til jákvæðra rekstrarlegra áhrifa sem talin eru líkleg innan réttarkerfisins en einnig heilbrigðis- og velferðarkerfisins. Þá eru svokallaðir jákvæðir óefnahagslegir hvatar (e. *non-economic incentives*) einnig taldir líklegir til að koma fram með aukinni áherslu á sáttamiðlun.

Greinargóðar upplýsingar eru aðgengilegar á vef skosku heimastjórnarinnar um þá valkosti sem fólki og fyrirtækjum standa til boða til úrlausnar ágreiningsefnum utan réttar. Athygli vekur að þar er sáttamiðlun efst á blaði. Sérstaklega er nú rætt um sáttamiðlun á vegum skoska þingsins, en réttarfarsnefnd hefur unnið að upplýsingaöflun um fyrirbyggjandi reynslu af sáttamiðlun og undirbúningi lagasetningar og frumvarp um sáttamiðlun er nú til meðferðar í þinginu.

### 3.3 HVATAR AÐ SÁTTAMIÐLUN

#### Almennir hvatar

Því hefur oft sinnis verið lýst að helstu hvatar að beitingu sáttamiðlunarúrreðisins byggji á þeim ávinningi sem sáttamiðlun fylgi. Margir fræðimenn hafa varpað ljósi á þetta viðfangsefni og lýst frá ólíkum sjónarhornum.<sup>32</sup> Hér skal stiklað á stóru:

*Forræði og eignarhald* aðilanna sjálfra á niðurstöðu sáttamiðlunar er grundvallaratriði. Kemur í stað hefðbundins framsals á forræði máls til lögmanna eða annarra málsvara en einnig úrskurðaraðila eða gerðardóms. Aðstoðar sérfróðra aðila við sáttamedferð

<sup>32</sup> Irvine, C. (2017). Scotland, bls. 659-695, og Sturrock, J. (2015). Making better use of mediation. *Justice Matters: Essays on Improving Scotland's Justice System*.

kann engu að síður að vera mikilvæg þó sjálfstæði aðila sé ekki raskað.

*Réttaröryggi* eykst. Þegar sátt liggur fyrir hefur áhætta vegna samskiptabresta milli aðila ekki aðeins minnkað verulega innbyrðis heldur einnig gagnvart þriðja aðila.

*Málalok* eru aðilum oft jafn mikilvæg og efni þeirra. Í mörgum tilvikum gefst kostur á skjótvirkum málalokum án þess að tíma, álagi, fjölmiðlaumfjöllun, málskostnaði, orðsporsvanda og áhættu sem fylgja kann hefðbundinni dómsmeðferð sé kostað til.

*Útgjöld* eru að jafnaði lægri. Gildir þá einu hvort horft er til lægri málskostnaðar aðila eða minni útgjalda ríkisins. Staðreyndin er sú að stærstum hluta þeirra mála sem sæta sáttamiðlun lýkur hratt og vel.

*Trúnaður*, þar sem rætt er í einrúmi við sáttamiðlara og/eða gagnaðila um þau atriði sem mestu kunna að skipta fyrir aðila en án þess að það sem fram kemur feli í sér ábyrgð af neinu tagi fyrr en samkomulagi er náð.

*Vettvangur* sáttamiðlunar gerir aðilum kleift að eiga *samskipti* þar sem erfið viðfangsefni eru ekki aðeins rædd heldur fer fram leiðbeinandi úrvinnsla fyrir milligöngu sáttamiðlara. Oft kunna að vera fyrir hendi aðstæður þar sem ekki er einungis leyst úr þeim ágreiningi sem er til staðar heldur getur sáttamiðlun endurskodað, byggt upp og styrkt samband milli aðila. Ófullnægjandi samskipti kunna enda að stuðla að því að ágreiningur skapist og nærast.

*Fjölbreyttari leiðir og lausnir* til loka ágreinings verða sjálfkrafa til við sáttamiðlun. Dómstólar og opinberir úrskurðaraðilar hafa almennt séð ekki tækifæri til að beita fjölbreyttum aðferðum sáttamiðlunar, hvað þá heimildir til að bjóða upp á valkvæðar lausnir nema annað og meira komi til. Lausnamengið er því sjálfkrafa mun stærra og sveigjanlegra. Nægir að vísa til gildandi málsmeðferðarreglna, laga og fjárheimilda. Auk þess gefst með sáttamiðlun færi til að leiða fram sátt til lengri tíma.

Sú reynsla sem liggur fyrir í Englandi hefur áhrif á umræðu og þróun í Skotlandi. Þar hafa verið borin kennsl á skýran vöxt

sáttamiðlunar og ýmissa afbrigða þar að lútandi. Á það ekki síst við á sviði viðskipta. Fræðimenn hafa bent á að þrátt fyrir þetta séu vísbendingar um að hvorki hafi orðið samsvarandi breytingar á kostnaði né erfiðleikastigi við rekstur einkamála fyrir enskum dómstólum. Þrátt fyrir það hafi ensk yfirvöld dómsmála staðfest að valkvæð sáttameðferð feli í sér eftirsóknarverðar lausnir. Því fer sú þróun vaxandi að aðilar velji slíkar leiðir umfram dómsmeðferð. Andrews (2018) lýsir því að viðbrögð enskra dómsmálayfirvalda við þessari þróun hafi verið þau að hvetja til sáttamiðlunar að teknu tilliti til þeirra neikvæðu áhrifa sem dómsmeðferð kunna að fylgja enda verði ekki litið svo á að dómara séu sáttamiðlara. Í þessu ljósi séu hin trúnaðarbundnu samskipti og vettvangur sáttamiðlunar eftirsóknarverð af hálfu ríkisins og einkaaðila.<sup>33</sup>

### **Kerfislægir hvatar**

Gjafsókn og opinber lögfræðiaðstoð sem skosk stjórnvöld bjóða almenningi í formi sáttamiðlunar fela í sér afgerandi hvata til beitingar úrræðisins, samanber það sem segir um starfsemi Scottish Legal Aid Board í 5. kafla, þar sem lýst er opinberum farvegi fyrir sáttamiðlun hliðsettum hefðbundinni gjafsóknarframkvæmd.

Jafnframt má finna fjölmörg dæmi um sáttamiðlun í Skotlandi sem einkennast af aðstæðum og viðfangsefnum hverju sinni. Segja má að sú flóra sé fjölbreyttari en ella vegna jákvæðarar afstöðu skoskra stjórnvalda sem víða má sjá má stað. Dæmi um það eru fjármögnun verulegs hluta opinberrar sáttastarfsemi, sbr. yfirlit viðauka I, verklag nefnda og sérdómstóla og ákvæði um sáttamiðlun í opinberum samningum af ýmsu tagi, svo sem verksamningum. Þó eru slík ákvæði mun algengari í enskum rétti enda byggja þau á traustari grunni umfram almennt samningafrelsi. Þá liggur fyrir að framangreind afstaða kemur nú fram með afgerandi hætti með yfirlýsingum ráðherra í heimastjórninni um skref í átt til innleiðingar sáttamiðlunar í réttarkerfinu.<sup>34</sup>

<sup>33</sup> Andrews, N. (2018). Mediation in England. Í C. Springer, The Three Paths of Justice. Ius Gentium: Comparative Perspectives on Law and Justice, bls. 36-40.

<sup>34</sup> The Herald (Taylor M.) (11. desember 2019): First steps taken towards making mediation part of civil justice.

Umfjöllun um ágreining utan réttar veitir aukið svigrúm til sátta. Þannig kann nálgun sáttamiðlara í aðdraganda eða við framkvæmd sáttamiðlunar að vera til þess fallin að skapa nýja sýn á þann ágreining sem unnið er með hverju sinni. Einfaldur samanburður sáttameðferðar við dómsmeðferð vegna óvissu um framgang, vitnisburði og mat dómara, kann til dæmis að fela í sér hvata fyrir sáttamiðlun. Slíkur hvati er þó öðru fremur fólgin í meðvituðum samskiptum þar sem reynsla, skilningur og virðing kunna að leggja grunn að framgangi máls. Aðkoma hæfs sáttamiðlara er því talin stuðla að lausn á slíkum grunni. Til marks um það má nefna rannsókn viðvíkjandi sáttamiðlun í líkamstjónamálum. Hún sýndi að um 90% aðila taldi frásögn gagnaðila á þessum forsendum hafa verulega þýðingu fyrir sáttagrundvöll í málum.<sup>35</sup>

Til samanburðar má nefna nýlegar tölur frá Írlandi sem staðfesta sambærilega þróun. Þannig var rúmlega 60% ágreiningsmála sem tekin voru til meðferðar hjá írsku Fjármálaeftirlitinu, tæplega 4000 talsins, lokið með sáttamiðlun á árinu 2017. Til grundvallar liggur heimild í lögum um stofnunina og vaxandi áhersla hennar á sáttamiðlun, innviðauppbyggingu og þróun við framkvæmd sáttafunda. Í ársskýrslu stofnunarinnar er dregin sú ályktun að með ríkari notkun sáttamiðlunar vegna eftirlits með fjármálaþjónustu skapist aukinn sveigjanleiki og tækifæri til nýrra lausna. Jafnframt taki slík meðferð að jafnaði mun skemmri tíma en hefðbundin rannsókn, málsmeðferð og ákvörðun, en 57% mála lauk innan þriggja mánaða frá því kvörtun barst.<sup>36</sup>

Talið er að yngri kynslóðir skoskra lögfræðinga og lögmanna séu líklegri til að vera móttækilegri fyrir sáttamiðlun. Fimm þeirra sex háskóla sem sinna grunnnámsmenntun í lögfræði í Skotlandi bjóða nú upp á formlegt nám í sáttamiðlun.

Jafnframt muni leiðbeinandi reglur skoska lögmannafélagsins um sáttameðferð lögmanna hafa langtímaáhrif í sömu átt.<sup>37</sup>

### Efnahagslegir hvatar

Ávinningur þess að ljúka ágreiningi með sátt á fyrri stigum er ekki aðeins talinn draga úr kostnaði heldur einnig auka möguleika til aukinnar framleiðni í opinberum rekstri og hjá einkaaðilum. Ýmsar rannsóknir varpa ljósi á þetta. Þannig hefur árlegur kostnaður breskra fyrirtækja vegna ágreiningsmála verið talinn nema yfir 30 ma. sterlingspunda (GBP). Því til viðbótar er 20% af tíma stjórnenda varið í slík mál, eða 370 milljón vinnudögum árlega.<sup>38</sup> Kostnaður skattgreiðenda vegna afleiðinga hjónaskilnaða og sambúðarslita á Bretlandseyjum árið 2016 var talinn nema 48 ma. sterlingspunda.<sup>39</sup> Enn fremur er ljóst að auk fjárhagslegs kostnaðar bætast glötuð tækifæri, minnkuð hagnaðarvon, lakari þjónusta, síðri samskipti, orðsporsáhætta og verri starfsandi á vogina. Þá er minnkandi framleiðni talin óhjákvæmileg auk neikvæðra áhrifa á þróun viðskiptalausna og rekstrarafkomu.<sup>40</sup>

Þjóðhagslegur ávinningur sáttamiðlunar verður því sífellt ljósari. Til marks um það fór fram sáttamiðlun í 10 þúsund málum á Bretlandseyjum á árinu 2016 þar sem viðskiptahagsmunir voru í húfi. Reyndist það 5% aukning milli ára og var sáttahlutfall 86%. Talið er að með því hafi sáttamiðlun sparað breskum fyrirtækjum 2,8 ma. GBP vegna málskostnaðar, stjórnunarkostnaðar, framleiðni og fleira eða um 480 ma. íslenskra króna. Þá vekur athygli að tekjur sáttamiðlara og fyrirtækja á sviði sáttamiðlunar voru um 22,6 m. GBP, eða 3,9 ma. kr. Er það talin mikil arðsemi fjárfestingar fyrir breskt hagkerfi þegar upphæðin er borin saman við sparnaðinn sem af hlýst.<sup>41</sup>

Af öllu framangreindu er ljóst að helstu hvatar að innleiðingu sáttamiðlunar byggja

Denham, A. Boyack, G. (16. January 2017). Simple Procedure - It's Complicated. The Journal of the law society of Scotland.

<sup>35</sup> Irvine, C. (4. apríl 2012). Mediation: business as usual. *The Journal of the Law Society of Scotland*.

<sup>36</sup> Financial Services Ombudsman. (2017). *Annual Review*.

<sup>37</sup> Irvine, C. (2017). Scotland. Í N. Alexander, S. Walsh, & M. Svatos, *EU Mediation Law Handbook*, bls. 678.

<sup>38</sup> Sturrock, J. (2015). Making better use of mediation. Justice Matters: Essays on Improving Scotland's Justice System.

<sup>39</sup> Relationships Foundation. (16. janúar 2018). Counting the Cost of Family Failure - 2016 Update, bls. 3-4.

<sup>40</sup> Sturrock, J. (2015). Making better use of mediation. Justice Matters: Essays on Improving Scotland's Justice System.

<sup>41</sup> The Center for Effective Dispute Resolution. (11. maí 2016). *Mediation Market grows by 5%: The 2016 Mediation Audit*.

ekki aðeins á reynslu, upplifun og árangri fyrir einstaklinga og fyrirtæki heldur einnig á þeim tækifærum sem sáttamiðlun felur í sér fyrir bættan efnahag. Er þá ónefndur þroskaðri ágreiningskúltúr og bætt aðgengi að réttarríkinu.

### 3.4 ALÞJÓÐLEG ÞRÓUN

Sáttamiðlun hefur snertifleti við aðrar þekktar leiðir til lausnar ágreiningi, sem hver um sig hefur sjálfstæð einkenni og kosti og galla að teknu tilliti til eðlis ágreinings og aðstæðna hverju sinni. Gildir það um dómsmeðferð, gerðardómsmeðferð, úrskurðaf framkvæmd, málsmeðferð umboðsmanna, sérfræðiákvörðun, mat, málsmeðferð sáttasemjara og hreinar samningaviðræður.

Ein helsta röksemd við stefnumótun vegna innleiðingar sáttamiðlunar erlendis byggir á því viðhorfi fræðimanna að sáttamiðlun bjóði upp á farveg fyrir margskonar ágreining og búi jafnframt yfir fjölmörgum kostum umfram aðrar leiðir. Á það ekki síst við um ágreiningsmál sem af ýmsum ástæðum er erfitt að finna viðeigandi vettvang í flóknari heimi. Því er litið svo á að sáttamiðlun hljóti sjálfkrafa að vera einn þeirra valkosta sem huga beri sérstaklega að.<sup>42</sup>

Af þessari ástæðu hafa fjölmörg ríki stigið afgerandi skref í þá átt að innleiða sáttamiðlun í réttarfarslöggjöf og víðar. Í Austurríki tóku lagareglur um sáttamiðlun í fjölskyldumálum gildi árið 1999 og fimm árum síðar var sáttamiðlun í einkamálum lögfest, en hún var hin fyrsta sinnar tegundar í Evrópu. Í Þýskalandi tóku lög sem fela í sér innleiðingu sáttamiðlunar gildi árið 2008.<sup>43</sup> Þá státa lönd á borð við Belgíu, Holland, Búlgaríu, Króatíu, Slóveníu, Sameinuðu arabísku furstadæmin og Hong Kong, svo fáein dæmi séu nefnd, einnig af skýrt mótuðu sáttamiðlunarkerfi á grundvelli dómaframkvæmdar.<sup>44</sup> Ástralir hafa

um langan aldur gengið að sáttamiðlun sem eðlilegum og skyldubundnum hluta réttarfars og stjórnáhrif framkvæmdar. Að ógleymsdu Kanada en þar er 90% allra dómsmála undir 4 m.kr. stefnukröfum beint í sáttameðferð. Þar er sáttahlutfall 70% og er nú svo komið að sáttamiðlun telst vera almennt viðurkennd forgangsléið við úrlausn ágreinings þó vissulega hafi dómstólar grundvallarhlutverki að gegna. Jafnframt má nefna almennar reglur um skyldubundna sáttafundi, fjarfundabínginghöld og einfaldari málsmeðferð fyrir dómi í sáttaskyni. Í vissum fylkjum Kanada gilda auk þess sérstakar málsmeðferðarreglur þar sem málsaðila er heimilað að stofna til sáttamáls með útgáfu sáttáskorunar. Að því búnu hefst málsmeðferð með tilnefningu hlutlauss sáttamiðlara til undirbúnings sáttameðferðar. Hafni gagnaðili þátttöku er heimilt að óska ákvörðunar opinbers yfirvalds um sekt. Sérfræðingahópur á vegum breska þingsins á sviði einkaréttar og einkamálaréttarfars (e. *Civil Justice Council*) vekur sérstaka athygli á þessu fyrirkomulagi enda telur hópurinn ljóst að tilvist slíkrar heimildar hafi beinlínis stuðlað að verulegri fjölgun utanréttarsátta í Kanada.<sup>45</sup>

Er þá ógetið meira en hálfir aldar hefðar fyrir sáttamiðlun í Bandaríkjunum. Þar er mikil áhersla lögð eflingu þeirra innviða réttarkerfisins sem ætlað er að stuðla að sáttaumleitun áður en málum er vísað til dóms. Samhliða er stefnt að því að auka svigrúm dómstóla til að einbeita sér að þeim málum sem einungis verður leyst úr með dómi.<sup>46</sup> Réttarþróun af þessum meiddi hefur einnig átt sér stað á Norðurlöndum svo sem nánari grein er gerð fyrir í 4. kafla, en þar hefur sáttamiðlun einnig verið innleidd, ýmist í formi laga, á vettvangi dómstóla og í framkvæmd utan réttar.

Til grundvallar stefnumótun stjórnvalda og réttarþróun á Bretlandseyjum, einkum í

<sup>42</sup> Menkel-Meadow, C. (19. maí 2015). *Mediation, Arbitration, and Alternative Dispute Resolution (ADR)*. University of California, bls. 5-7, og Scottish Government. (2014). *Making Justice Work - Enabling Access to Justice Project - Overview report of Alternative Resolution in Scotland*, bls. 14.

<sup>43</sup> Steffek, K. J. (2012): *Mediation: Principles and Regulation in Comparative Perspective*, bls. 253-254.

<sup>44</sup> Goodman, A. (2010): *Mediation Advocacy*, bls. 2.

<sup>45</sup> Civil Justice Council. (2017). *ADR and Civil Justice*, bls. 43, 78 og 87-95.

<sup>46</sup> Limbury, A. (22. október 2018): *Compulsory Mediation – The Australian Experience*. Sturrock, J. (2015): *Making better use of mediation. Justice Matters: Essays on Improving Scotland's Justice System*.

Englandi, liggur tímamótagreining Woolf lávarðar frá árinu 1996, *Access to Justice*. Stefnu enska dómismálaráðuneytisins um sáttamiðlun og skyldar leiðir má og rekja aftur til tíunda áratugarins þar sem meðal annars er gengið út frá því að dómsmeðferð skuli aðeins vera síðasti valkostur við úrlausn ágreinings. Árið 1998 tóku gildi breytingar á réttarfarslögum sem ætlað var að stuðla að auknu vægi sáttamiðlunar<sup>47</sup>. Þá heyrir það til sérstöðu í enskum fordæmisrétti (Common Law) að beiting sáttamiðlunar er ekki talin háð reglusetningu í sama mæli og í öðrum löndum. Því hefur frelsi til beitingar sáttamiðlunar leitt þróunina án hindrana í settum lögum. Samhliða þessu hafa aðrir valkostir verið viðurkenndir í framkvæmd svo lengi sem þeir teljast vera til þess fallnir að leiða fram lausn. Almennt virðist gengið út frá því í enskum rétti að slíkir möguleikar séu eftirsóknarverðir af ólíkum ástæðum þó ætíð beri að gæta að sjálfstæði dómstóla. Jafnframt er gengið út frá því að ríkari beiting sáttamiðlunar stuðli að skilvirkari og markvissari málsferðferð þeirra mála sem aðeins verður leyst úr fyrir dómi.<sup>48</sup>

#### 4. NORRÆNN RÉTTUR

Sáttamiðlun á sér djúpar rætur í norrænum rétti. Sættir jafnt sem sáttarof hafa markað spor í sögunni og því er fróðlegt að bera stöðu sáttamiðlunar á Norðurlöndunum stuttlega saman við skoskan rétt.

Stofnun allsherjarríkis á Íslandi er talin hafa byggst á samkomulagi höfðingja landsins um stofnun allsherjarþings í kjölfar landnáms og staðbundinna héraðsþinga og godorðsþinga. Ólafur Lárusson bendir á að nauðsyn á sameiginlegri lagasetningu og dómssvaldi hafi öðru fremur legið til grundvallar. Það hafi því verið sameiginlegir hagsmunir héraðs- höfðingja og landmanna sem öðru fremur

knúðu á um stofnun alþingis árið 930 á grundvelli samkomulags þar um.<sup>49</sup>

Eiríkur Tómasson minnir á að á þjóðveldistímanum hafi framkvæmdarvald vart fyrirfundist á Íslandi þó skýr mynd löggjafar- og dómssvalds væri fyrir hendi. Því urðu aðilar sjálfir að leita réttar síns hvort sem mál laut að refsingu eða almennum kröfum. Aðilar þeirra mála sem á annað borð rötudu fyrir dóm höfðu og fullt forræði á sakarefninu þó málsmeðferð fyrir dómi og sönnunarfærsla þess tíma hafi lotið ströngum formreglum.<sup>50</sup> Þá taldist það til skyldu goða að reyna að koma á sáttum milli þeirra sem ósáttir voru.<sup>51</sup> Sem kunnugt er voru það einkum höfðingjar, bændur og embættismenn, sýslumenn og fyrirrennarar þeirra, sem sóttu þing. Stuðst var við lögbækur hvers tíma, en Grágás, Járnsíða og Jónsbók höfðu allar að geyma ákvæði um sáttameðferð og sáttagiörðir. Því er ljóst að samfélagslegir hvatar jafnt sem lagaheimildir til sáttar hafa verið til staðar í íslenskum rétti frá upphafi og því á hefð fyrir sáttum sér djúpar rætur í íslenskri arfleið. Fær það stoð í greiningu Ólafs Lárussonar á Jónsbók og Grágás, en hann segir að þó sjá megi ýmsar efnisbreytingar ákvæða lögbókanna þá séu þær einkum gerðar í samræmingarskyni. Það eigi við um flest öll réttarfarsákvæðin,<sup>52</sup> en þar er sáttahæimildir lögbókanna einkum að finna.

Finnski fræðimaðurinn Kaijus Ervasti hefur bent á að víðast á Norðurlöndum hafi meðferð mála á miðöldum verið í höndum þjóð- eða héraðsþinga sem fjölluðu um lögfræðileg, stjórnarfarsleg og ýmis sameiginleg málefni. Þátttaka bændra, höfðingja og embættismanna hafi byggst á samningaviðræðum, málamiðlunum og samkomulagi að teknu tilliti til takmarkaðrar lagasetningar.<sup>53</sup>

Norðmaðurinn Dag Hareide telur raunar að sáttamiðlun sé jafngömul manningum og því hafi þingin sem tíðkuðust á

<sup>47</sup>Gov.uk (1998). Civil Procedure Rules.

<sup>48</sup> Bill Marsh, A. O. (2017). England and Wales. EU Mediation Law Handbook, bls. 207-208,

Christopher Hodges, M. T. (án dags.). *Civil Justice in England and Wales - beyond the courts*, bls. 17-18, og

Tan, H. (án dags.). *Alternative Dispute Resolution in Civil Justice*. King's College London, University of London. bls. 148-149

<sup>49</sup> Ólafur Lárusson, 1922. Yfirlit yfir íslenska rjettarsögu, bls 16-17.

<sup>50</sup> Eiríkur Tómasson (2001). *Líndala*. Var réttarfær á þjóðveldisöld nútímalegt? Bls. 96-102.

<sup>51</sup> Ólafur Lárusson (1922). Yfirlit yfir íslenska rjettarsögu. Bls. 74.

<sup>52</sup> Ólafur Lárusson (1923). Grágás og lögbækurnar. Bls. 67.

<sup>53</sup> Ervasti, K. (2018). Past, Present and Future of Mediation in Nordic Countries. Í *Nordic Mediation Research*, Bls. 226.



Norðurlöndum á miðöldum haft þann megingilgang umfram annað að leysa úr ágreiningi auk þess að sinna reglusetningu og dómsvaldi. Því voru sáttagjörðir sú lausn sem að jafnaði var reynt að stuðla að, gjarnan í formi bóta.<sup>54</sup> Á einveldistímanum frá 17. og fram á 19. öld, þegar lögfræðileg þekking tók að ryðja sér til rúms, skapaðist nokkur ringulreið í sátta- og dómaframkvæmd. Átti það ekki síst við á Íslandi þar sem áhrif dansks réttar urðu sýnileg, enda taldist Jónsbók ekki lengur fullnægjandi. Dr. Juris Páll Sigurðsson hefur bent á að þótt bókstafur hinnar fornu lögbókar hafi staðið óskertur þá hafi ákvæðum hennar einfaldlega ekki verið beitt til fullnustu þegar svo var komið. Því leiddu fyrirmæli Kristjáns konungs V. um lagaendurskoðun í lok 17. aldar til þess að unnið var þekkvirki með setningu Dönsku og Norsku laga þó frumvarp að íslenskri lögbók hafi ekki náð staðfestingu konungs.<sup>55</sup> Dag Hareide lýsir því svo að á Norðurlöndum hafi þessi þróun leitt til þess löggjöf og réttarfar hafi vaxið verulega að umfangi og auk þess færst yfir í skriflegan búning. Því hafi miðstýring aukist og dregið hafi úr svæðisbundinni meðferð ágreiningsmála. Bendir hann á að sú þróun hafi leitt til þess að ríkið hafi í raun tekið yfir ágreining sem áður var í höndum aðila sjálfra að leysa úr.<sup>56</sup>

Undir lok átjándu aldar tók að bera á sjónarmiðum um að sáttanefndir kynnu þrátt fyrir framgang lögfræðilegrar nálgunar við lausn ágreiningsmála og réttarfars að eiga rétt á sér sem friðsamlegur vettvangur sátta, einkum í héraði. Með slíkum nefndum væri stuðlað framförum sem leitt gætu til friðar og samlyndis í samfélaginu. Páll Sigurðsson hefur undirstrikað að auk þess að stuðla að löglega gerðum sáttum hafi tilkoma sáttanefnda verið talin fela í sér réttarbætur sem ef vel væri staðið að teldust hafa mannbætandi áhrif og til þess falin að efla þjóðarhag.<sup>57</sup>

Á nítjándu og tuttugustu öld ruddu sáttanefndir sér til rúms í Noregi og Danmörku á grundvelli tilskipana um sáttanefndir, en þær tóku gildi á Íslandi árið 1796 í Reykjavík og 1798 utan Reykjavíkur. Sameiginlegt er reglum sem settar voru um sáttanefndir samkvæmt framangreindu að sættir skyldu reyndar í öllum einkamálum áður en mál var rekið fyrir dómi nema lög mæltu fyrir um annað. Á Íslandi voru sáttanefndir skipaðar tveimur mönnum og umdæmamörk fylgdu oftast hreppa- og þingháaskiptingu. Sáttamenn skyldu vera skynsamir, ráðvandir, fullveðja og sjálfráða. Sáttir fólu í sér bindandi samning sem skyldu færðar í sáttabók og voru aðfararhæfar.<sup>58</sup>

Með gildistöku laga um meðferð einkamála nr. 85/1936 voru reglur framangreindra tilskipana leidd í íslensk réttarfarslög. Þær voru hins vegar afnumdar að mestu með lögum nr. 28/1981 en endurvaktar með lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991, samanber nánar síðar í þessum kafla. Lög og reglur um sáttanefndir voru afnumdar enn síðar í Danmörku. Þessi þróun á þó ekki við um Noreg.

## 4.1 NOREGUR

Órofa hefð er fyrir sáttamiðlun í Noregi. Af hálfu ríkisins eru nú starfræktar 22 staðbundnar sáttanefndir sem heyra undir Konflikttrádet, samanber lov om Konflikttrádsbehandling frá árinu 1991.<sup>59</sup> Á þeim vettvangi er boðið upp á sáttameðferð utan réttar með aðstoð sáttamiðlara en stjórnslög gilda um málsmeðferð sáttanefndanna. Algengustu viðfangsefnið í einkamálum snúa að nábýlisrétti, fjölskyldurétti og vinnurétti.<sup>60</sup>

Sáttanefndirnar meðhöndla um 80 þúsund mál ár hvert.<sup>61</sup> Á vettvangi sveitarfélaga eru einnig starfræktar opinberar staðbundnar sáttanefndir, Forliksråd. Almennt skilyrði

<sup>54</sup> Hareide, D. 2006: *Konfliktmægling – et nordisk perspektiv*. Bls. 209-210.

<sup>55</sup> Páll Sigurðsson, 1971: *Brot úr réttarsögu*. Bls. 169-172.

<sup>56</sup> Hareide, D. 2006: Bls. 211 og 215.

<sup>57</sup> Páll Sigurðsson, 2016: Sáttanefndir – Aflagt réttarúrræði. í *Lagaþankar*, bls. 90-91.

<sup>58</sup> Páll Sigurðsson, 2016, bls. 96-98.

<sup>59</sup> Lovdata. (23. mars 2018). *Lov om konflikttrádsbehandling*.

<sup>60</sup> Konflikttrádet. (23. mars 2018). *Konflikttrádet*.

<sup>61</sup> Ervasti, K. (2018). Past, Present and Future of Mediation in Nordic Countries. Í *Nordic Mediation Research*, bls. 227.

málshöfðunar í einkamálum er undanfarandi sáttameðferð á þeim vettvangi. Sækir sú framkvæmd nú stoð í tvisteloven sem sett voru um sáttamiðlun og réttarfar í einkamálum árið 2005 á grundvelli ólögbundinnar sáttaframkvæmdar allt frá níunda áratug aldarinnar en einnig með vísan til starfsemi Konflikt ráðet í sakamálum.<sup>62</sup> Málsmeðferð er háð framsetningu kröfugerðar og gjaldskyldu en sáttaferli og réttaráhrif ráðast af tegund máls, gagnkröfum eða þátttöku gagnaðila.<sup>63</sup>

Sáttamiðlun fyrir dómi má rekja til ársins 1998. Samhliða málsmeðferð fyrir héraðsdómi (n. *tingretten*) og Landsrétti (n. *lagmansretten*) er nú að finna sérsök ákvæði fyrrnefndra tvisteloven um skyldubundna sáttameðferð (n. *rettsmekling*) enda eigi sérstök undantekningarákvæði laganna ekki við. Dómari sinnir sáttahlutverki en auk þess er heimilt að kalla sérstaka sáttamiðlara til samstarfs eða úrvinnslu máls. Sáttahlutfall í málum sem sæta sáttamiðlun á þessu stigi er 70-80%.<sup>64</sup>

Gjafsóknarframkvæmd í Noregi tekur til sáttamiðlunar samkvæmt framangreindu, það er að segja til sáttameðferðar fyrir forliksráðet, héraðsdómi og Landsrétti, en sáttamiðlun fyrir konflikt ráðet er gjaldfrjáls. Þá er ógetið gjaldfrjálsrar sáttamiðlunar á vegum norsku neytendasamtakanna, Forbrukerráðet, sem bíður upp á sáttamiðlun ef upp koma ágallar á vöru eða þjónustu. Slík sáttatilraun er nauðsynleg áður en kærufynd neytendamála tekur mál til meðferðar.<sup>65</sup> Norska lögmannafélagið býður jafnframt upp á skipulagða sáttamiðlun af hálfu lögmannna.<sup>66</sup>

## 4.2 FINNLAND

Í Finnlandi eru einnig í gildi lög um sáttamiðlun en þau voru lögfest árið 2005. Sáttamiðlun er annars vegar á hendi dómara á

grundvelli réttarfarslaga en ákvæði téðra sérlaga um sáttamiðlun mæla einnig fyrir um sáttamiðlun utan réttar á grundvelli samþykkis aðila. Er sú flóra vaxandi í framkvæmd en finnska lögmannafélagið hefur unnið að viðgangi sáttamiðlunar frá því á tíunda áratug síðustu aldar. Hæfisskilyrði sáttamiðlara eru hvorki bundin við lögmen né lögfræðinga. Önnur og strangari skilyrði gilda um sáttamiðlun fyrir dómi en þar er gert ráð fyrir því að sáttamiðlari komi úr hópi dómara. Sáttamiðlun fyrir dómi telst því hluti opinberrar dómsýslu. Kostnaður dómstóla vegna sáttamiðlunar er greiddur af þeim sem hennar beiðist hverju sinni á grundvelli gjaldskrár, þar á meðal þann kostnað sem hlýst vegna starfa dómara við málið. Hvor málsaðili ber sinn kostnað. Sjálfseignarstofnunin Finnish Forum of Mediation sinnir þróun sáttamiðlunar í landinu.<sup>67</sup>

Þá tekur gjafsóknarframkvæmd tillit til kostnaðar vegna sáttamiðlunar á skilgreindum réttarsviðum. Sama gildir utan réttar en unnt að sækja um gjafsátt til finnska ríkisins.<sup>68</sup> Liggja ekki fyrir samkomulag er málsaðila heimilt að óska sáttamiðlunar fyrir milligöngu dómstóls eða finnsku sáttamiðlunarstofnunarinnar. Að því búnu fer fram könnun á afstöðu gagnaðila. Þá er að finna þá réttarreglu í finnsku sáttamiðlunarlögunum að málsaðilar, annar eða báðir, geta hvenær sem er óskað eftir því að fram fari sáttamiðlun undir rekstri dómsmáls enda hafi mál ekki verið dómtekið. Samþykki gagnaðila er forsenda þess að fallist sé á slíka ósk og er máli þá frestað meðan sáttamiðlun á sér stað. Sáttamiðlari kemur úr hópi annarra dómara en þess sem fer með málið. Í hlutverki sáttamiðlara hefur dómari umtalsvert frjálsar hendur við sáttastörf en ella og ekki er óalgengt að hugmyndir og tillögur að lausnum sér ræddar eða settar fram í sáttaskyni. Tekið er fram í 6. gr. laganna að

<sup>62</sup> Lovdata. (26. júní 2018). Tvisteloven.

<sup>63</sup> Regjeringen.no. (24. mars 2018). *Om forliksrådet?*, Samarbeidsutvalget for forliksråd og namsmenn (24. mars 2018) og *Forliksrådet* og Norges Domstoler. (24. mars 2018). *Retsmekling*. Lovdata. (án dags.) Lov om mekling og rettergang i sivile tvister. (Sótt 26. júní 2018).

<sup>64</sup> Norges Domstoler. (24. mars 2018). *Retsmekling*.

<sup>65</sup> Forbrukerrådet. (Sótt 24. mars 2018). *Slík klager du*.

<sup>66</sup> Advokatenhjelperdeg.no. (24. mars 2018). *Mekling ved advokat*.

<sup>67</sup> Finlands Forum för Medling: (Sótt 26. júní 2018). *Finnish Forum for Mediation*, og Hietanen-Kunwald, P. (2017). Finland, *EU Mediation Law Handbook*, bls. 267-276.

<sup>68</sup> European Justice: (Sótt 20. desember 2019). *Mediation in Member States – Finland*.

sérstök sáttatillaga sáttamiðlara skuli hvorki byggjast á lögfræðilegum grunni né hugmyndum um sanngirni. Aðeins skal horfa til þess sem sáttamiðlari metur hentugt og skynsamlegt á grundvelli þeirra upplýsinga sem fram hafa komið við sáttameðferðina að teknu tilliti til þarfa og hagsmuna málsaðila til framtíðar. Ákvæði sömu laga um sáttamiðlun utan réttar eru einföld í sniðum þar sem aðilar hafa sjálfir frumkvæði að sáttamiðlun undir stjórn viðurkennds sáttamiðlara á grundvelli samnings um sáttamiðlun eða fyrir milligöngu opinbers sáttamanns.<sup>69</sup>

Sáttamiðlun í fjölskyldumálum á sér mjög ríka hefð í Finnlandi en meira en 60 ár eru liðin frá því hún var tekin upp með formlegum hætti. Þá hvetur finnska lögmannafélagið í stefnumótun sinni til sáttamiðlunar með vísan til þeirra gæða sem unnt er að ná fram með tilliti til málshraða, trúnaðar og gæða sem fólgin er í sáttamiðlun undir stjórn reyndra sáttamanna úr lögmannastétt. Hefur lögmannafélagið allt frá árinu 1998 starfað á grundvelli sáttastefnu félagsins og haldið úti sáttamiðlunarvettvangi þar sem ágreiningsaðilum er gefinn kostur á að tilnefna sáttamiðlara úr hópi lögmannna sér til aðstoðar. Um sjálfboðastarf er að ræða. Sambærilegt fyrirkomulag var tekið upp í Noregi árið 2000 og í Danmörku árið 2003.<sup>70</sup> Finnska lögmannafélagið undirstrikar að nauðsynlegt sé að tryggja aðgang almennings að sáttamiðlun án tillits til efnahags. Utan réttar skuli sáttamiðlun beitt öðrum aðferðum fremur þegar til framtíðar sé litið.<sup>71</sup>

### 4.3 DANMÖRK

Í Danmörku gætir sáttamiðlunar að nokkru en fagið hefur verið kennt í háskólum landsins í nokkra áratugi. Þrátt fyrir það gætti

lengi vel nokkurrar tregðu hjá hinu opinbera. Þó hafa dönsk stjórnvöld boðið upp á sáttamiðlun í fjölskyldumálum án endurgjalds um nokkurra ára skeið. Frá árinu 2003 hafa dómstólar haft milligöngu um sáttamiðlun í málum sem rekin eru fyrir dómi á grundvelli ákvæða 27. kafla dönsku réttarfarslaganna.<sup>72</sup> Hefur sú framkvæmd verið í föstum skorðum.<sup>73</sup> Með lögum um Fjölskylduréttarhús (d. *familieretshus*) nr. 1702 frá 2018, sbr. lög nr. 203 frá 2019 sem tóku gildi þann 1. apríl 2019 tók ný þverfagleg opinber stjórnsýslustofnun, Fjölskylduréttarhús, sem áður nefndist Statsforvaltningen, við fjölmörgum verkefnum sem varða fjölskyldur, börn og ýmis tengd málefni. Þar er sáttamiðlun höfð í öndvegi við lausn ágreiningsmála.<sup>74</sup> Enn fremur gætir þess í vaxandi mæli að sáttamiðlun sé nýtt á vettvangi opinbers eftirlits, stjórnsýslu og úrskurðafrankvæmdar. Ágætt dæmi um það er úrskurðanefnd byggingamála, Voldgiftsnævnet, sem nýtir sáttamiðlun með markvissum hætti.<sup>75</sup>

Einkamarkaður á vettvangi sáttamiðlunar fer einnig vaxandi þar sem löglærðir sem ólöglærðir sáttamiðlarar hasla sér völl utan réttar. Sjálfseignarstofnunin Center for Konfliktløsning er dæmi um sameiginlegan vettvang sáttamiðlara, þekkingarmiðlunar og framfara á þessu sviði.<sup>76</sup> Lögmenn eiga sér einnig sameiginlegan vettvang á sambærilegum forsendum.<sup>77</sup> Svo virðist sem staða hinna síðarnefndu á markaði sé ráðandi. Þá gætir þess í auknum mæli að horft sé til sáttamiðlunar á sviði viðskipta. Þannig má nefna að tryggingaskilmálar danskra váttryggingafyrirtækja taka í mörögum tilvikum mið af útgjöldum vegna sáttamiðlunar. Nánar tiltekið gera slíkir skilmálar ráð fyrir útgjöldum vegna sáttamiðlunar sem hluta

<sup>69</sup> Hietanen-Kunwald, P. (2017). Finland, *EU Mediation Law Handbook*, bls. 279-280. Act on mediation in civil matters and confirmation of settlements in general courts (394/2011) (Sótt 26. júní 2018)

<sup>70</sup> Ervasti, K. (2018). Past, Present and Future of Mediation in Nordic Countries. Í *Nordic Mediation Research*, bls. 237.

<sup>71</sup> Finlands Advokatförbund (2017). Rule of Law Programme of the Finnish Bar Association for 2017-2026, bls. 7.

<sup>72</sup> Danske love. (26. júní 2018). *Retsplejeloven*.

<sup>73</sup> Í grein Ingibjargar Þorsteinsdóttir, Sáttamiðlun fyrir dómi, bls. 181-189 í Stefánsbók, er gerð ágæt grein fyrir breytingum á dönskum réttarfarslögum árið 2008, fyrirkomulagi sáttamiðlunar fyrir dómi og framkvæmd en einnig áhugaverðum samanburði við framgang og þróun á Íslandi.

<sup>74</sup> LOV nr. 203 af 05/03/2019 om Familieretshuset med de ændringer. Sjá einnig <https://familieretshuset.dk>

<sup>75</sup> Voldgiftsnævnet: Byggeri og Anlæg. (29. júní 2018). *Mediation ved Voldgiftsnævnet*.

<sup>76</sup> Center for Konfliktløsning. (án dags.). *Foreningen*. Sótt frá <https://konfliktloesning.dk/om-os/>

<sup>77</sup> Mediations instituttet. (25. mars 2018). *Hvad er Mediationsinstituttet?*

trygginga vegna réttaraðstoðar (dk. *retshjælp*) við lausn ágreinings<sup>78</sup> en ekki eingöngu kostnaði af málaferlum og málskostnaðartryggingum, eins og algengt er á Íslandi. Við blasir að hin dönsku váttryggingafélög sem um ræðir sjá sér hag í því að stuðla að sáttamiðlun með þessum hætti. Athygli vekur að íslensk váttryggingafélög kjósa að takmarka váttryggingaábyrgð sína við útgjöld vegna hefðbundinna málskostnaðartrygginga, en váttryggingaskilmálar taka að jafnaði einungis til málskostnaðar vegna dómsmeðferðar í einkamálum en auk þess er áskilið að aðstoðar lögmanns sé þörf.<sup>79</sup>

Danmörk sker sig hins vegar úr að því leyti að þar eru ekki í gildi lög um sáttamiðlun. Ástæðan er sú að landið eitt ríkja Evrópusambandsins innleiddi ekki áður nefnda gerð um sáttamiðlun. Því eru hvorki í gildi almenn lög né samræmdar reglur á þessu sviði. Sama gildir um hæfi sáttamiðlara og starfsskilyrði. Þó liggur fyrir að ýmsir ólíkir aðilar bjóða upp á þjálfun og starfsnáam. Bent hefur verið á að með þessu fyrirkomulagi sé stuðlað að aðstæðum þar sem ólíkar kröfur og skilyrði gilda. Ritstjórar samanburðarritsins EU Mediation Law Handbook, Nadja Alexander, Sabine Walsh og Martin Svatos, draga þá ályktun af greiningu Louise Lerche-Gredal að dönsk sáttamiðlunarframkvæmd einkennist af því að þar þróist nú tvöfalt kerfi, innbyrðis óháð, fyrir dómi og utan réttar. Það sé til þess fallið að valda ruglingi fyrir aðila jafnt sem sáttamiðlara og hætt sé við neikvæðum áhrifum vegna ósamkvæmni.<sup>80</sup> Þá verður ekki séð að opinber réttaraðstoð í Danmörku taki til sáttamiðlunar utan réttar að neinu leyti þó finna megi ýmis dæmi þess að stuðlað sé að sáttamiðlun með öðrum hætti, samanber fyrrnefnd dæmi. Þá má nefna að siðareglur danska lögmannafélagsins, sem eins og hinar skosku taka mið af siðareglum Samtaka evrópskra lögmannafélaga CCBE, gera ráð fyrir því að lögmennt skuli þegar svo stendur

á leiðbeina umbjóðanda sérstaklega um að íhuga sættir í máli eða að vísa máli í sáttamiðlun.<sup>81</sup>

#### 4.4 SVÍÞJÓÐ

Í Svíþjóð voru sett lög um sáttamiðlun í einkamálum árið 2011 og taka þau til ágreinings utan réttar sem ekki sætir meðferð af hálfu opinberra úrskurðaraðila. Þar er að finna einfaldar lagareglur um aðalatriði á borð við fresti og fullnustu sáttasamninga.<sup>82</sup>

Hinar evrópsku siðareglur um sáttamiðlara, European Code of Conduct for Mediators, njóta virðingar og vísar dómstólaráð Svíþjóðar til þeirra á heimasíðu sinni. Dómstólar hafa enda sérstaka leiðbeiningaskyldu um möguleika á sáttamiðlun sem lýst er í réttarfarslögum. Auk þess hafa dómstólar heimild til að vísa málum í sáttameðferð að undangengnu samþykki aðila. Við slíkar aðstæður tilnefnir dómari sáttamiðlara og mælir fyrir um tímamörk. Heimildin er hins vegar lítið notuð af sænskum dómurum. Bengt Lindell hefur bent á að óheppilegt orðalag lagaheimildarinnar sem um ræðir kunni að hafa takmarkað beitingu hennar, ekki síst vegna gildandi sérlaga um sáttamiðlun sem seint teljist verðlaunasmíð. Jafnframt bendir hann á að umgjörð sáttamiðlunar í Svíþjóð sé að öðru leyti takmörkuð. Gildir það um þætti á borð við gæði gildandi staðla, gagnsæi og samræmi. Sama á við um innviði á borð við kvörtunar- og kærufærlu. Þá virðist lagasetningu um sáttamiðlun ekki hafa verið fylgt eftir með markvissum hætti af stjórnvöldum. Lindell bendir meðal annars á að engar reglur sé að finna um löggildingu sáttamiðlara. Ljóst sé að áform löggjafans lúti að frjálsri aðlögun markaðarins og þróun starfsgreinar sáttamiðlara. Ráðandi aðili á sviði sáttamiðlunar í Svíþjóð er Verslunarráð, *Stockholm Chamber of commerce*.<sup>83</sup> Innleiðing sáttamiðlunar þarlendis gengur því nokkuð

<sup>78</sup> Tryg Gruppeforsikring. (Sótt 14. september 2019). *Retshjælpsforsikring Forsikringsbetingelser 2016*, bls. 4. IDA Forsikring (Sótt 14. september 2019). *Hvad er en inbosforsikring*, bls. 14. FDM (Sótt 14. september 2019). Forsikringsbetingelser nr. 17M6, bls. 14.

<sup>79</sup> Í dæmaskyni: TM (Sótt 4. febrúar 2020). Málskostnaðartrygging. VÍS (Sótt 4. febrúar 2020). Málskostnaðartrygging.

<sup>80</sup> Lerche-Gredal, L. (2017). Denmark. Í S. W. Nadja Alexander, *EU Mediation Law Handbook*, bls. 191-202.

<sup>81</sup> Advokatrådet. (2019). De advokatetiske regler.

<sup>82</sup> Sveriges Riksdag. (2011). Lag (2011:860) om medling i vissa privaträttsliga tvister.

<sup>83</sup> Lindell, B. (2017). Sweden. Í N. Alexander, S. Walsh, & M. Svatos, *EU Mediation Law Handbook*, bls. 762-770 og 773-774.

hægar og telst einsleitari en í Noregi og Danmörku. Á hinn bóginn tekur sænsk gjafsóknarframkvæmd til sáttamiðlunar og gjafsáttaleyfi eru gefin út að skilyrðum uppfylltum.<sup>84</sup>

#### 4.5 ÍSLAND

Á grundvelli ríkrar hefðar fyrir sáttamiðlun á Íslandi og innleiðingu tilskipana um hlutverk og starfsemi sáttanefnda í lok 18. aldar voru lagaákvæði um sáttir leidd í íslensk réttarfarslög með gildistöku laga um meðferð einkamála nr. 85/1936. Löggjafinn kaus að skipa lagaákvæðum í fyrsta kafla réttarfarslöggjafarinnar undir heitinu *Um sáttir* og tók til 1. gr. til 28. gr. Ólafur Jóhannesson dr. jur. segir að lögin hafi með sama hætti og í téðum tilskipunum gert ráð fyrir sáttamönnum í öllum sáttaumdæmum landsins. Sáttanefndarfundir hafi verið lokaðir og trúnaður skyldi gilda um það sem fram fór nema annað væri ákveðið, sbr. 13. gr. laganna. Sáttir á vettvangi sáttanefnda voru og lögmætur aðfarargrundvöllur, sbr. 16., 17. og 25. gr., en gert var ráð fyrir að endurrit staðfestrar sáttar skyldi afhent „gegn lögmæltum ritlaunum“.<sup>85</sup>

Nánar tiltekið var í lögnum fjallað um skipulag sáttaumdæma, fjölda reglulegra sáttamanna og varasáttamanna, sem öllum var gert að gangast undir heit um óhlutdrægni og samvirkusemi auk almennra hæfisskilyrða, sbr. 1. til 4. gr. laganna. Tekið var fram að sáttamenn skyldu ekki gegna fastri dómastöðu eða hafa atvinnu af málflutningstörfum. Í lögnum var jafnframt mælt fyrir um almenna skyldu borgaranna til að taka að sér sáttanefndarstörf, sbr. 2. mgr. 4. gr., en undanþágur voru þó gerðar um embættismenn með vísan til starfa þeirra. Sama gildi um aðra menn ef atvinna þeirra eða staða samræmdist ekki sáttanefndastörfum.

Í einkamálum var sáttaskylda en misbrestur þar á leiddi sjálfkrafa til frávísunar máls frá dómi, sbr. 1. mgr. 5. gr. laganna. Það átti þó ekki við um lögmæltar undanþágur frá sáttaskyldu eða þegar málsaðilar lýstu því yfir fyrir dómara við þingfestingu „að útilokað sé,

að sátt komist á í málinu fyrir sáttamönnum“, sbr. 15.tl. 2.mgr. 5. gr. laganna.

Sérniðnar málsmeðferðarreglur giltu um sáttameðferð sáttamanns, en mælt var fyrir um sáttabækur, lágmarksskilyrði sáttabeidna, mætingar, forföll og fyrirsvar í 7. til 11. gr. laganna og um bókanir, fresti, málflutning og efni úrskurða í 22.-24. gr. Þá var í 12. gr. að finna heimild til að sá sem ekki sinnir sáttaboði skuli bera málskostnað óháð niðurstöðu máls, en auk þess sektarheimild „fyrir brot aðila á sáttalöggjöfinni“. Aðilum var og heimilt að bera ákvarðanir og framferði sáttamanna undir héraðsdómara samkvæmt 20. gr. laganna. Úrskurðarvald sáttamanna var afmarkað við ákvörðun þóknunar vegna útivistar og samþykktar kröfur, en þess utan einungis samkvæmt ströngum viðmiðum sem lýst er í 21. gr. Ákvörðunum sáttamanna um frávísun til dómstóla var ekki heimilt að áfrýja en úrskurðum þeirra var að öðru leyti ekki áfrýjað. Þá voru aðilar bundnir við kröfur sínar og viðurkenningar fyrir dómi en nýjar varnir, gögn og gagnkröfur heimilaðar, sbr. 26. gr. laganna.

Eitt helstu nýmæla laga nr. 28/1981 um meðferð einkamála í héraði var að I. kafla laganna um sáttir var felldur niður. Þar með lauk sögu sáttanefndanna. Helsta nýmæli laganna var að sáttastörf skyldu eftirleiddis falin dómurum og nýr kafla, *Um réttarsáttir*, tók gildi. Helstu röksemdir löggjafans lutu að því að starfsemi sáttanefndanna væri orðin þýðingarlítill þegar litið væri til fjölda dómsmála. Einnig var vísað til óvissu um skilyrði þess að gengið sé framhjá sáttanefnd áður en mál er höfðað. Því væri rétt að leggja sáttanefndirnar niður.<sup>86</sup>

Þróun réttarfars og ríkari kröfur um starfshætti dómara í kjölfar aðskilnaðar dómssvalds og framkvæmdarvalds hafa áhrif á vægi þeirra röksemda sem löggjafinn lagði til grundvallar þegar starfsemi sáttanefndanna fjaraði út á síðustu öld. Samhengi nýrra tíma og breyttra krafna gera að jafnaði kröfu um endurmat. Því kalli svaraði Alþingi við endurskoðun réttarfarslöggjafarinnar árið

<sup>84</sup> Rättshjälpsmyndigheten. (26. júní 2018). *Vad är rättshjälp?*

<sup>85</sup> Ólafur Jóhannesson, 1975 (3. útg): *Lög og réttur*, bls. 335-337.

<sup>86</sup> Alþingi (1936). Athugasemdir við frumvarp til laga um breyting á lögum um meðferð einkamála í héraði, bls. 10.

1991. Þó segja megi að 107. gr. laga nr. 91/1991 feli í sér grundvöll til endurreisnar þeirrar hugsunar sem starfsemi sáttanefndanna byggði á hefur lagaheimildin legið óbætt hjá garði í 30 ár, og fátt verið aðhafst af hálfu stjórnvalda til að stuðla að beitingu ákvæðisins þó nú sé gert ráð fyrir verkefninu á vettvangi sýslumanna.<sup>87</sup> Vera má að sá grundvallar munur sem er á ákvæðum 5. gr. l. nr. 85/1936 og 107. gr. l. nr. 91/1991 skýri það. Í eldri lögum var nefnilega gert ráð fyrir almennri skyldu um að öll einkamál skyldu ganga til sátta nema þau væru sérstaklega undanskilin samkvæmt lögum en í hinum nýrri réttarfarslögum er um valkvætt úrræði að ræða. Hitt er ljóst að löggjafarframkvæmd og áherslur Stjórnarráðsins ráða hér mestu.

Í dag er hugtakið sáttamiðlun aðeins að finna á einum stað í íslenskum lögum, sbr. 3. mgr. 8. gr. l. nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála, en ákvæðið kveður á um heimild ráðherra til mæla fyrir um í reglugerð að úrskurðaraðilar geti nýtt sáttamiðlun við meðferð máls. Hins vegar er hugtakið sáttameðferð að finna í sex lagabálkum sem fæstir varða sáttamiðlun sem slíka. Rétt er að geta 3. mgr. 6. gr. laga nr. 41/1919 um landamerki þar sem mælt er fyrir um að sýslumaður skuli leita sátta þegar ágreiningur er um landamerki, sbr. einnig 9. gr. l. nr. 46/1941 um sáttahlutverk matsmanna sýslumanns vegna ágreinings um aðliggjandi landamerki við meðferð landskiptamála. Öðru hverju reynir á þessi ákvæði. Þá má nefna ákvæði ÍST 30 um skyldubundna sáttafundi en einnig vaxandi framkvæmd í þá átt að sammingsákvæði um sáttaumleitunir séu hluti útboðsgagna hjá hinu opinbera, svo sem hjá Ríkiskaupum, Vegagerðinni og Reykjavíkurborg.

Helsta dæmið sem nú er að finna í íslenskum rétti þar sem sáttamiðlun byggir á settum lögum er 33. gr. a. barnalaga nr. 76/2003, með síðari breytingum, samanber einnig reglur dómsmálaráðuneytisins<sup>88</sup> um ráðgjöf og sáttameðferð frá árinu 2013. Þessar reglur miða að því að stuðla að sáttum í tilteknum málaflokkum í stað þess að

dómstólar takist á við ágreininginn og er ætlað að einfalda meðferð og auka skilvirkni. Hins vegar taka hvorki gjafsóknarframkvæmd né lagafyrirmæli um gjafsókn tillit til sáttamiðlunar á Íslandi þrátt fyrir framangreindan löggjafarvilja.

Við skoðun á opinberum upplýsingum á Norðurlöndum um sáttamiðlun, réttarheimildum, sáttamiðlun fyrir dómi og utan réttar er ljóst að útfærslan í hverju landi ber sjálfstæð einkenni. Auk þess sýnist þróun í átt til vaxandi viðurkenningar á sáttamiðlun eiga sér stað þó hún virðist mislangt á veg komin í samanburði við þróun á Englandi eða í Bandaríkjunum svo dæmi séu tekin. Hins vegar virðist ljóst að Norðmenn og Finnar hafa tekið forystu á þessu sviði á Norðurlöndum en þar hefur sáttamiðlun beina stöð í lögum, réttarkerfi og stjórnsýslu en einnig á markaði. Sama gildir að nokkru um þróun í Danmörku þó þar sé aðeins að takmörkuðu leyti fjallað um sáttamiðlun í lögum og gjafsáttarframkvæmd hefur þar aðeins hlotið takmarkaðan framgang. Í fyrnefndu löndunum liggur hins vegar fyrir að gjafsóknarframkvæmd tekur sérstakt tillit til sáttamiðlunar og reyndar einnig að nokkru leyti í Svíþjóð. Möguleikar til gjafsáttar finnast því í ólíkum myndum á öllum Norðurlöndunum utan Íslands. Á hinn bóginn virðist þróun í Svíþjóð almennt séð vera hægari á þessu sviði en þar sýnist skortur á frumkvæði ríkisins halda aftur af þróuninni í samanburði við Noreg, Finnland og Danmörku. Allar framangreindar þjóðir búa auk þess að virkri þekkingarsköpun á þessu sviði við háskóla og fræðasetur um sáttamiðlun.

Að framangreindu athugðu er óhjákvæmilegt að draga þá ályktun að Ísland sé ótvíráður eftirbátur að þessu leyti. Erlendir fræðimenn hafa bent á að sá veruleiki kunnir að byggja á því að öfugt við hinar Norðurlandþjóðirnar sé á Íslandi hvorki að finna sáttamiðlunarkerfi sem starfrækt er samhliða dómskerfi landsins né raunverulega hvata til sáttamiðlunar af hálfu hins opinbera.<sup>89</sup>

<sup>87</sup> Sýslumenn.is (án dags.). Beiðni um sáttaumleitun sýslumanns.

<sup>88</sup> Dómsmálaráðuneytið (2013). Reglur um ráðgjöf og sáttameðferð.

<sup>89</sup> Ervasti, K. (2018). Past, Present and Future of Mediation in Nordic Countries. Í *Nordic Mediation Research*, bls. 227.

## 5. SÁTTAMIÐLUN Í SKOTLANDI

Rík hefð er fyrir sáttamiðuðum samskiptum í Skotlandi. Sáttamiðlunir þar sem sameiginlegrar niðurstöðu í þágu beggja máladaila er leitað teljast og ríkur þáttur í sögu skoskra lögmanna og lögfræðinga. Hefur þessi arfleidd verið talin ein helsta ástæða þess að áhugi á sérstakri skilgreindri sáttamiðlun var lengi takmarkaður, þó nú séu breyttir tímar.<sup>90</sup>

Sáttamiðlun er kennd í háskólum landsins og beitt af hálfu hins opinbera en ekki síður á einkamarkaði. Lagareglur eru enn sem komið er ekki að fullu þróaðar. Þó má víðsvegar finna sérákvæði um sáttamiðlun í lögum en ekki síður í ákvæðum ýmissa reglna á ólíkum sviðum samfélagsins, víða í viðskiptalífínu, hjá sveitarfélögum, á vegum stéttarfélaganna og svo mætti áfram telja. Því virðist mega draga þá ályktun að í dag sé sáttamiðlun viðurkennd aðferð í Skotlandi, en sáttamiðlun ásamt gerðardómsmeðferð teljast hafa verið algengustu leiðir til lausnar ágreiningi utan réttar um nokkurt skeið.<sup>91</sup>

Beiting sáttamiðlunar fer vaxandi í skoskum rétti. Með sáttamiðlun er þess freistað að draga úr áhættu vegna óþarfrar málsmeðferðar og kostnaðar. Því er almennt talið að hún sé hvorki háð því á hvaða stigi ágreiningur er né hvort meðferð hans fer fram utan réttar eða á vettvangi dómstóla. Þá er sáttamiðlun bæði beitt til að ljúka yfirstandandi málsmeðferð eða samningaumleitunum en einnig til að koma á eða til að efla fagleg, viðskiptaleg eða persónuleg samskipti.<sup>92</sup>

Skosk stjórnvöld hafa lagt fyrir dómstóla að leiðbeina máladaílum um tilvist sáttamiðlunar. Heimildir dómstóla ná enn fremur til þess að standa að sáttamiðlun utan vébanda þeirra á grundvelli samkomulags milli máladaila og með aðkomu utanaðkomandi sáttamiðlara. Nánar verður fjallað um það í næsta kafla, en það er um margt önnur nálgun en víða í Evrópu þar sem

sáttamiðlun fer fram á vettvangi dómstólanna.

Þrátt fyrir takmarkaða lagasetningu hafa skosk stjórnvöld stuðlað að eflingu starfsgreinarinnar með beinum og óbeinum hætti. Dæmi um það er setning reglna um sáttamiðlara og fjármögnun opinberrar skráningar sáttamiðlara undir merkjum The Scottish Mediation sem áður er getið. Er það í samræmi við skyldur landsins samkvæmt reglugerð ESB um sáttamiðlun sem innleidd var með lögum nr. 234/2011, Mediation, The Cross-Borders Mediation (Scotland) Regulations 2011.<sup>93</sup>

Að framangreindu athugðu er ljóst að umgjörð sáttamiðlunar í Skotlandi hefur verið fest í sessi með nokkuð skýrum og gagnsæjum hætti, jafnt fyrir sáttamiðlara og þá sem nýta sér sáttamiðlun. Jafnframt er fyrirsjáanlegt að frekari þróun á sér nú stað, einkum hvað framkvæmd og nánari útfærslu varðar.

Önnur staða er uppi í Englandi þar sem breytingar á réttarfarslöggjöf árið 1998 lögðu grunn að skyldum sem lagðar eru á herðar dómstólum um að stuðla sérstaklega að sáttamiðlun. Því virðist mega draga þá megin ályktun af samanburði milli Englands, Wales og Írlands annars vegar og Skotlands hins vegar að í fyrnefndu löndunum sé með afgerandi hætti litið svo á að dómstólar eigi í raun að vera þrautalending vegna úrlausnar ágreinings. Enskir fræðimenn hafa enda bent á að með framangreindum lagabreytingum hafi löggjafinn með afgerandi hætti undirstrikað að grundvallarhlutverk dómstóla skuli vera að takast á við mál með réttlátlegum (e. *justly*) hætti. Nánar tiltekið leggur löggjafinn þá skyldu á herðar dómstólum að stjórna málsmeðferð með virkum hætti, þar á meðal með því að hvetja máladaila til að nýta sáttamiðlun og að stuðla með beinum hætti að slíkri málsmeðferð. Því hafa í dómaframkvæmd mótast réttarreglur um áhrif þátttöku í sáttamiðlun á málskostnað, réttarreglur um sönnunargildi upplýsinga sem fram koma við sáttamiðlun og réttarreglur um

<sup>90</sup> Irvine, C. (2017). Scotland. Í N. Alexander, S. Walsh, & M. Svatos, *EU Mediation Law Handbook*, bls. 668.

<sup>91</sup> Making Justice Work. (2013). Courts Reform (Scotland), bls. 45.

<sup>92</sup> Sturrock, J. (2015). Making better use of mediation. Justice Matters: Essays on Improving Scotland's Justice System.

<sup>93</sup> Scottish Statutory Instruments. (21. mars 2011). 2011 No. 234 MEDIATION. *The Cross-Border Mediation (Scotland) Regulations 2011*. Edinburgh.

fullnustu sáttaákvæða, sem nánar verður fjallað um síðar í kaflanum.<sup>94</sup>

Ráðgjafanefnd þingsins á sviði einkaréttar og einkamálaréttarfars (e. *Civil Justice Council*) hefur tekið fram að þrátt fyrir þessa stefnu og að stór skref hafi verið stigin við innleiðingu sáttamiðlunar í ensku réttarkerfi séu enn veruleg sóknarfæri fyrir hendi. Bent er á að þegar ágreiningur kemur upp í daglegu lífi og viðskiptum sé algengast að úr honum sé leyst án aðkomu löglærðra. Auk þess ljúki miklum meirihluta þeirra mála sem á annað borð rata inn í dómkerfið án þess að til dóms komi. Á mörgum réttarsviðum er málsaðilum nú skylt að kynna sér möguleika á sáttum. Sama gildir um störf löggjafans, en þar byggir lagasmíð með markvissari hætti en áður á sáttamöguleikum og samningum á grundvelli sáttamiðlunar. Þá vekur nefndin sérstaka athygli á því að reynslan sýni að sáttamiðlun sé ekki aðeins til þess fallin að leiða fram lausnir í formi sátta heldur varðveiti sáttamiðlun raunverulegt forræði aðila á ágreiningsefni sem auðveldlega glatast við hefðbundna málsmeðferð fyrir dómi. Dregin er sú ályktun að helsta áskorunin sé sú að vekja athygli almennings á sáttamiðlun og stuðla með markvissari hætti að upplýstri samfélagsbreytingu í þá veru.<sup>95</sup>

Þrátt fyrir vaxandi áherslu, fjármögnun og hvatningu um beitingu sáttamiðlunar samkvæmt framangreindu hefur hún ekki náð því marki að teljast forgangsléið til lausnar ágreiningi í Skotlandi.<sup>96</sup> Engu að síður er framgangur sáttamiðlunar umtalsverður, bæði fyrir dómstólum en ekki síður utan réttar og á ýmsum sviðum skosks samfélags.

## 5.1 STOFNANASAMHENGI

Við fyrstu sýn virðast sýslumenn vandfundnir í Skotlandi. Þó er óhætt að líkja starfsemi skoskra dómstóla í dag við starfsemi sýslumannsembættanna fyrir árið 1992, að verkefnum lögreglu og ákærvaldsfrátöldum. Þannig fara skoskir dómstólar auk

hefðbundinna dómstarfa með ýmis stjórnarsýsluverkefni sambærileg verkefnum sýslumanna. Dæmi um það er meðferð hjúskapar- og fjölskyldumála og opinber sektainnheimta. Auk þess teljast viðfangsefni á borð við fjárnám, uppboð og aðrar fullnustugerðir til dómsathafna. Þá er rétt að nefna að ýmis dæmi má finna um mismunandi verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga þegar Skotland og Ísland eru borin saman.

Rík hefð er fyrir starfsemi umboðsmanna í Skotlandi. Sérstöðu hefur *The Parliamentary and Health Service Ombudsman*, sem telst um margt samsvarandi Umboðsmanni Alþingis, en einnig *The Scottish Public Services Ombudsman* sem þrátt fyrir nafngiftir nefndra embætta annast mál er varða heilbrigðiskerfið (NHS) en einnig háskóla, sveitarfélög, fangelsismál og fleira. Aðrir umboðsmenn sem einkum sinna afmörkuðum málefnasviðum, þar á meðal á einkamarkaði, eru *The Commissioner for Ethical Standards in Public Life in Scotland*, *The European Ombudsman*, *The Property Ombudsman*, *The Financial Ombudsman Service*, *The Scottish Legal Complaints Commission* og *The Ombudsman Services: Energy*.

Vegna mismunandi vinnulags og reglna sem gilda um störf umboðsmanna við eftirlit, málsmeðferð, rannsókn og álitsgjöf vex sáttamiðlun á þessum vettvangi mishratt. Athygli vekur að á heimasíðum þeirra er gjarnan hvatt til og boðið upp á sáttamiðlun áður en til mála er stofnað. Að jafnaði er gert ráð fyrir því að sáttamiðlun á vettvangi umboðsmanna sé háð samþykki beggja aðila. Dæmi um það eru mál sem upp koma innan heilbrigðiskerfisins.<sup>97</sup> Sama gildir um opinberar upplýsingar umboðsmanna sjálfrá þar sem vísað er til skipulagðra sáttaleiða en auk þess er sérstakt tillit tekið til sáttatilauna í álitum þeirra og ákvörðunum.<sup>98</sup> Þá má finna skýr dæmi þess að umboðsmenn leiðbeini um sáttamiðlun í tilteknum málaflokkum umfram aðra, svo sem í starfsmannamálum og málum sem tengjast þjónustu hins opinbera. Til rökstuðnings hefur einn hinna skosku

<sup>94</sup> Bill Marsh, A. O. (2017). England and Wales. Í S. W. Nadja Alexander, EU Mediation Law Handbook, bls. 213-214.

<sup>95</sup> Civil Justice Council. (2017). ADR and Civil Justice, bls. 7-8.

<sup>96</sup> Strathclyde University. (2016). Guide of the Effective Use of Mediation in Courts Actions.

<sup>97</sup> Citizens Advice: (3. mars 2018). *NHS complaints*. Advice for Scotland – Health.

<sup>98</sup> Scottish Public Services Ombudsman: (3. mars 2018). *Mediation*.



umboðsmanna tiltekið að þó rík nauðsyn sé á skilvirkri og sanngjarnri málsmeðferð feli sáttamiðlun í sér tækifæri til gagnkvæms skilnings og sé því líklegri til að stuðla að sátt sem unnt er að framkvæma hratt og vel. Þá stuðli hún að bættum samskiptum og ánægju með þjónustu.<sup>99</sup> Síðast en ekki síst má finna ýmis dæmi þar sem ástæða er talin til að gera grein fyrir þeim árangri sem af sáttamiðlun hlýst við málsmeðferð umboðsmanna.<sup>100</sup>

Á það er að líta að staða þriðja geirans í Skotlandi er önnur og umfangsmeiri en þekkt á Íslandi. Rík hefð er fyrir óhagnaðardrífinni félagastarfsemi og sjálfseignarstofnunum sem bera uppi fjölmörg samfélags- og þjónustuverkefni. Eiga þær með sér sameiginlegan vettvang, *Scottish Council for Voluntary Organisations*. Byggir starfsemin oft að hluta til á sjálfbodavinnu og endurgjaldslausu framlagi sérfræðinga. Jafnframt er algengt að stjórnvöld veiti slíkri starfsemi fjárstuðning eða liðsinni reglulegum rekstri án þess að starfsemin sé skilgreind sem opinber starfsemi á ábyrgð ríkissjóðs. Þá eru umtalsverð tengsl á milli þriðja geirans og sveitarfélaganna. Þriðji geirinn í Skotlandi hefur því viðurkennda stöðu í samfélaginu og hefur virkan aðgang skoska þinginu.<sup>101</sup> Sú skipulagsheild sem fer fyrir sáttamiðlun í Skotlandi, *Scottish Mediation*, er þar ekki undanskilin og því er yfirumsjón, eftirlit, leyfisútgáfa til sáttamiðlunar og fleira falið hálfopinberum aðila þó fjármögnun sé að fullu á hendi ríkissjóðs.

Sjálfseignarstofnunin *Relationships Scotland* sem áður er nefnd er jafnframt prýðilegt dæmi um framangreint, en hún er að hálfu fjármögnuð af ríkisfé en að öðru leyti með hlutdeild í lottótekjum, rekstrarframlögum sveitarfélaga, frjálsum framlögum og gjaldtöku. Hlutverk hennar frá því um miðjan níunda áratuginn hefur verið að annast sáttamiðlun vegna ágreiningsmála á sviði fjölskyldumála, veita leiðbeiningar og samskiptaráðgjöf, skapa hlutlausan vettvang

til umgengni við börn og fleira. Þá gefur hún út starfs- og siðareglur fyrir sáttamiðlara á þessu sviði. Nánar er fjallað um verkefni framangreindra aðila í tengslum við réttarsviðið fjölskyldurétt, síðar í kaflanum.

Þannig svipar framangreindum viðfangsefnum *Relationships Scotland* að ýmsu leyti til verkefna sýslumanns-embættanna, einkum að því er varðar leiðbeiningahlutverk á sviði fjölskyldumála, málsmeðferð og leiðbeiningar um gerð samninga á því sviði en síðast en ekki síst umsjón með framkvæmd sáttamiðlunar á grundvelli barnalaga.

Gjafsóknarnefnd Skotlands, *The Scottish Legal Aid Board*, hefur mikilvægu hlutverki að gegna vegna aðgangs að sáttamiðlun á grundvelli laga og gjafsóknarframkvæmdar. Hér eftir nefnd gjafsátt.

## 5.2 GJAFSÁTT OG GJAFSÁTTALEYFI

Í Skotlandi stendur borguninum til boða sáttamiðlun í einkamálum fyrir milligöngu gjafsóknarnefndar. Við þá málsmeðferð er skilið á milli fjölskyldumála (e. *family cases*) og annarra mála (e. *non-family cases*).<sup>102</sup> Skilyrði um fjárhagsstöðu þegar sótt er um gjafsátt eru talin ná til 70% lögráða íbúa Skotlands.<sup>103</sup>

Freistandi er að lýsa *The Scottish Legal Aid Board* sem þróaðri útgáfu gjafsóknarnefndar. Auk gjafsóknarmála fyrir dómi hefur stofnunin milligöngu um lögfræðilega aðstoð og ráðgjöf til borgaranna sem fjármögnuð er af hinu opinbera í samræmi við opinbera stefnu um gjafsáttir og aðra opinbera réttaraðstoð. Algengast er að slík aðstoð sé veitt af hendi sjálfstætt starfandi lögmannna en auk þess hefur nefndin á sínum snærum lögfræðinga sem veita almenna ráðgjöf. Þá er algengast að ágreiningsmálum á sviði fjölskylduréttar sé vísað til meðferðar hjá *Relationships Scotland*.

Eins og fram er komið greiðir stofnunin fyrir sáttamiðlun og störf sáttamiðlara að

<sup>99</sup> Scottish Public Service Ombudsman: (febrúar 2011). *Guidance on a Model Complaints Handling Procedure*, bls. 14.

<sup>100</sup> Financial Services Ombudsman: (2017). *Annual Review 2017*, bls. 3. Lýst er allt að 75% sáttahlutfalli á sviði neytendamála.

<sup>101</sup> Katrín Jónsdóttir: (2008) Aðgengi frjálsra félagasamtaka að þingum og ríkisstjórnun: Málafærsla gagnvart hinu opinbera á Íslandi og í Skotlandi, bls. 53-57.

<sup>102</sup> Scottish Legal Aid Board: (1. maí 2018). *Civil legal aid*. Civil guidance.

<sup>103</sup> Evans, M: (febrúar 2018) Rethinking Legal Aid. An Independent Strategic Review, bls. 18.

öðrum skilyrðum uppfylltum. Annars vegar eru gefin út hefðbundin gjafsóknarleyfi en þá eru umframútgjöld vegna sáttamiðlunar innifalin sé þess óskað. Hins vegar eru gefin út sérstök leyfi til sáttamiðlunar eða *gjafsáttaleyfi*. Umsóknir um gjafsátt byggja á einföldum stöðluðum umsóknar-eyðublöðum, sem afgreidd eru rafrænt en einnig á grundvelli almennra umsókna. Greiðslur vegna gjafsáttaleyfa byggja á gjaldskrá.<sup>104</sup> Með þessu móti er aðgangur almennings að sáttamiðlun tryggður með einföldum og aðgengilegum hætti. Grunnskilyrðin byggja á því að um raunveruleg útgjöld sé að ræða en einnig því að viðurkenndir sáttamiðlarar sinni hlutverkinu. Þá gilda sérstök viðmið um útgjöld vegna málsvara við sáttamiðlun. Gerðar eru mun ríkari kröfur til útgáfu gjafsóknarleyfa en gjafsáttaleyfa.<sup>105</sup>

Ekki verður annað sagt en að með skipulagi af þessu tagi sé ekki aðeins stuðlað að ríkari aðgangi að sáttamiðlun heldur einnig því undirstöðuatriði réttarríkisins að tryggja möguleika hinna efnaminni til úrlausna um ágreiningsefni, svo að réttindi einstaklinga fari ekki forgörðum sökum efnaleysis.

### 5.3 RÉTTARHEIMILDIR UM SÁTTAMIÐLUN

Hafa ber í huga að hin aðskildu réttarkerfi á Bretlandseyjum byggja að mismiklu leyti á fordæmisrétti. Því er grundvöll réttarheimilda gjarnan að finna í réttarreglum sem eiga stöð í dómaframkvæmd í stað settra laga, en einnig hvers konar reglum, stöðlum og siðareglum sem mótaðar eru á grundvelli fyrirbyggjandi réttarframkvæmdar. Skoskur réttur (Scots law) einkennist hins vegar í meira mæli af settum lögum en tíðkast í Englandi, Wales og á Norður-Írlandi og telst því til blandaðs kerfis fordæmisréttar og meginlandsréttar. Með vísan til þess má með nokkrum rökum telja skoskt lagakerfi skyldara norrænum rétti,

samanber einkum hlutverk náttúruréttar við móttun gildandi réttarreglna.<sup>106</sup>

#### 5.3.1 Singapore sáttmálinn

Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um sáttamiðlun, Singapore sáttmálinn, var kynntur til sögunnar þann 20. desember 2018. Sáttmálinn tók gildi þann 12. september 2020 og leggur grunn að alþjóðareglum um sáttir sem byggja á sáttamiðlun og fullnustu þeirra. Yfirlýst markmið Sameinuðu þjóðanna með útgáfunni er að greiða fyrir alþjóðaviðskiptum en einnig að kynna sáttamiðlun á heimsvísu sem skilvirk og eftirsóknarverðan valkost við úrlausn ágreiningsefna í alþjóðasamskiptum. Samhliða eru bundnar vonir við að sáttmálinn stuðli að auknum áreiðanleika og stöðugleika í alþjóðaviðskiptum. Með fullgildingu hans skuldbinda aðildarþjóðir sig til þess að margs konar alþjóðlegar einkaréttarlegar sáttir að undangenginni sáttamiðlun njóti viðurkenningar og fullnustu í aðildarlöndum.<sup>107</sup> Þannig komast málsaðilar hjá kostnaðarsamri málsmeðferð fyrir dómstólum hverju sinni en auk þess er með sáttmálanum stigið stórt skref í átt til alþjóðlegrar viðurkenningar á sáttamiðlunaraðferðinni.

Singapore sáttmálinn er um margt áþekkur New York sáttmálanum frá árinu 1958 sem gildir um viðurkenningu og fullnustu erlendra gerðardómsúrlausna, en hann hlaut fullgildingu hérlendis með lögum nr. 53/1989. Markmið þess sáttamála var sambærilegt, það er að draga úr réttaróvissu og stuðla að varðstöðu um sammingsfrelsi.<sup>108</sup>

Singapore sáttmálinn hefur ekki verið innleiddur á Bretlandseyjum. Hins vegar hafa þjóðir á borð við Bandaríkin, Indland og Kína fullgilt sáttmálann.

#### 5.3.2 Lagaheimildir

Hvorki eru í gildi almenn lög um sáttamiðlun í Skotlandi né jafn áþreifanleg réttarframkvæmd eins og annars staðar á Bretlandseyjum. Bent hefur verið á að sú

<sup>104</sup> Scottish Legal Aid Board. (Sótt 1. maí 2018). *Legal Aid Online information hub*.

<sup>105</sup> Scottish Legal Aid Board. (Sótt 1. maí 2018). *Civil legal aid*.

<sup>106</sup> Mays, R. (2000). *SCOTS LAW*. London: Butterworths. Einnig Davíð Már Björgvinsson (1990), Tímarit lögfr. bls. 210-218.

<sup>107</sup> *Singapore sáttmálinn* (2019), Sameinuðu þjóðirnar.

<sup>108</sup> Garðar Víðir Gunnarsson (2012), Tímarit lögrétta, bls. 12-14.

nálgun feli í sér að innleiðing sáttamiðlunar í skosku réttarkerfi byggir fremur á forsendum úrræðisins sjálfs en síður á frumkvæði stjórnvalda. Því virðist aðkoma ríkisins öðru fremur fólgin í viðbrögðum við þeirri þróun sem þegar á sér stað. Er það að nokkru leyti í samræmi við þann skilning skoskra dómsmálayfirvalda sem lengst af hafa hafnað því að nauðsyn sé á sérstakri aðlögun tilskipunar Evrópusambandsins um valkvæðar leiðir til lausnar ágreinings (e. *alternative methods*). Hafa þau bent á að dómstólar búi nú þegar yfir almennum heimildum til að vísa málum í sáttameðferð.<sup>109</sup>

Í Englandi og Wales voru á hinn bóginn settar skýrar réttarreglur um sáttamiðlun og skilyrði hennar þegar árið 1998.<sup>110</sup> Sama gildir um Írland, en ný lög um sáttamiðlun tóku gildi þann 1. janúar 2018.<sup>111</sup> Samhliða hafa dómstólar mótað í réttarframkvæmd sinni réttarreglur viðvíkjandi sáttamiðlun sem lúta að þáttum á borð við kostnað, trúnað, sönnunargildi gagna sem verða til við sáttamiðlun (e. *admissibility*) og fullnustu-grundvöll sáttagerða.<sup>112</sup> Innleiðing sáttamiðlunar í réttarfarsreglum er jafnframt afgerandi. Því hafa aðilar að dómsmálum í Englandi um tveggja áratuga skeið staðið frammi fyrir þeirri staðreynd að málskostnaðarákvarðanir dómara taka beinlínis mið af því hvort sáttatilaunir áttu sér stað í raun. Regluna þróuðu dómstólar á grundvelli málanna *Dunnet gegn Railtrack PLC*<sup>113</sup> og *Halsey gegn Milton Keynes General NHS Trust*<sup>114</sup>. Þannig er dómara heimilt að víkja frá meginreglum um ákvörðun málskostnaðar með tilliti til frumkvæðis og þátttöku í sáttatilaunum. Miðað er við að aðili sem hefur, svo ósanngjarnt verði talið, komið sér undan slíkri þátttöku kunni að verða látinn bera álag á málskostnað sem samsvarar þeirri fjárhæð sem ella hefði verið varið til sáttatilaunar. Þá stendur heimild til

þess að báðir eða allir aðilar beri slíkt álag hafi þeir sinnt sáttatilaunum. Við mótun þessara réttarreglna var öðru fremur horft til eftirfarandi þátta við mat á framkvæmd þeirra: Eðli ágreinings, sönnunarstöðu, annarra sáttaumleitana, hlutfallslegs kostnaðar vegna sáttatilauna, tafa og fleira. Því er það sjálfstætt viðfangsefni að varpa ljósi á hvort skilyrði samkvæmt framangreindu teljast uppfyllt.<sup>115</sup> Sambærileg ákvæði er að finna í hinni nýju írsku löggjöf um sáttamiðlun.

Skotland er bundið af ákvæðum Lissabon-sáttmálans um starfshætti og samstarf aðildarþjóða ESB frá árinu 2009. Auk almennra ákvæða um gagnkvæmar skyldur aðildarþjóða með tilliti til innri markaðarins undirgangast þær einnig sérstakar skuldbindingar vegna dómsmálasamstarfs og skilvirkni í réttarframkvæmd, þar á meðal í einkaréttarlegum efnum. Sérstaklega er tekið fram í sáttmálanum að mótaðar skuli nýjar leiðir til að leysa deilumál. Þessar skyldur eru ekki aðeins í samræmi við fyrri áherslur ESB um innleiðingu fjölbreyttari aðferða við lausn réttarágreinings milli aðildarlanda heldur gefa þær skýrar leiðbeiningar um áherslur ESB sem ætlað er að styrkja innri markaðinn.<sup>116</sup>

Þá eru í gildi lög um alþjóðlega sáttamiðlun (e. *cross-border mediation*) sem sett voru á grundvelli reglugerðar Evrópusambandsins um sáttamiðlun sem vísað er til í upphafi kaflans. Í lögnum er mælt fyrir um sérstaka undanþágu sáttamiðlara og aðila máls frá vitnaskyldu fyrir dómi þegar um að ræða einkaréttarlegan ágreining aðila sem búsettir eru í sitthvoru aðildarlandinu, sbr. 2. og 3. gr. laganna. Þá er í 4. til 9. gr. að finna heimildir til framlenginga á tímafrestum, allt að 8 vikum, sem mælt er fyrir um í landslögum enda standi sáttamiðlun yfir. Ná lögin til ágreinings um fjölmörg

<sup>109</sup> Irvine, C. (2017). Scotland. Í N. Alexander, S. Walsh, & M. Svatos, *EU Mediation Law Handbook*, bls. 674-675.

<sup>110</sup> GOV.UK. (án dags.). Practice Direction - Pre-Action Conduct and Protocols.

<sup>111</sup> Irish Parliament. (1. janúar 2018). Mediation Act 2017 (Írland). Írland.

<sup>112</sup> Bill Marsh, A. O. (2017). England and Wales. Í S. W. Nadja Alexander, *EU Mediation Law Handbook*, bls. 213-214 og 228-229.

<sup>113</sup> England and Wales Court of Appeal (Civil Division) Decisions (2002): *Dunnet S. v. Railtrack PLS*.

<sup>114</sup> England and Wales Court of Appeal (Civil Division) Decisions (2004): *Halsey v. Milton Keynes General NHS Trust*.

<sup>115</sup> Bill Marsh, A.O. (2017). Bls. 217.

<sup>116</sup> *Reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1/390*. (júní 2012). Irvine, C. (2017). Scotland. Í N. Alexander, S. Walsh, & M. Svatos, *EU Mediation Law Handbook*, bls. 667-668.

skilyrði löggjafar um ýmis leyfi, húsaleigulaga, fjölskyldumála og fleira.<sup>117</sup>

Sáttamiðlun er sums staðar markaður farvegur á afmörkuðum sviðum landsréttar í Skotlandi. Virðist mega rekja upphaf slíkrar lagasetningar tvo til þrjá áratugi aftur í tímann. Skýrasta dæmið er réttarfarslöggjöf frá árinu 1995, Civil Evidence (Family Mediation), þar sem meðal annars var kveðið á um að upplýsingar sem fram koma við sáttamiðlun sé óheimilt að nýta til sönnunarfærslu við meðferð einkamála á sviði fjölskylduréttar. Í þeirri löggjöf er jafnframt sérstaklega mælt fyrir um löggildingu sáttamiðlara á þessu sviði og störf þeirra.<sup>118</sup> Nánar er fjallað um réttarstöðu og starfsskilyrði sáttamiðlara í næsta kafla.

Annað dæmi um réttarsvið þar sem sáttamiðlun er lögmælt má finna í lögum frá árinu 2004 sem varða sérstakan stuðning við börn í námi. Þar er sáttamiðlun lýst með skýrum hætti í lagatexta um leið og sú skylda er lögð á sveitarfélög að bjóða upp á sáttamiðlun í þeim tilvikum sem leysa þarf úr ágreiningi við forsjáraðila barna með námserfiðleika.<sup>119</sup>

Enn eitt dæmi má nefna sem finna má í skoskum lögum frá árinu 2007 þar sem valkvæð lögbundin sáttamiðlun er tilgreind sem sérstakt úrræði kæruneftar, *The Scottish Legal Complaints Commission*, vegna kvartana á hendur þeim sem veita lögfræðilega þjónustu. Athygli vekur að reynslan af beitingu úrræðisins á þeim vettvangi sýnir að 70% þeirra mála sem unnið hefur verið með á grundvelli úrræðisins hafa skilað árangri án frekari málsmeðferðar.<sup>120</sup>

Af þessum dæmum má sjá að lögleiðing úrræðisins fer vaxandi. Árangur er umtalsverður og virðist lýsandi fyrir þróun í opinberri sáttamiðlunarframkvæmd. Fyrir

liggur að frumvarp til laga um sáttamiðlun er í vinnslu og finna má skýr dæmi þess að þrýstingur á heimastjórnina um að mæla fyrir slíkri löggjöf fari vaxandi.<sup>121</sup>

Í Englandi, Wales og Írlandi hefur dómstólum verið heimilað að stuðla að sáttameðferð með beinum hætti. Gildir það meðal annars um álagningu réttarfarssektar í þeim tilvikum sem málsaðilar hafna þátttöku í sérstakri sáttamiðlun eins og áður er komið fram. Í Skotlandi var þessari leið í raun hafnað við endurskoðun réttarfarslaga árið 2009 en skemmri skref stigin. Því má segja að ef frá er talin hin lögbundna sáttamiðlunarframkvæmd á grunni sérlaga, svo sem á sviði fjölskyldumála frá árinu 1995 sem áður er getið, hafi skosk yfirvöld dómstóla lengst af sýnt sáttaumleitan takmarkaðan áhuga.<sup>122</sup>

Sama gildi lengst af um skoska lögmánastétt. En árið 2013 varð breyting á. Þá samþykkti skoska lögmánafélagið sérstakar leiðbeiningareglur sem fela í sér skyldu lögmánna til að leiðbeina umbjóðendum sérstaklega um tilvist sáttamiðlunar. Þar er sú skylda lögð á herðar lögmönnum að þeir skuli búa yfir fullnægjandi þekkingu og skilningi á sáttamiðlun svo þeim sé fært að leiðbeina umbjóðendum sínum með fullnægjandi hætti um úrræðið. Gert er ráð fyrir því að þannig sé umbjóðendum sjálfum fært að meta hagsmuni sína og markmið í þessu ljósi.<sup>123</sup>

Skoskum lögmönnum ber jafnframt að styðjast við siðareglur Samtaka evrópskra lögmánafélaga (CCBE) í störfum sínum. Á þeim grunni er lögmönnum ávallt skylt að vinna að eins skynsamlegri lausn og kostur er. Jafnframt er lögmönnum á öllum stigum skylt að leiðbeina umbjóðendum um kosti

<sup>117</sup> Directive 2008/52/EC. (24. May 2008). *Directive 2008/52/EC on certain aspects of mediation in civil and commercial matters*. Official Journal of the European Union.

<sup>118</sup> Acts of the Scottish Parliament. (Sótt 7. nóvember 2017). Civil Evidence (Family Mediation) (Scotland) Act 1995.

<sup>119</sup> Scottish Parliament. (2004 og 2009). Education (Scotland) Act 2004. Education (Additional Support for Learning). Til fróðleiks og samanburðar má nefna dæmi úr íslenskrri framkvæmd, reglugerð nr. 585/2010 um nemendur með sérþarfir í grunnskóla. Þar er sáttaskylda aðila vegna ágreinings um skólavist lýst en ella sæta slík mál hefðbundinni stjórnsýslmeðferð og úrskurði. Þar er hins vegar hvorki vísað til sáttamiðlunarúrræðisins, upplýst samþykkis, aðkomu hlutlauss þriðja aðila eða annarra þátta sem fólgnir eru í sáttamiðlun. Þess ber að geta að ákvæðið er takmarkað við ágreining um skólavist. Sjá

<sup>120</sup> Irvine, C. (2017). Scotland. Í N. Alexander, S. Walsh, & M. Svatos, *EU Mediation Law Handbook*, bls. 669.

<sup>121</sup> Kirkwood, P. (11. júní 2018). *Open letter to Nicola Sturgeon*. iScot Magazine.

<sup>122</sup> Irvine, C. (2017). Scotland. Í N. Alexander, S. Walsh, & M. Svatos, *EU Mediation Law Handbook*, bls. 671.

<sup>123</sup> The Law Society of Scotland. (10. Nóvember 2017). *Standards of Conduct*.

sáttameðferðar og eftir atvikum að leiðbeina nánar um sáttamiðlun.<sup>124</sup>

Rétt þykir að nefna að þar sem engar sérreglur gilda um beitingu sáttamiðlunar vegna millilandaágreinings í fjölskyldumálum hefur verið litið svo á að héraðsdómara sé engu að síður heimilt að vísa máli í sáttameðferð meti dómurinn það viðeigandi („where he thinks fit“), samanber heimildarákvæði skosku barnalaganna frá 1993. Sambærilega heimild hefur æðsti dómstóll Skotlands í einkamálum, Court of Session.<sup>125</sup>

Þrátt fyrir framangreint má víða í skoskum rétti finna sáttamiðlun stoð í málsmeðferðarreglum og framkvæmd á ólíkum réttarsviðum, samanber nánari umfjöllun um valin réttarsvið í kafla 5.6. Því er almennt litið svo á að framkvæmd skoskra dómstóla á sérlagagrunni hafi stuðlað að ríkari beitingu sáttamiðlunar.<sup>126</sup>

### 5.3.3 Staðlar og siðareglur

Fjölmarginir aðilar láta sig varða viðmið um framkvæmd sáttamiðlunar í Skotlandi. Fremst í flokki fer Scottish Mediation sem sett var á fótt árið 1990. Auk þess að teljast regnhlífarsamtök fyrir sérhæfða hópa sáttamiðlara og annast rekstur sáttamiðlaraskrár á grundvelli lágmarksviðmiða, þá eru menntun og fræðsla á sviði sáttamiðlunar á meðal helstu verkefna samtakanna. Þá hvílir útgáfa siðareglna á grundvelli reglna ESB um sáttamiðlara á herðum þeirra. Sérhæfðari hópar sáttamiðlara, samtök og þjónustuaðilar leggja fyllri reglur til grundvallar störfum sínum. Auk þess skoðast siðareglur ólíkra starfsstétta áður nefndum lágmarksviðmiðum til fyllingar. Finna má ýmis dæmi um þetta, svo sem sérreglur um starfshætti lögfræðinga og annarra stétta.<sup>127</sup>

Siðareglur sáttamiðlara, sjá nánar í viðauka 5, bæta um margt úr því sem ósagt er í skoskri

löggjöf um réttindi og skyldur sáttamiðlara og leggja því grunn að störfum þeirra að teknu tilliti til samkomulags aðila að öðru leyti. Helstu efnisatriðin þar að lútandi eru:

- Að þátttaka aðila sé valkvæð.
- Að málsaðilar taki sjálfir ákvörðun um sátt í máli, en ekki sáttamiðlari.
- Að hlutleysi og sjálfstæði sáttamiðlara sé tryggt.
- Að hagsmunatengsl séu ekki til staðar.
- Að nauðsynleg hæfni sáttamiðlara sé til staðar og að henni sé viðhaldið, bæði með tilliti til almennrar þekkingar á sáttamiðlun en einnig nægilegrar þekkingar á því sviði sem viðfangsefnin lúta að hverju sinni.
- Að fullur trúnaður sé ávallt til staðar nema kveðið sé á um annað í lögum eða með samþykki aðila.
- Að réttur skilningur aðila á tilgangi sáttamiðlunar, málsmeðferð, hlutverki þátttakenda, endurgjaldi og trúnaðarskyldum sé tryggður.
- Að bann við auglýsingum um árangur ellegar útkomu sé virt.
- Að bann við greiðslum og gjöfum sé virt.
- Að bann við mismunun sé virt og gagnkvæm virðing sé í heiðri höfð.
- Að starfsábyrgðartrygging sé til staðar.
- Að aðilum sé ávallt leiðbeint um farveg allra kvartana vegna starfa sáttamiðlara og um tilvist og hlutverk hlutlauss úrskurðaraðila.<sup>128</sup>

Til fyllingar hinum skosku siðareglum þykir rétt að vísa til Evrópureglna um sáttamiðlara (e. *European code of conduct for mediators*), sjá viðauka 2, þar sem meginreglum um störf sáttamiðlara er lýst, ábyrgð, starfsumhverfi og þeim skilyrðum sem viðurkenndum sáttamiðlurum er ætlað að uppfylla.<sup>129</sup>

<sup>124</sup> CCBE. (19. maí 2006). *Code of Conduct for European Lawyers*. Siðareglurnar voru þýddar á íslensku árið 2004 og voru aðgengilegar á heimasíðu LMFÍ um skeið. Þær hafa þó hvorki verið uppfærðar né eru þær lengur aðgengilegar á íslensku.

<sup>125</sup> Legislation.gov.uk. (16. nóvember 2017). *Court of Session Rule 49.23*. Sótt frá [www.scotscourts.gov.uk](http://www.scotscourts.gov.uk).

<sup>126</sup> Irvine, C. (2017). Scotland. Í N. Alexander, S. Walsh, & M. Svatos, *EU Mediation Law Handbook*, bls. 672.

<sup>127</sup> Irvine, C. (2017). Scotland, bls. 673 og 684-686.

<sup>128</sup> Scottish Mediation. (19. nóvember 2008). *Code of Practice for Mediation in Scotland*.

<sup>129</sup> European Commission. (án dags.). *European Code of Conduct for Mediators*. European Judicial Network for Civil and Commercial Matters.

Þó enn hafi ekki tekið gildi almenn lagaákvæði um skyldur aðila að sáttamiðlun gefa niðurstöður dómstóla til kynna að hafi málsaðilar sýnt háttsemi gegn betri vitund kunni það koma í veg fyrir fullnustu sáttar.<sup>130</sup>

## 5.4 UM SÁTTAMIÐLARA

### 5.4.1 Réttarheimildir

Reglum um störf sáttamiðlara er að verulegu leyti lýst í lögum, en eins og áður er getið leggur Evrópureglugerð um alþjóðlega sáttamiðlun grunn að reglum um störf sáttamiðlara, skráningu þeirra og fleira.<sup>131</sup>

Evrópureglur um störf sáttamiðlara (e. *European Code of Conduct for Mediators*) undirstrika hins vegar grundvallarskyldur um hlutleysi, hagsmunatengsl, hæfni, trúnað, leiðbeiningaskyldu, jafnræði, starfsábyrgðartryggingu og fleira.<sup>132</sup> Í samræmi við það hafa verið gefin út viðmið um almenn starfsskilyrði sáttamiðlara sem hafa að geyma ýmis lágmarksviðmið um reynslu, þjálfun og trúnaðarskyldur en einnig um meðferð kvartana, skaðabótaskyldu, siðareglur og fleira, sem sjá má í viðauka 6.

Þá er í skoskri réttarfarslöggjöf að finna nokkur ákvæði á borð þá réttarfarsreglu að tilvísun máls til sáttamiðlara í málefnum barna sé háð því skilyrði að um viðurkenndan aðila sé að ræða.<sup>133</sup>

### 5.4.2 Þjálfun, skráning og starfsheiti

Miðlæg skráning sáttamiðlara í Skotlandi hófst árið 2007. Með því var lagður grunnur að gæðastjórnun sem meðal annars felur í sér eftirlit með störfum þeirra. Eftirlitið byggir á gildandi starfsskilyrðum, sjá viðauka 6, en einnig siðareglum sáttamiðlara í Skotlandi (e. *Code of Practice*), sjá viðauka 5. Skráning sáttamiðlara sem uppfylla nauðsynlegar kröfur (e. *Registered Mediators*) samkvæmt

framangreindu er á hendi sáttamiðlaraskrár í umsjón Scottish Mediation.

Viðurkenndir sáttamiðlarar skulu hafa hlotið sérstaka þjálfun og jafnframt uppfylla skilyrði um skráningu og faggildingu, árlegan lágmarkstíma við sáttamiðlun, árlegt eftirlit, skyldubundna starfsþróun og fleira.

Starfsheitið sáttamiðlari er á hinn bóginn ekki lögverndað starfsheiti í Skotlandi. Sáttamiðlarar vísa þó í vaxandi mæli til þeirra gæðastaðla sem unnið er eftir og gefnir eru út af þeim aðilum sem hlotið hafa opinbera viðurkenningu til að annast fræðslu og þjálfun á þessu sviði. Talið er að markviss notkun gæðakerfa á sviði sáttamiðlunar sé í raun fyrsta skrefið í átt að faggildingu starfsins.<sup>134</sup>

Þó unnt sé að rekja sögu sáttamiðlunar í Skotlandi nokkra áratugi aftur í tímann voru reglur um þjálfun sáttamiðlara fyrst settar árið 2011. Samhliða tóku gildi reglur um kennsluréttindi á þessu sviði. Nokkrum lögaðilum hafa verið veitt kennsluréttindi og því er boðið upp á sértæka þjálfun fyrir sáttamiðlara á afmörkuðum sviðum. Sérstakar starfs- og siðareglur gilda því fyrir sáttamiðlara á sviði fjölskyldumála, nábýlisréttar í rýmri merkingu, samninga- og ágreiningstjórnunar og eignaréttar- og framkvæmda.<sup>135</sup> Auk þess býður lögfræðingafélag Skotlands upp á nám í sáttamiðlun í fjölskyldumálum og viðskiptum fyrir félagsmenn sína. Þar eru auk lagaprófs gerðar kröfur um fullnægjandi reynslu sem studd skal vottorði sérfræðings í sáttamiðlun auk sértækra 30 klst. þjálfunar í formi æfinga og kennslu á þriggja ára fresti.<sup>136</sup> Þá skal gætt siða- og starfsreglna fyrir sáttamiðlara í fjölskyldumálum.<sup>137</sup> Einnig er boðið upp á sjálfstætt nám í sáttamiðlun fyrir reynda lögfræðinga á sviði fjölskylduréttar undir merkjum CALM, en þar er 10 ára

<sup>130</sup> Irvine, C. (2017). Scotland. Í N. Alexander, S. Walsh, & M. Svatos, *EU Mediation Law Handbook*, bls. 693.

<sup>131</sup> Scottish Statutory Instruments. (21. mars 2011). 2011 No. 234 Mediation. *The Cross-Border Mediation (Scotland) Regulations 2011*. Edinburgh.

<sup>132</sup> European Commission. (án dags.). *European Code of Conduct for Mediators*. European Judicial Network for Civil and Commercial Matters.

<sup>133</sup> *Court of Session Rules*. (án dags.). Scottish Courts and Tribunals. 49:23: „In any family action in which an order in relation to parental responsibilities or parental rights is in issue, the court may, at any stage of the action where it considers it appropriate to do so, refer that issue to a mediator accredited to a specified family mediation organisation“.

<sup>134</sup> Irvine, C. (2017). Scotland. Í N. Alexander, S. Walsh, & M. Svatos, *EU Mediation Law Handbook*, bls. 685.

<sup>135</sup> Scottish Community Mediation Network. (6. september 2017). *Mediator Accreditation Standards*.

<sup>136</sup> *Accredited mediators*. (án dags.). Sótt frá Law Society of Scotland.

<sup>137</sup> Law Society of Scotland. (2019). *Code of Practice and Statement of Principles for Family Mediators*.

starfsreynsla áskilin.<sup>138</sup> Jafnvel stofnun um gerðardóma (e. *Chartered Institute of Arbitrators*) hefur milligöngu um sáttamiðlun og lýsir vaxandi vinsældum með þeim orðum að þegar litið sé ávinnings vegna minni kostnaðar, styttri og óformlegri málsmeðferðar og sveigjanleika sé ljóst að sáttamiðlun hafi margt að bjóða.<sup>139</sup>

Að framangreindu frátöldu leggja ýmsir aðilar stund á sáttamiðlun á öðrum forsendum. Dæmi um það eru sáttamiðlarar sem starfa innan fyrirtækja og samtaka í Skotlandi. Þó unnt sé að draga hlutleysi slíkra aðila í efa er ekkert í skosku lagaumhverfi sem útilokar slíka starfsemi. Kemur það heim og saman við þá afstöðu skoskra stjórnvalda að reisa ekki skorður við þróun á þessu sviði.<sup>140</sup>

Samkvæmt framansögðu er ljóst að grasrótarstarf á sviði sáttamiðlunar er umtalsvert. Þekkingarsetrið *Scottish Community Mediation Centre* er ágætt dæmi um vettvang sem hefur það hlutverk að þróa og efla gæði sáttamiðlunar á afmörkuð réttarsviði, nábýlisrétti. Setrið hefur umsjón með stjórnsýslu *Scottish Community Mediation Network*, sem sinnir faggildingu sérhæfðra sáttamiðlara og stuðlar að auknum gæðum og fagmennsku á því sviði og heldur auk þess skrá yfir 50-100 viðurkennda sáttamiðlara, þjónustu þeirra og þjálfun.<sup>141</sup>

### 5.4.3 Stétt, staða og hlutverk

Sífelld fleiri lögfræðingar sækja þjálfun og faggildingu á þessu sviði. Jafnframt blasir við að skoskir lögfræðingar auglýsa í auknum mæli þjónustu á sviði sáttamiðlunar. Fræðimenn hafa bent á að mikilvægt sé að líta á sáttamiðlun sem valkost við dómsmeðferð. Þegar af þeirri ástæðu séu lögfræðingar í sérstakri aðstöðu, ekki síst vegna reynslu og þekkingar sem nýst getur við undirbúning og framkvæmd sáttamiðlunar.<sup>142</sup> Þá hefur verið bent á að vaxandi áhersla og viðurkenning

sáttamiðlunar á vettvangi dómstóla sé líkleg til að stuðla að markvissari og árangursríkari sáttamiðlun í stað hefðbundinna sáttafunda.<sup>143</sup>

Þó bar svo við í Englandi árið 2016 að sá hópur sem hefur annan bakgrunn en lagapróf myndar meirihluta sáttamiðlara eða 57%. Þykir það ásamt öðru vera til marks um vaxandi beitingu sáttamiðlunar á Bretlandseyjum.<sup>144</sup> Sú staðreynd að Skotland stendur Englandi nokkuð að baki hvað þróun á þessu sviði varðar, samanber það sem áður er fram komið um takmarkaða lagasetningu og gróskuminni markað, setur mark sitt á þessa skiptingu í Skotlandi. Þá er ekki að finna ritaðar heimildir um þetta efni. Við framkvæmd rannsóknarinnar kom hins vegar fram í viðtölum við heimildarmenn úr hópi dómara, lögmannna og sáttamiðlara að ekki væri að efa að hlutur lögfræðinga í sáttamiðlarastétt væri yfir helmingi.

Almennt byggir ábyrgð sáttamiðlara á lögum með vísan til stöðu þeirra og sérfræðiþekkingar, svo sem gildir um aðrar fagstéttir. Engar vísbendingar eru um að skosk yfirvöld muni líta sáttamiðlun öðrum augum ef frá er talin hin lögbundna undanþága sáttamiðlara á sviði fjölskylduréttar frá vitnaskyldu sem áður er nefnd. Starfsábyrgðartrygging er áskilin vegna skráningar í sáttamiðlaraskrá auk þess sem gert er ráð fyrir því að allir málsaðilar eigi kost á formlegum úrræðum vegna kvartana sem settar eru fram vegna starfa sáttamiðlara, eftir atvikum á grundvelli gildandi málsmeðferðarreglna *Scottish Mediation*.<sup>145</sup>

Ráðgjöf um sáttamiðlun (e. *mediation advocacy*) er sjálfstætt viðfangsefni. Með því er átt við leiðbeiningar, undirbúning og aðstoð í aðdraganda og við ákvörðun aðila um sáttamiðlun en einnig þegar stuðlað er að þátttöku gagnaðila. Slík ráðgjöf kann að fela í sér lögfræðilegt mat eða val á sáttamiðlara, til dæmis vegna könnunar á þekkingu og reynslu

<sup>138</sup> CALM Scotland. (án dags.). Sótt frá Calm Scotland: Sótt þann 27.11.2017.

<sup>139</sup> Chartered Institute of Arbitrators. (án dags.): „Coupled with the cost and time benefits, the flexibility and relative informality of the process results in mediation having much to offer“.

<sup>140</sup> Irvine, C. (2017). Scotland. Í N. Alexander, S. Walsh, & M. Svatos, *EU Mediation Law Handbook*, bls. 674.

<sup>141</sup> Scottish Community Mediation Centre. (3. febrúar 2018). Mediator Accreditation Standards.

<sup>142</sup> Irvine, C. (4. apríl 2012). Mediation: business as usual. *The Journal of the Law Society of Scotland*.

<sup>143</sup> Irvine, C. (2017). Scotland. Í N. Alexander, S. Walsh, & M. Svatos, *EU Mediation Law Handbook*, bls. 687.

<sup>144</sup> The Center for Effective Dispute Resolution. (11. maí 2016). *Mediation Market grows by 5%: The 2016 Mediation Audit*.

<sup>145</sup> Irvine, C. (2017). Scotland. Í N. Alexander, S. Walsh, & M. Svatos, *EU Mediation Law Handbook*, bls. 685.

sáttamiðlara eða hvort ráðgjöf löglærðra eða ólöglærðra teljist heppilegri. Goodman hefur bent á að heppilegt val á viðeigandi sáttamiðlara kunni að reynast mikilvægasta ákvörðunin í sáttamiðlunarferlinu. Þá telst slík ráðgjöf einnig fela í sér undirbúning aðila fyrir sáttamiðlun auk stuðnings eða fyrirsvars við meðferð málsins samhliða því sem stuðlað er að raunhæfri sátt.<sup>146</sup>

Hlutverk sáttamiðlara, aðferðir og ekki síst takmörk eru sígilt viðfangsefni, en fræðiskrif sem fagumræða er umtalsverð. Þannig eru spurningarnar um frumkvæði sáttamiðlara við framkvæmd sáttamiðlunar og lausnaleit sígildar. Sama gildir um skilsmun almennra leiðbeininga og matskenndra ábendinga sáttamiðlara. Rannsóknir sem gerðar hafa verið í Englandi og Wales sýna að sáttamiðlarar styðja að öllu jöfnu sameiginlega afstöðu aðila svo lengi sem hún telst lögmæt að teknu tilliti til hagsmuna þriðja aðila. Hefur sú ályktun því verið dregin að ekki liggi annað fyrir en að sáttamiðlurum sé rétt að beita sér með nægilega afgerandi hætti til að stuðla að sáttum milli aðila.<sup>147</sup>

Sama gildir um sáttatillögugerð en ýmis ólík sjónarmið hafa komið fram um hvar draga skuli mörk að því leyti, einkum með tilliti til hlutleysissjónarmiða. Í 4. mgr. 8. gr. laga um sáttamiðlun á Írlandi má finna nýlegt dæmi sem telja má nokkuð hefðbundið, en þar segir að sáttamiðlara sé heimilt að setja fram sáttatillögu í málinu á grundvelli beiðni aðila enda sé þess gætt að aðilarnir sjálfir taki upplýsta afstöðu til sáttatillögunnar.<sup>148</sup>

Þá má nefna nýlega greiningu á reynslu aðila og sáttamiðlara af nýjum lagaheimildum um sáttamiðlun við einfalda málsmeðferð fyrir dómi í Skotlandi. Athygli vekur að viðhorf málsaðila markast af jákvæðri afstöðu til almenns hlutleysis sáttamiðlara. Þrátt fyrir það er mikil ánægja með leiðbeiningar sáttamiðlara um lögfræðileg atriði. Var þetta ekki talið raska skilningi aðila á hlutleysisskyldu sáttamiðlarans. Skilningur

margra sáttamiðlara var hins vegar sá að hlutleysi jafngilti athafnaleysi með tilliti til mats og leiðbeininga um lögfræðileg atriði. Af þessu tilefni hafa fræðimenn undirstrikað mikilvægi þess að skýra nánar skilning á hlutleysi (e. *neutral*) við þessar aðstæður. Þannig kunni hugtakið óháður (e. *impartial*) að eiga betur við. Hið sama gildi um framsetningu matskenndra þátta (e. *evaluation*) af hálfu sáttamiðlara. Þegar öllu er á botninn hvolft er aðilum jafnan frjálst að leggja slíkt mat til grundvallar sátt kjósi þeir svo. Þá er ekki talið farsælt að þekkingu og upplýsingum sé haldið frá aðilum að ósekju.<sup>149</sup>

## 5.5 SÁTTAFERLIÐ

Það er grunnregla skosks réttarkerfis að aðilar flytji mál sitt fyrir bærum og óháðum aðila áður en dómur er upp kveðinn. Af sömu reglu leiðir að kjósi aðilar að leysa úr ágreiningi sínum með öðrum hætti þá hafa þeir frelsi til þess. Dómstólar eiga því að jafnaði enga aðkomu að slíkri málsmeðferð eða samningagerð nema gengið sé á svig við önnur og réttærri réttindi.<sup>150</sup>

Þrátt fyrir nokkra tregðu til að marka sátt- og samningsgerð sérstakan farveg í lögum (samanber þá mótsögn sem fylgin er í langri gerðardómshefð á Bretlandseyjum) hafa skosk stjórnvöld stutt dyggilega við þróun og eflingu sáttamiðlunar. Nægir að vísa til þess sem áður segir um viðbrögð við reglusetningu ESB um sáttamálefni sem meðal annars fólust í stuðningi stjórnvalda við uppbyggingu skráningarkerfis sáttamiðlara, eftirlits og fleira. Því er með skoðun á þeim reglum sem mótast hafa í framkvæmd hægt að festa hendur á upplýsingum um fyrirkomulag sáttamiðlunar í Skotlandi.<sup>151</sup>

Fyrir liggur að sáttamiðlun hefur skapað sér nokkurn sess á síðustu tveimur áratugum á afmörkuðum réttarsviðum. Helstu dæmi um það varða sáttamiðlun vegna fjölskyldumála, nágrannadeilna, þjónustu við

<sup>146</sup> Goodman, A. (2010). *Mediation Advocacy*, bls. 27-29 og 46-51.

<sup>147</sup> Irvine, C. (4. apríl 2012). Mediation: business as usual. *The Journal of the Law Society of Scotland*.

<sup>148</sup> Mediate Ireland. (2018). Mediation Act 2017. „The mediator may, at the request of all the parties, make proposals to resolve the dispute, but it shall be for the parties to determine whether to accept such proposals.“

<sup>149</sup> Irvine. (13. ágúst 2018). Evaluation or guidance? What do small claimants want from mediators?

<sup>150</sup> Mays, R. (2000). *SCOTS LAW*. London: Butterworths, bls. 57.

<sup>151</sup> Irvine, C. (2017). EU Mediation Law Handbook. Í W. S. Ed Alexander Nadja, *EU Mediation Law Handbook*, bls. 674-675.



fatlað fólk, lögmannsstarfa, ágreiningsmála innan háskólasamfélagsins og viðskipta-ágreinings, en síðastnefnt svið er meðal annars talið ná til ágreinings um fjármál, verktöku, neytendamál, landbúnað og tryggingamálefni.

Sjaldgæft er að sérstakar málsmeðferðarreglur gildi umfram almennar viðmiðanir á viðkomandi réttarsviði og þær sem aðilar og sáttamiðlarar samþykkja hverju sinni, eftir atvikum með vísan til almennra reglna Scottish Mediation. Þó gerir gildandi réttur á sviði fjölskyldumála og reglur um störf lögmannna þar að lútandi ríkari kröfur til sáttamiðlara en almennt gerist.

Samanburðarrannsókn á gildandi starfsskilyrðum sáttamiðlara á sjö málefnasviðum hefur leitt í ljós fjölmörg sameiginleg skilyrði. Til grundvallar liggja hinar almennu starfsreglur Scottish Mediation auk síðareglna sem áður er vísað til. Þannig er gengið er út frá því að sáttamiðlun sé *valkvæð*, samanber þó heimild dómara til að vísa málum á sviði fjölskylduréttar í sáttamiðlun. *Hlutleysi og sjálfstæði* sáttamiðlara er ávallt undirstrikað auk þess sem kröfur um *hæfni* sáttamiðlara eru einatt áskildar, eftir atvikum með tilvísun til þekkingar á viðkomandi málefnasviði. Sama gildir um *trúnaðarskyldu*, með lögbundnum umframkröfum í fjölskyldumálum en nákvæmari og þróaðri útfærslu í þeim tilvikum þar sem reynir á sértæka viðskiptahagsmunum af ólíkum toga. Þar sem sáttamiðlun er enn tiltölulega nýlegt úrræði er talið mikilvægt að *réttur skilningur aðila* á sáttamiðlun sé fyrir hendi. Í nokkrum tilvikum er sérstaklega fjallað um *bann við auglýsingum* og umfjöllun sem talin er geta stuðlað að óraunhæfum væntingum um árangur. Af sama meiddi eru ákvæði sem leggja *bann við gjöfum*, viðskiptavild eða slíku. Þá er *bann við mismunun og gagnkvæm virðing* undirstrikuð í fáeinum tilvikum. Að öðru leyti er víða fjallað um upplýsingaskyldu sáttamiðlara vegna möguleika aðila til að setja

fram *kvörtun* og málsmeðferð í tilefni af því.<sup>152</sup>

Sáttaferlinu er ekki lýst nákvæmlega í gildandi Evrópureglum, heldur kemur þar fram að um sé að ræða ferli þar sem ágreiningsaðilar leitast við að ná samkomulagi og/eða að bæta gagnkvæman skilning með aðstoð óháðs menntaðs sáttamiðlara.<sup>153</sup>

## 5.6 RÉTTARSVIÐ

Sáttamiðlun hefur skotið rótum í skosku stjórnkerfi og stjórnslu. Stuðlað er að utanréttarsáttum með beitingu sáttamiðlunar á fjölmörgum réttarsviðum, jafnvel flestum. Fyrir dómi gefast aðilum einnig tækifæri til að ljúka málum með réttarsáttum að undangenginni sáttamiðlun að vissum skilyrðum uppfylltum. Umtalsverð þróun á sér stað og er hvorki takmörkuð við viðfangsefni hins opinbera né lausnir á einkamarkaði.

### 5.6.1 Meðferð einkamála

Almenn sáttaskylda hefur lengi ríkt í skosku réttarkerfi. Hin seinni ár hafa stór skref verið stigin til að stuðla að enn ríkari beitingu sáttameðferðar fyrir skoskum dómstólum. Ágætt dæmi um það eru fyrir máli æðsta dómstóls Skotlands í einkamálum, *The Court of Session*, frá árinu 2004 þar sem málsaðilum var leiðbeint um möguleika á sáttameðferð. Í nýlegum starfsreglum dómstólsins nr. 1/2017 er gengið lengra og málsaðilum kynnt að dómstólum sé eftirleiðis gert að leggja sérstaka áherslu á sáttameðferð í störfum sínum. Sérstaklega er lögð áhersla á ágreining á sviði fjármunaréttar í viðum skilningi.<sup>154</sup>

Dómara er heimilt að vísa einkamálum í sáttameðferð á hvaða stigi sem er enda hafi mál ekki verið dómtekið. Þó er áréttað að æskilegt sé að slíkt eigi sér stað sem fyrst eftir að mál er höfðað. Þá er því beint til aðila að þeim beri að íhuga vandlega og eiga samskipti um hvort sakarefni eða hluti þeirra kunni að vera þess eðlis að unnt sé að hefja

<sup>152</sup> Irvine, C. (2017). Scotland. Í N. Alexander, S. Walsh, & M. Svatos, EU Mediation Law Handbook, bls. 681-684.

<sup>153</sup> European Commission. (án dags.). European Code of Conduct for Mediators. „[A] process in which disputing parties seek to build agreement and/or improve understanding with the assistance of a trained mediator acting as an impartial third party.“

<sup>154</sup> CMS legal. (27. mars 2017). Commercial Court in Scotland Increases Emphasis on ADR.

sáttameðferð. Samhliða er lagt fyrir dómstóla að sjá til þess að áður en til aðalmeðferðar kemur skuli tryggt að aðilar eigi samskipti um hvort sáttameðferð kunni að skila árangri að hluta til eða að öllu leyti. Skal dómurinn kalla eftir upplýsingum um hvaða skref málsaðilar hafi stigið að þessu leyti. Þannig er málsaðilum ætlað að upplýsa dóminn um tilraunir til að ná fram réttarsátt. Jafnframt skal dómurinn ganga úr skugga um hvort unnt sé að stíga frekari skref sem eru til þess fallin að stuðla að sátt í málinu með aðstoð réttarins.<sup>155</sup>

Heimildir skoskra dómara hafa hingað til falist í því að gera aðilum skylt að halda sérstaka sáttafundi með það fyrir augum að kanna hvort ágreining kunni að vera hægt að leysa með réttarsátt að hluta eða öllu leyti. Hinar nýju reglur undirstrika hins vegar að eftirleiðis muni sameiginlegir sáttafundir að meginreglu eiga sér stað í nær öllum málum af þessu tagi. Sérstaklega er tekið fram í reglunum að sinni aðilar ekki skyldu sinni til raunverulegrar sáttameðferðar samkvæmt fyrirmælum dómsins kunni það að leiða til réttarfarssekta, þar á meðal vegna kostnaðar sem af slíkri afstöðu leiðir.

Ensk réttarframkvæmd gengur mun lengra hvað þetta varðar. Annars vegar hafa gildandi réttarfarsreglur um sáttamiðlun almenna skírskotun að því er sakarefni varðar. Hins vegar leggja réttarfarsreglur um undirbúning málshöfðunar (e. *Pre-action protocols*) og heimildir til réttarfarssekta ríka áherslu á að vandað sé til verka við undanfarandi sáttamiðlun. Vanræksla við framkvæmd þeirra telst fela í sér brot á gildandi reglum um störf lögmannna og kann að varða ábyrgð.<sup>156</sup>

All nokkrir dómar hafi gengið á Bretlandseyjum þar sem reynt hefur á frávik af ýmsu tagi við framkvæmd og þátttöku í sáttamiðlun. Í *Carleton o.fl. gegn Strutt og Parker* var því slegið föstu að ef dómari lítur svo á að málsaðili hafi tekið ósanngjarna afstöðu við framkvæmd sáttamiðlunar þá skuli aðilar eins settir og ef sáttamiðlun hafi verið hafnað. Við

ákvörðun skaðabóta í málinu tók dómurinn mið af því að sáttamiðlun varð árangurslaus af þessum sökum og því var stefandi látinn bera þriðjung tjóns síns.

Þá staðfestir dómaframkvæmd að óheimilt sé við dómsmeðferð að byggja á atriðum, þar á meðal játningum eða staðfestingum, sem komið hafa fram við sáttameðferð. Til grundvallar framangreindu liggur sú hugsun að hvorki skuli staðið í vegi fyrir frjálsri tjáningu við sáttaborð né samræðu um lausnir sem ekki eru aðgengilegar við dómsmeðferð. Hins vegar að sáttameðferð feli í sér sameiginlegan skilning um að unnið sé að sátt.<sup>157</sup> Grundvallar dómur um framangreint er *Rush og Tompkins gegn GLC* [1989] AC 1280, sem segja má að veiti þátttakendum við sáttamiðlun vernd á grundvelli trúnaðarreglu ef til dómsmeðferðar kemur.<sup>158</sup> Hins vegar má nefna má dóm í máli *Ferster gegn Ferster* [2016] EWCA 717 þar sem saknæm háttsemi af hendi sáttamiðlara var talin réttlæta frávik frá meginreglunni, en sáttamiðlari var talinn eiga aðild að tilraun til auðgunarbrots annars aðilans.<sup>159</sup>

Af framansögðu er ljóst að dómstólar í Englandi, Wales og Írlandi búa yfir rýmri heimildum til að ljúka málum með öðrum hætti en með uppkvaðningu dóms. Jafnframt liggur fyrir að þátttaka í sáttamiðlun nýtur vissrar verndar á grundvelli dómaframkvæmdar. Þess utan ná heimildir dómara til að fresta málum sérstaklega vegna sáttatilauna. Þá er ljóst að dómaframkvæmd heimilar dómstólum að endurspeglja sáttavilja, athafnaleysi eða mótþróa við sáttaumleitanið í málskostnaðarákvörðun. Jafnframt má nefna fyrirmæli um skyldubundna sáttameðferð að skilyrðum uppfylltum. Heimildir um öfuga sönnunarbyrði kunna jafnvel að eiga við þar sem aðilum er gert að sýna fram á að mál sé ekki tækt til sáttameðferðar. Eru þá ónefndar heimildir dómstóla til að mæla fyrir um skyldubundna sáttameðferð.<sup>160</sup>

Helstu áskoranir sem dómsmálafyrirvöld í Englandi og Wales standa frammi fyrir taka

<sup>155</sup> Court of Session. (án dags.). PRACTICE NOTE No. 1 of 2017 Commercial Actions.

<sup>156</sup> Bill Marsh, A. O. (2017). England and Wales. Í S. W. Nadja Alexander, EU Mediation Law Handbook, bls. 219 og 237.

<sup>157</sup> Hér er vísað til þekkrar meginreglu WPP, „without prejudice“ privilege, sem sjá má í klassískri undirritun breskra lögmannna.

<sup>158</sup> *Rush & Tompkins Ltd. v. Greater London Council* [1989] AC 1280, 1989.

<sup>159</sup> Paul Kirkwood (2019). The Black Box of Mediation – Can it be Broken Open ?

<sup>160</sup> Bill Marsh, A. O. (2017). England and Wales, bls. 215-221.

mið af þróun sem er lengra á veg komin en í Skotlandi. Áskoranirnar í fyrrnefndum löndum eru öðru fremur taldar snúa að því að þroska og auka þau gæði sem sáttamiðlunarúrræðinu fylgja, svo sem með því að leiða fram sátt eins fljótt og kostur er. Annað dæmi eru áform um skyldubundna sáttameðferð í líkamstjónamálum sem rekin eru fyrir dómstólum í Englandi.<sup>161</sup> Það er til marks um afrakstur sáttaframkvæmdar á frumstigum mála í Englandi að sáttahlutfall telst vera á bilinu 80-90%.<sup>162</sup>

### 5.6.2 Einfeldari málsmeðferð fyrir dómi

Mikilvæg breyting varð á skosku einkamálaréttarfari í nóvember 2016, en þá tóku gildi nýjar málsmeðferðarreglur, kenndar við *Simple Procedure*. Almenn má segja að hinar nýju reglur feli í sér þá meginbreytingu að í stað hefðbundinnar málsmeðferðar minniháttar mála fyrir dómi (e. *Small Claims and Summary Cause Cases*) er nú ekki aðeins miðað við nýjar stefnufjárhæðir, það er fjárkröfur allt að 5000 GBP, heldur einnig einfaldari málsmeðferð með sérstakri áherslu á notendavæn eyðublöð, aðgengilegan skýringartexta og lágmarks notkun lögfræðilegra hugtaka.<sup>163</sup>

Helsta nýjungin samkvæmt framangreindu er innleiðing sáttamiðlunar í skosk réttarfarslög. Málsaðilar eru sérstaklega hvattir til að gera tilraun til að setta ágreining sinn með samningaumleitunum eða sáttamiðlun. Jafnframt er áréttað að aðilum beri skylda til að taka þátt í sáttaumleitunum með opnum huga. Tekið er fram að möguleikar á slíkum sáttatilraunum séu fyrir hendi allt þar til dómur gengur. Sú skylda er jafnframt lögð á herðar dómurum að hvetja málsaðila til þátttöku í sáttamiðlun þar sem við á. Sá almenni fyrirvari er þó gerður að mál sé þannig vaxið að unnt sé að ná fram viðeigandi úrlausn fyrir málsaðila.<sup>164</sup>

Á það hefur verið bent að þessi þáttur málsmeðferðarinnar, það er að segja

frumkvæði dómara og hvatning til sáttamiðlunar, hafi verið talinn einn sá veigamesti við mat á árangri innleiðingar sáttamiðlunar fyrir dómi í Englandi á árunum 1996 til 2004, en sú breyting er almennt talin hafa falið í sér réttarbætur í enskum rétti.<sup>165</sup>

Sérstakar leiðbeiningar hafa verið gefnar út af Strathclyde háskóla þar sem nánar er fjallað um sáttamiðlun fyrir dómi, en þær gilda bæði um flýtimálsmeðferð sem hefðbundna. Þar er gerð grein fyrir völdum þáttum málsmeðferðarinnar, svo sem um ákvörðun um sáttamiðlun, forsendum sáttamiðlunar, einkenni mála með tilliti til líkinda á sátt, tilvísun til sáttamiðlara, sáttafærlíð og málslok. Samhliða hafa verið gefin út einföld eyðublöð sem leggja grunn að upphafi sáttamiðlunar, frestun máls fyrir dómi, niðurstöðu sáttamiðlunar, afturköllun máls á grundvelli sáttar og fleira.<sup>166</sup>

Reynslan af innleiðingu *The Simple Procedure* í Skotlandi, fyrirkomulag og fleira var á meðal þess sem gert var að umræðuefni í viðtölum við heimildamenn og nánar er fjallað um í niðurstöðum í 6. kafla.

### 5.6.3 Fjölskylduréttur

Sáttamiðlun á sviði barna- og fjölskylduréttar hefur lengi staðið borgurinum til boða utan réttar en einnig fyrir dómi. Slík mál eiga því ávallt kost á sáttamiðlun.

Fjölskylduréttur telst því vera það réttarsvið sem lengst er á veg komið hvað varðar innleiðingu sáttamiðlunarúrræðisins almennt séð, en þar hafa fjölmargar vísbendingar um jákvæð áhrif sáttamiðlunar komið fram. Gildir þá einu hvort horft er til fjölda ágreiningsmála sem lokið er með aðstoð lögmanna á grundvelli samkomulags ellegar færri uppkveðinna dóma, en fækkun dómsmála á þessu sviði í Skotlandi er um 42% á tíu ára tímabili frá árinu 2006 til 2015. Rannsóknir á skoskri réttarframkvæmd hafa leitt að því líkum að áhrif þessarar þróunar sé

<sup>161</sup> Kirkwood, P. (11. júní 2018). *Open letter to Nicola Sturgeon*. iScot Magazine.

<sup>162</sup> Justice Committee. (6. febrúar 2018). *Alternative dispute resolution*.

<sup>163</sup> Boyack, G. (16. January 2017). Simple Procedure - It's Complicated. *The Journal of the law society of Scotland*.

<sup>164</sup> Scottish Statutory Instruments. (28. November 2016). Act of Sederunt (Simple Procedure) 2016. *2016 No. 200 Sheriff Court Act of Sederunt (Simple Procedure) 2016*.

<sup>165</sup> Courts and Tribunals Judiciary. (16. maí 2009). *Court mediation service manual*.

<sup>166</sup> Strathclyde University. (2016). Guide of the Effective Use of Mediation in Courts Actions.

öðru fremur að rekja til vaxandi áhuga og þekkingar borgaranna á möguleikum til mildari málsmeðferðar á borð við sáttamiðlun í samanburði dómsmeðferð. Athygli vekur að þrátt fyrir umtalsvert lægri kostnað aðila vegna sáttamiðlunar í samanburði við dómsmeðferð benda rannsóknir til að sá þáttur hafi þegar öllu er á botninn hvolft ekki teljandi vægi. Hefur sú ályktun jafnframt verið dregin að þar sem um tiltölulega nýlega þróun sé að ræða og þar sem nútímalegri og aðgengilegri tæknilausnir hafi enn ekki verið innleiddar að fullu sé rík ástæða til að gera ráð fyrir áframhaldandi þróun í þessa veru.<sup>167</sup>

Sjálfsfseignarstofnunin Relationships Scotland sem fjallað er um í kafla 5.1 hefur sérstöðu en stofnunin annast sáttamiðlun á þessu sviði í Skotlandi. Auk þess að sinna ágreiningsmálum vegna forsjár, meðlags, umgengni o.fl. annast hún ýmis verkefni á borð við aðlögun samskipta og hefur milligöngu um fjarfundasamskipti foreldra og annarra aðstandenda við börn. Stofnunin sinnir málum sem stofnað er til af aðilum sjálfum. Þá sinnir hún málum sem berast frá dómstólum og lögmönnum, en þau snúa ýmist að hefðbundinni framkvæmd sáttamiðlunar en einnig að nýlegu og áhugaverðu fræðsluverkefni „Parenting Apart Project“. Auk þess annast stofnunin útgáfu fjölbreytts fræðsluefnis, svo sem leiðbeininga, heilræða og vasabæklinga, fyrir foreldra en einnig fyrir börn og unglíngi.<sup>168</sup>

Sáttamiðlun er sú grundvallaraðferð sem beitt er af hálfu stofnunarinnar, en hún fer fyrir 22 þjónustuskrifstofum um allt land. Aðgangur almennings er almennt gjaldfrjálst en rúmur helmingur mála (54%) stafar frá aðilum sjálfum vegna byrjandi eða yfirstandandi ágreinings. Um 10% mála sem þangað er vísað til sáttamiðlunar stafa frá dómstólum en um þriðjungur mála frá lögmönnum aðila. Þess utan berast beiðnir um sáttamiðlun í um 5% tilvika frá öðrum

aðilum, svo sem sveitarfélögum og heilbrigðisstofnunum.<sup>169</sup> Þá starfrækir Relationships Scotland 44 samskiptasetur vegna barna (e. *child contact centres*) vítt og breytt um Skotland. Flestir starfsmenn sem sinna sáttamiðlun af hálfu Relationships Scotland búa að menntun á félagsvísindasviði og fæstir eru löglærðir. Við málsmeðferð leiðbeinir stofnunin um víðeigandi samningsgerð á grundvelli niðurstöðu sáttamiðlunar en um skjalagerð er að jafnaði vísað til starfandi lögmanna gerist þess þörf.<sup>170</sup>

Verkefnið *Parenting Apart Project* telst vera ein helsta nýjungin við sáttameðferð á þessu sviði í Skotlandi. Um er að ræða stutt námskeið fyrir foreldra um aðlögun og breytt foreldrahlutverk sem haldið er til fyllingar almennri málsmeðferð ágreiningsmála og hefðbundinni sáttamiðlunarframkvæmd Relationships Scotland. Verkefnið hefur notið sérstakra fjárveitinga heimastjórnarinnar frá árinu 2015. Það nýtur nú mikillar velgengni og er það talið hafa aukið þátttöku í sáttamiðlun umtalsvert og fækkað dómsmálum. Hefur þátttaka frá árinu 2015 til 2018 vaxið um 67% en árangur verkefnisins er talinn byggja á betri skilningi þátttakenda, gæðum samskipta, skipulags og sáttavilja. Þá mæla 99% þátttakenda með námskeiðinu og 73% telja námskeiðið beinlínis hafa aukið gæði samskipta og bætt líðan barna.<sup>171</sup> Nánar tiltekið er um að ræða þriggja klst. einskiptisnámskeið sem haldin eru fyrir hópa en í undantekningartilvikum fyrir einstaklinga. Aðgangur er óháður stöðu máls hverju sinni en þó gildir sú regla að foreldrar barns sækja aldrei sama námskeiðið. Nýjustu athuganir sýna að helmingur þátttakenda felldi niður dómsmál sem höfðuð voru og er nú svo komið að hin skoska gjafsóknarnefnd, SLAB, gerir sérstaka grein fyrir verkefninu á sínum vettvangi. Þá hefur notkun á samskiptasetrum Relationships Scotland sem og öðrum stuðningi minnkað samhliða.<sup>172</sup>

<sup>167</sup> Consensus Collaboration Scotland. (30. október 2017). *Collaborative Divorce Trends 2017*. More Scots seeking out of court divorce settlements research reveals

<sup>168</sup> Relationships Scotland. (Sótt 18. júní 2018). About us.

<sup>169</sup> Relationships Scotland. (2018). RELATIONSHIPS SCOTLAND ANNUAL STATISTICS 2017-18, bls. 5.

<sup>170</sup> Relationships Scotland. (22. maí 2018). *Relationships Scotland*.

<sup>171</sup> Relationships Scotland. (2018). Parenting apart project - Outcomes Report for Apr 2017 - Mar 2018, bls. 2-4.

<sup>172</sup> Cubitt, R. (2018). *Parenting Apart - Information and Update May 2018*. Edinburgh: Relationships Scotland.

#### 5.6.4 Önnur réttarsvið

Of langt mál yrði að lýsa öllum þeim réttarsviðum og málsmeðferðarreglum þar sem sáttamiðlun er beitt í skoskri stjórnslu, réttarkerfi og samfélagi. Þess í stað skulu tíunduð nokkur dæmi í þeim tilgangi að gefa almennt yfirlit um beitingu sáttamiðlunar, annars vegar á sviði opinbers réttar en hins vegar á sviði einkaréttar. Síðar í þessum kafla verða þó tekin nokkur dæmi um málaflokka sem langt eru komnir með innleiðingu sáttamiðlunar auk þeirra sem þegar eru nefndir.

Á sviði opinbers réttar hefur sáttamiðlun víða verið markaður farvegur. Á sviði stjórnarfars- og sveitarstjórnarréttar má finna jafn ólík dæmi og sáttamiðlun vegna mistaka við lagasetningu, viðfangsefna almannafræðna, skipulags sorphirðu, skipulagsmálefna sveitarfélaga og viðfangsefna umhverfisverndar. Jafnframt hafa heilbrigðisyrðild nýtt sáttamiðlunarúræðið með margvíslegum hætti, svo sem vegna mistaka innan heilbrigðiskerfisins, skipulagðra viðbragða við úrvinnslu kvartana vegna umönnunar og vegna samskipta heilbrigðisstarfsfólks. Sama gildir um menntakerfið sem hefur tekið sáttamiðlun upp á arma sína, svo sem í tengslum við meðferð kvartana frá nemendum, starfsmannamálefni og ágreining um fjármögnun rannsóknarverkefna á háskólastigi. Þá á sáttamiðlun samnemenda vaxandi velgengi að fagna þar sem nemendur njóta fræðslu um aðferðir sáttamiðlunar með það að markmiði að bæta innbyrðis samskipti. Sama gildir um samskipti skóla og foreldra barna með sérþarfir. Þá á sáttamiðlun nokkurn sess á sviði húsnæðismála, samanber síðar.<sup>173</sup>

Á sviði einkaréttar má jafnframt finna fjölmörg dæmi, svo sem á sviði eignaréttar í tengslum við lögskipti landeigenda og ábúenda, nýtingu lands og landskipti og einnig vegna ágreinings um verksamninga sem spannað geta allt frá einföldum viðhaldssamningum húsnæðis yfir í

stórverkefni á borð við endurskipulagningu samgöngumannvirkja, þar á meðal lestarkefna. Einnig á fjölmörgum sviðum leiguréttar og nábyliréttar, svo sem varðandi nýtingu sameigna og hljóðmengunar, ágreining vegna leigu, lagfæringar og skaðabætur. Jafnframt á sviði hugverkaréttar, til dæmis vegna vörumerkja og einkaleyfa. Á sviði vinnu- og starfsmannaréttar er algengt að sáttamiðlun sé beitt, þar á meðal vegna ágreinings milli starfsfólks og/eða stjórnenda, frammistöðumálefni eða vegna samningaviðræðna við stéttarfélag. Einnig er algengt að sáttamiðlun sé beitt á sviði fjármunaréttar, til að mynda í tengslum við túlkun samninga og viðskipti hvers konar. Jafnframt nýta fjármálafyrirtæki og aðilar í viðskiptalífínu sáttamiðlun í vaxandi mæli. Þannig birtist beiting sáttamiðlunar sérstaklega á sviði banka, fjármuna- og félagaréttar, svo sem vegna ágreinings hluthafa, deilna við viðskiptaaðila eða togstreitu stjórnenda. Að sama skapi er sáttamiðlun mikið beitt á sviði skaðabótaréttar og váttryggingaréttar, í það minnsta vegna ákvarðana um skaðabótaskyldu og úrvinnslu bótakrafna. Hefur sáttamiðlun einnig verið beitt á sviði orkuréttar og jafnvel íþróttaréttar. Er þá ógetið sáttamiðlunar á sviði barna- og fjölskylduréttar sem skipar þar ríkan sess svo sem áður greinir.<sup>174</sup>

Ástæða er til að nefna að sáttamiðlun er sérstaklega beitt vegna ágreiningsmála innan samfélaga (e. *community mediation*). Með samfélagslegri sáttamiðlun er vísað til fjölbreyttra ágreiningsefna er varða mörk eigna, fjöleignarhús, nýtingu, sameignir, húsaleigu, umferð, skipulags- og byggingarmál, málefni er snúa að börnum, erfið samskipti, ökutæki, sorp, gæludýr og svo framvegis að ógleymdum ágreiningi vegna hávaðamengunar. Unnt er að rekja verulega

<sup>173</sup> Boyack, G. (11. apríl 2018). Mediation really talks the talk in solving disputes, og

Sturrock, J. (2015). Making better use of mediation. Justice Matters: Essays on Improving Scotland's Justice System.

<sup>174</sup> Boyack, G. (11. apríl 2018). Mediation really talks the talk in solving disputes,

Sturrock, J. (2015). Making better use of mediation. Justice Matters: Essays on Improving Scotland's Justice System, og

Irvine, C. (2017). Scotland. Í N. Alexander, S. Walsh, & M. Svatos, EU Mediation Law Handbook, bls. 677. Surrock, J.

(17. janúar 2021) Two decades of mediation getting to the Core of the issue, The Scotsman, bls. 65.

sáttamiðlunarframkvæmd á þessu sviði í Skotlandi meira en 40 ár aftur í tímann.<sup>175</sup>

Húseigendur í Skotlandi taka þátt í ýmsum verkefnum þar sem sérstaklega er hugað að sáttamiðlun. Nefna má að nefnd um úrlausnir í húsaleigumálum, *The Private Rented Housing Panel*, var sett á stofn árið 2007 með það að markmiði að leysa úr ágreiningi milli húseigenda og leigjenda. Þar er með ítarlegum hætti gerð grein fyrir og sérstaklega boðið upp á sáttamiðlun.<sup>176</sup> Svokallað *Housing and Property Chamber*, leiðbeinir einnig um möguleika sáttamiðlun í viðeigandi málum. Þar er athygli aðila vakin á möguleikum á sáttamiðlun á öllum stigum ágreinings. Í þeim tilvikum sem aðilar kjósa geta þeir látið reyna á sáttamiðlun og er þá leiðbeint um hina opinberu sáttamiðlarskrá og viðeigandi aðstoð af hálfu Scottish Mediation.<sup>177</sup>

Áhugavert dæmi um beitingu og þróun sáttamiðlunar á þessu sviði varðar meðferð ágreiningsmála á sviði systurnefndar kærufndar húsamála, en til grundvallar liggur tíu ára löng sáttamiðlunarframkvæmd sem þó hefur ekki skilað tilætluðum árangri vegna skorts á þátttöku húseigenda og leigusala. Verkefnið sem um ræðir byggir á markvissari samskiptum nefndarinnar við aðila þar sem stefnt er að því að stuðla að upplýstri ákvörðun um þátttöku í sáttamiðlun. Tveir þjálfarar sáttamiðlunar annast sáttamiðlun í hverju máli og eru þeir valdir á grundvelli ágreiningsefna hverju sinni. Málum sem ekki lýkur með sátt er vísað til hefðbundinnar málsmeðferðar kærufndarinnar. Reynsln af þessu fyrirkomulagi sýnir áþreifanlegan árangur, svo sem lægri útgjöld, hraðari málsmeðferð, vaxandi ánægju og bæt samskipti aðila. Þá mælist sáttahlutfall 88%. Jafnframt liggur fyrir að kostnaður vegna sáttamiðlunar samkvæmt framangreindu er fjarri þeim kostnaði sem hefðbundin stjórnsýslu- og úrskurðarframkvæmd hefur í för með sér.<sup>178</sup>

Ofangreind dæmi eru öll lýsandi fyrir hve víðfeðm sáttamiðlun er orðin í Skotlandi, ekki síst utan réttar.

## 5.7 GILDI SÁTTAGERÐA OG FULLNUSTA

Reynsla jafnt sem rannsóknir hafa staðfest margvísleg jákvæð áhrif sáttamiðlunar. Gildi sáttagerða og árangur fullnustu er þar ekki undanskilinn. Frumrannsóknir (e. *pilot studies*) hafa sýnt að fullnustuhlutfall þeirra mála sem dómstólar í Glasgow og Aberdeen vísuðu í sáttamiðlun og lyktaði með samkomulagi var 90%. Til samanburðar var fullnustuhlutfall uppkveðinna dóma sömu dómstóla að undangenginni hefðbundinni málsmeðferð 67%.<sup>179</sup>

Sérstök samningsákvæði um fullnustu sáttagerða á grundvelli sáttamiðlunar virðist einkum að finna í samningum þar sem verulegir fjárhags- og viðskiptahagsmunir eru í húfi. Á hinn bóginn eru slík fullnustuákvæði sjaldgæf þegar um er að ræða samninga á sviði fjölskyldu- og starfsmannaréttar en einnig á öðrum sviðum þegar fjárhagsleg verðmæti teljast ekki veruleg. Charlie Irvine hefur bent á að ástæða þessa kunni að vera sú að líkur á efndum og fullnustu samninga að undangenginni sáttamiðlun séu fyrirfram umtalsvert meiri en þegar um dómsniðurstöður er að ræða. Rannsóknir sýni auk þess mun hærra fullnustuhlutfall þegar sáttamiðlun er beitt í samanburði við fullnustuhlutfall uppkveðinna dóma. Því sé einfaldlega minni þörf á slíkum fullnustuákvæðum þegar sáttamiðlun leggur grunn að niðurstöðu.<sup>180</sup>

Staðfest niðurstaða sáttamiðlunar felur í sér samkomulag sem að öðru jöfnu hefur sömu stöðu og aðrir samningar í skoskum rétti og samningsbundnar aðfararheimildir. Slíkir samningar eru því aðfararhæfir en fullnusta á slíkum grunni telst til dómsathafna í Skotlandi. Enn fremur gefst aðilum kostur á

<sup>175</sup> Scottish Community Mediation Center. (September 2008). Choosing a Model of Service Delivery.

<sup>176</sup> Irvine, C. (2017). Scotland. Bls. 676.

<sup>177</sup> Housing and Property Chamber. (2020). Eviction and Civil Proceedings FAQ.

<sup>178</sup> O Devanny, A. (2016). Mediation for Scottish homeowners. (J. Cooper, Ritsj.) *Tribunals Journal*, bls. 6-8.

<sup>179</sup> Scottish Government. (2010). In-Court Mediation Pilot Projects. Edinburgh: Government Publications, bls. 51 og 53, og Scottish Mediation. (án dags.). *Business and Commercial*.

<sup>180</sup> Irvine, C. (2017). Scotland. I N. Alexander, S. Walsh, & M. Svatos, EU Mediation Law Handbook, bls. 692.

að semja sérstaklega um fullnustu sáttar með beinni aðfarargerð. Réttarsáttir á Bretlandseyjum eru aðfararhæfar á grundvelli Lúganósamningsins.<sup>181</sup> Áhrif Brexit og útgöngu Bretlands á fullnustuheimildir Evrópuréttar, svo sem Brussel-reglugerðarinnar, byggja eftirleiðis á samningsskilmálum útgöngunnar.

## 6. REYNSLAN AF SÁTTAMIÐLUN Í SKOTLANDI

Sáttamiðlun hefur slitið barnsskónum í Skotlandi. Þetta gildir um ýmis lögbundin verkefni og opinbera þjónustu, stjórnsýslu, innra starf og skipulag hins opinbera en einnig um starfsemi og þjónustu einkaaðila á markaði. Viðurkenning sáttamiðlunar í samfélaginu kemur fram í vaxandi vitund og aukinni eftirspurn. Helstu niðurstöður eru þær að þessi þróun birtist nú með fjölbreytilegum hætti í aðlögun ríkisstofnana, sveitarfélaga, fyrirtækja, sjálfeignarstofnana og annarra skipulagsheilda að þessu leyti. Er þeim ætlað að takast á við það verkefni að innleiða sáttamiðlun við úrlausn ágreinings á ólíkum sviðum. Ljóst er að þróunin er komin nokkuð á veg en einnig að sums staðar er nokkuð til lands. Fjölpætt sóknarfæri, einstaklingsbundin sem þjóðhagsleg, eru merkjanleg. Þessu fylgja áskoranir fyrir stefnumótunaraðila, framkvæmdarvald og löggjafarvald, sem telja verður að sæti gagnrýni. Einnig áskoranir fyrir þá sem verkin vinna, opinbera starfsmenn og einkaaðila, sáttamiðlara og sýslumenn, dómstóla sem lögmenn. Stétt sáttamiðlara er orðin til og sérhæfing fer vaxandi á markaði í hröðu þroskaferli, þar á meðal á grunni stafrænna lausna. Í rannsóknarviðtölum, sem höfundur tók í Skotlandi árið 2018 og nánar er lýst í 2. kafla, gætti þeirrar hugmyndaðar ítrekað að með sáttamiðlun væri orðin til ný hugsun, frábrugðin þeirri sem viðtekin hefur verið við úrvinnslu ágreinings. Nálgun sem talin var lýsandi fyrir samfélag í framþróun.

Til grundvallar viðtölum við heimildamenn lágu rannsóknarspurningar sem leggja grunn að niðurstöðum. Lýsing

niðurstaðna byggir á svörum þeirra að teknu tilliti til áherslna viðmælenda á grundvelli reynslu þeirra og viðhorfa. Fjölmörg dæmi og ábendingar um margvísleg áhrif komu fram og snúa að þáttum á borð við fyrirbyggjandi nálgun, úrvinnslu og lausnaleit vegna yfirstandandi ágreinings. Nánari framsetning byggir á því. Tilgangur verkefnisins er enda að varpa ljósi á stöðu sáttamiðlunar og reynslu annarrar þjóðar. Ekki síst til að veita þeim sem hræst í íslenskum veruleika innsýn og tækifæri til lærdóms, jafnvel hvatningar.

### 6.1 ALMENNT UM REYNSLU SKOTA AF SÁTTAMIÐLUN

Af viðtölum við sáttamiðlara, lögmenn og dómara er ljóst að almennt viðhorf til sáttamiðlunar er jákvætt. Allir lýstu þeir jákvæðum áhrifum og reynslu á einn eða annan hátt. Samhliða var gjarnan gerður almennur fyrirvari um faglega ástundun sáttamiðlunar og framkvæmd. Jafnframt að tekið sé nægilegt tillit til aðstaðna. Gengu viðmælendur misjafnlega langt aðspurdir um takmörk að þessu leyti.

Helstu hvata vaxandi innleiðingar töldu viðmælendur annars vegar vera að rekja til einkahagsmuna borgaranna og fjárhagslegra hagsmuna en einnig þeirra uppbyggilegu áhrifa sem sáttamiðlun fylgja, gjarnan tengd samskiptum á einn eða annan hátt. Jafnframt að með tilliti til opinberra hagsmuna væri hvatinn ótvíræður, samfélagslega sem fjárhagslega. Gekk einn viðmælendi svo langt að lýsa vaxandi notkun sáttamiðlunar í Skotlandi sem merki um opnara samfélag. Taldi hann ótvírætt að fólk væri móttækilegra en áður fyrir uppbyggjandi nálgun við lausn ágreinings í stað hefðbundinna aðferða. Dró hann þá ályktun að þess konar aðlögun hverju sinni væri auk þess eftirsóknarverðari heldur en formbundnari leiðir. Tók hann sérstaklega fram að oftar en ekki skorti þær sveigjanleika en einnig fylgdi mikill fastur kostnaður slíku kerfi, sem hann kvaðst þó sjálfur múlbundinn í enda dómari að ævistarfi.

Er þetta í góðu samræmi við umfjöllun fræðimanna sem hafa lýst þeirri sérstöðu

<sup>181</sup> Irvine, C. (2017). Scotland, bls. 691. Byggir á sérstakri staðfestingu yfirvalds á áritun aðila á borð við: „The parties consent to registration for preservation and execution“. Sjá nánar [www.inhouselawyer.co.uk](http://www.inhouselawyer.co.uk)

sáttamiðlunar að fremur sé einblínt á raunverulega hagsmuni og þarfir viðkomandi aðila hverju sinni. Einn helsti hugsuður Skota á þessu sviði, lögmaðurinn og sáttamiðlarinn John Sturrock, undirstrikar að sátt að undangenginni sáttamiðlun byggji fyrst og fremst á viðhorfum, reynslu, ályktunum, væntingum og markmiðum aðila fremur en ströngum sönnunarkröfum eða þvingaðri samningsstöðu. Því sé sátt á slíkum grunni í betra samræmi við eðli og sérkenni ágreinings hverju sinni og þar með til þess fallin að fá fram niðurstöðu sem tekur nægilegt tillit til sjónarmiða, reynslu og aðstöðu beggja aðila.<sup>182</sup>

Taka ber fram að þeir dómara sem rætt var við stigu að jafnaði varlegar til jarðar að þessu leyti en áréttuðu sjónarmið þess efnis að öðru fremur væru það einkahagsmunir aðila sem mestu réðu. Sáttamiðlarar lögðu hins vegar ríkari áherslu á hin óvæntu tækifæri sem sáttamiðlun stuðlar að, niðurstöðum sem aðilar eru í raun ásáttir um en sáu ekki fyrir; oftast en ekki útfærslum sem tæpast rúmast innan hefðbundinna úrlausna þriðja aðila á grundvelli lögfræðilegra kröfugerða.

Ótvírætt er að sáttamiðlun hefur sérstaka stöðu á sviði fjölskyldumála. Lýsti dómari þeirri reynslu sinni að of oft væri æskilegra að betri undirbúningur ætti sér stað áður en slík mál kæmu til dóms og kvaðst hann gjarnan hvetja til frekari undirbúnings og samræðu. Nefndi hann skort á sáttatilraunum ellegar aðstoð utanaðkomandi aðila en tók fram að mat og ráðgjöf lögmannna réði þar mestu. Því væri meðferð fjölskyldumála þrátt fyrir allt enn settar of þröngar skorður.<sup>183</sup>

Vísað var til takmarkana í lögum en ekki síður viðhorfs málsvara þeirra sem eiga í ágreiningi. Sáttamiðlarar lögðu ríka áherslu á að hvatning til að leita sátta skipti málsaðila sjálfa að jafnaði mestu enda gæfi það sjálfkrafa tilefni til bjartsýni. Slík hvatning dómara eða annarra sem fara með opinbert vald var talin hafa aukin áhrif. Skýrar leiðbeiningar, eftir atvikum skriflegar til

fjarstaddra málsaðila, einnig. Hin staðlaða spurning fyrir dómi um mögulegan sáttagrundvöll án frekari eftirfylgni þjónaði sjaldnast nokkru og tilheyrði í raun fortíðinni.

Á sviði viðskipta fer beiting sáttamiðlunar hratt vaxandi. Gjarnan undir stjórn þjálfaðs starfsfólks fyrirtækja og sáttamiðlara á einkamarkaði, lögmannsstofum eða ráðgjafafyrirtækjum. Gildir það ekki síður þegar um stórfellda viðskiptahagsmuni er að ræða og aðstoð sérhæfðra sáttamiðlara er þörf. Ágætt dæmi þar að lútandi er nýleg úrvinnsla vegna misheppnaðrar einkavæðingar lestarkerfa á Bretlandseyjum sem leiddu til lausna á grundvelli sáttamiðlunar utan réttar. Ágreiningur um stórfellda almannahagsmuni og viðskiptahagsmuni ríkis og einkaaðila sem leystur var með aðferðum sáttamiðlunar án málaferla.<sup>184</sup>

Á vettvangi sveitarfélaga telst sáttamiðlun hafa rutt sér til rúms og fer vaxandi, annars vegar á grundvelli verkefna sveitarfélaga en einnig stefnumörkunar um betra samfélag og búsetugæði. Fram kom að þróun á þeim vettvangi birtist jafnvel í nýjum vinnubrögðum stjórnvalda þar sem rafrænni sáttamiðlun er beitt. Þannig sé borgurunum ekki aðeins gefinn kostur á almennum upplýsingum og leiðbeiningum með rafrænum hætti heldur einnig daglegri aðstoð þar sem sáttamiðlun er nýtt til lausnar ágreiningi sem upp kemur í sveitarfélögum án kostnaðar fyrir borgarana. Flest sveitarfélög hafa því sáttamiðlara á sínum snærum og gera grein fyrir þjónustu þeirra á heimasíðum sínum.<sup>185</sup> Mörg nýleg dæmi má finna um verkefni skoskra sveitarfélaga sem nú njóta viðvarandi aðkomu sáttamiðlara, svo sem vegna vanrækslu húseigenda eða skort á samþykki fyrir nauðsynlegum úrbótum. Þannig var því lýst hvernig sáttamiðlun hefur ítrekað leyst af hólmi hefðbundnar sáttatilraunir, áminningarferli, eignarnám og lögsóknir vegna verkefna sveitarfélaga.

<sup>182</sup> Sturrock, J. (2015). Making better use of mediation. Justice Matters: Essays on Improving Scotland's Justice System.

<sup>183</sup> Nánar tiltekið voru orð dómara: „There are too many still seeing the law as the only way resolving these issues“.

<sup>184</sup> Railway Gazette. (16. maí 2018). Government terminates Virgin Trains East Coast franchise, og

The Economist. (8. febrúar 2018). Virgin East Coast is close to financial collapse - A franchise's financial woes raises questions over rail privatisation.

<sup>185</sup> Stirling Council. (2018). *Mediation Services*.



Vaxandi innleiðing sáttamiðlunar í skólastarfi var einnig nefnd sem dæmi um jákvæða þróun. Með því væru kynnt til sögunnar vinnubrögð sem sögð voru byggja á markvissri innrætingu þar sem börnum eru kynntar aðferðir sáttamiðlunar og talin eru líkleg til að bera ávöxt til framtíðar.

Ofangreind dæmi viðmælenda eru í samræmi við þann ávinning sem fylgir starfi sáttamiðlara þegar málsaðilar eru leiddir saman í sáttaskyni. Fram hefur komið að innleiðing sáttamiðlunar hafi ekki einungis fækkað þeim dómsmálum sem sveitarfélög eiga aðild að heldur nýtist tími starfsfólks sveitarfélaga umtalsvert betur. Því verði markviss aðlögun sáttamiðlunar æ algengari og fyrirbyggjandi áhrif nýrra vinnuaðferða komi fram. Með gagnkvæmri aðlögun sáttamiðlunar á ólíkum sviðum sé jafnvel hægt að festa hendur á sýnilegri samlegð í rekstri sveitarfélaga.<sup>186</sup>

Þá fær þessi nálgun einnig stoð í lýsingum dómara. Dæmi um það eru ágreiningsmál milli sameigenda fasteigna þar sem ágreiningur er oftast en ekki bundinn við afmörkuð lögfræðileg viðfangsefni. Á sama tíma væri morgunljóst að án heildstæðra lausna væri takmörkuð framtíð í óbreyttu eignarhaldi. Kvað dómari starf sitt sjaldan þjóna jafn litlum tilgangi og við slíkar aðstæður. Þá væri sáttamiðlun án takmarkana kröfugerðar og réttarfars ótvírætt æskilegri vettvangur lausnaleitar.

Samskipti og úrvinnsla ágreiningsmála kunna að snerta ólíka samfélagshagsmuni. Nefnd voru ýmis dæmi þar að lútandi og um vaxandi viðurkenningu sáttamiðlunar. Þar á meðal varðandi samskipti foreldra og stálpaðra barna þeirra. Árangur á þessum grunni má sjá í viðureign yfirvalda við vanda heimilisláusra ungmenna í Skotlandi og á Bretlandseyjum og hafa stoð í opinberum upplýsingum.<sup>187</sup>

Starfsmannaréttur var ítrekað nefndur sem réttarsvið þar sem sáttamiðlun hefur hlotið almenna viðurkenningu utan réttar en einnig

voru nefnd dæmi um aðkomu sáttamiðlara að slíkum málum fyrir dómi.

Annar þeirra skosku dómara sem rætt var við var þó ekki jafn bjartsýnn og aðrir viðmælenda þegar árangur af beitingu sáttamiðlunar bar á góma, þó ekki væri hann afhuga henni. Öðru fremur byggðust ábendingar hans á almennum efasemdum og varnaðarorðum um of víðtækar ályktanir um jákvæð áhrif. Áhugavert er að bera afstöðu hans saman við mat á þeirri reynslu sem fram er komin í Englandi. Eftir margra ára framkvæmd þarlendis virðast stjórnvöld nú ganga út frá þeirri forsendu að almennt sé óvarlegt án sérstakrar faglegrar skoðunar að meta fyrirfram hvaða málum lýkur með sátt. Engu að síður sé óhætt ganga út frá því að sáttamiðlun sé almennt til þess fallin að ljúka meirihluta mála með sátt. Jafnframt að í þeim málum sem ekki tekst að setta sé sáttamiðlun til þess fallin að skerpa sýn aðila og þar með stuðla að markvissari málsmeðferð eftirleiðis. Því sé til nokkurs unnið.<sup>188</sup>

Eftirspurn eftir sáttamiðlun í Skotlandi fer vaxandi samhliða ríkari beitingu úrræðisins. Kom það skýrt fram hjá flestum viðmælenda sem töldu þróunina öðru fremur að rekja til vaxandi skilnings og þekkingar. Þegar að væri gáð færu opinberir hagsmunir og einkahagsmunir oftast en ekki saman að þessu leyti og það stuðlaði að fjölbreytni í aðlögun sáttamiðlunar. Tóku lögmennirnir sem rætt var við fram að áhugi lögmennastéttarinnar væri nokkuð misjafn. Afstaða flestra lögmanna ráðist af sérhæfingu og daglegum verkum en jafnframt mismikilli þekkingu á sáttamiðlun. Sáttamiðlarar lýstu jafnframt vaxandi tilliti lögmennastéttarinnar í garð sáttamiðlunar og sérfræðinga á því sviði.

Helsta áhersla viðmælenda var tengd þeirri viðhorfsbreytingu sem nú virðist vera að eiga sér stað í skosku samfélagi. Áhrif þess má sjá í fjölþættari aðlögun sáttamiðlunar að ólíkum ágreiningsefnum á fjölbreytilegum sviðum skosks samfélags. Bent var á að vaxandi sérhæfing sáttamiðlara staðfesti ekki aðeins þá fjölbreytni sem þegar er orðin í

<sup>186</sup> Boyack, G. (30. janúar 2018). Go-betweens trusted by both sides can make a huge difference. *The Scotsman*, bls. 32-33.

<sup>187</sup> Dore, E. (janúar 2016). Mediation and homelessness prevention in Scotland: a decade of mediation between young people and their families, og Mciver, S. (1. mars 2018). Homelessness Reduction Act: The Benefits of Mediation.

<sup>188</sup> Civil Justice Council for England and Wales. (2017). *Interim Report*. London: Wales, Civil Justice Council for England and Wales, bls. 9 og 45.

sáttamiðlunarframkvæmd heldur væri hún einnig til marks um þau viðskiptatækifæri sem í sáttamiðlun felast. Tóku sáttamiðlarar sem rætt var við fram að ekki léki á því vafi að markaður fyrir sáttamiðlun byggðist nú býsna hratt upp og þroskaðist að sama skapi.

## 6.2 FRUMKVÆÐI HINS OPINBERA

Allir viðmælendur töluðu skýrt um nauðsyn þess að hið opinbera sýndi frumkvæði við innleiðingu sáttamiðlunar. Með því móti yrði hvatning til notkunar sáttaleiða til lausnar ágreiningi í samfélaginu ekki aðeins sýnileg heldur fælist í slíku frumkvæði hvatning til opinberra aðila til nýsköpunar. Ágætt dæmi um það er sú vinna sem skoska heimastjórnin vinnur nú að í tengslum við gerð nýrrar fjölskyldustefnu samhliða endurskoðun barnalaga. Þar er gert ráð fyrir því að sáttamiðlun og aðrar sáttaleiðir utan réttar skuli hafa enn styrkari stöðu samkvæmt lögum en nú er. Jafnframt að þeim skuli beitt í enn ríkari mæli en nú er gert.<sup>189</sup>

Ítrekað kom fram að sáttamiðlun fæli í sér nálgun sem hvorki þyrfti að vera stefnt gegn gildandi rétti, fyrirliggjandi skipulagi eða hagsmunum á nokkurn hátt. Þvert á móti feli vaxandi beiting sáttamiðlunar í sér margvísleg tækifæri og jákvæð áhrif umfram það sem þekkist í dag, ýmist í þágu einstaklinga, lögaðila eða samfélagshagsmuna. Taka ber fram að annar dómaraþing sem rætt var við steig varlegar til jarðar í lýsingum að þessu leyti en taldi að einkahagsmunir réðu þar mestu og annað síður.

Áhugavert er að bera þessi sjónamið saman við röksemdir írsku ríkisstjórnarinnar að baki nýrri löggjöf um sáttamiðlun árið 2017. Sérstaklega var til þess vísað af hálfu dómsmálaráðherra að með setningu laganna skapist veruleg tækifæri, einkum vegna þess að nú væri boðið upp á nýjan valkost. Jafnframt að lögin muni ekki aðeins hraða úrlausn ágreiningsmála og draga úr

málskostnaði heldur einnig þeirri streitu sem almennt fylgir aðild að dómsmálum.<sup>190</sup> Er þetta í góðu samræmi við umfjöllun fjölda fræðimanna á borð við Bill Marsh, Charlie Irvine, Dag Hareide, Hal Abramson, John Sturrock, Kajus Ervasti, Sabine Walsh og margra annarra. En einnig góða reynslu annarra þjóða.

Þó sáttamiðlun sé ekki jafn langt á veg komin í Skotlandi og annars staðar á Bretlandseyjum bentu viðmælendur á að stuðningur skoskra stjórnvalda væri þrátt fyrir allt skýr. Þess mætti sjá stað þegar rýnt væri í fjármögnunarleiðir sáttamiðlunarúrræða sem segja má að séu að meginstefnu þrjúþætt. Í fyrsta lagi af hálfu ríkis, sveitarfélaga og tengdra sjálfseignarstofnana, í annan stað af hálfu fyrirtækja og viðskiptaaðila sem þjónustuveitenda og í þriðja lagi af hálfu einstaklinga og fyrirtækja sem notenda.

Til marks um framangreint er skýrsla sem unnin var af hálfu skosku heimastjórnarinnar um aðgang að réttarríkinu og beitingu ólíkra aðferða við lausn ágreinings.<sup>191</sup> Þar kemur fram að helstu hvatar sáttamiðlunar byggji á því að um ódýrara og hraðvirkara úrræði sé að ræða en einnig árangursríkara með tilliti til vilja aðila. Tekið er fram að samhliða sé áhættu og fjármagnskostnaði létt af herðum aðila en auk þess sé komist hjá álagi og áþján sem of oft fylgir dómsmeðferð fyrir málsaðila. Þá sé á það að líta að hefðbundin dómsmeðferð eigi ekki vel við í öllum tilvikum. Því hljóti það val sem fólgið er í auknum möguleikum við lausn ágreiningsmála að vera jákvætt almennt séð. Undirstrikað er að umtalsverð tækifæri á einkamarkaði séu meðfylgjandi. Með skoðun á fjármögnun einkamarkaðarins sem þjónustuaðila sé ljóst að viðskiptalegar ástæður ráði að jafnaði för og vaxandi sérhæfing sáttamiðlara samsvari hagsmunum þeirra sem kjósa úrlausn ágreiningsmála utan sviðsljóssins. Að því er fjármögnun einkaaðila sem notenda sáttamiðlunar varðar er ljóst að lægri kostnaður í samanburði við önnur úrræði telst lykilorðsemd. Þess utan finnast

<sup>189</sup> Scottish Government. (18. maí 2018). Alternatives to court. Review of Part 1 of the Children (Scotland) Act 1995 and creation of a Family Justice Modernisation Strategy.

<sup>190</sup> Walsh, S. (27. september 2017). Legislation to promote mediation approved after delays. Irish legal news.

<sup>191</sup> Scottish Government. (2014). Making Justice Work - Enabling Access to Justice Project - Overview report of Alternative Resolution in Scotland.

fjölmeiri dæmi um sáttamiðlun án endurgjalds, svo sem sáttamiðlun í fjölskyldumálum, sáttamiðlun á vegum ríkis og sveitarfélaga vegna nábýlisréttarmála, sáttamiðlun fyrir milligöngu dómstóla vegna yfirstandandi dómsmála og svo framvegis.

Viðmælendur vísuðu sérstaklega til möguleika á útgáfu gjafsáttaleyfa, sem fjallað er um í kafla 5. Viðmælendur bentu á að þar væri að finna afar mikilvægt úrræði fyrir aðgang almennings að sáttamiðlun og samhliða væri aðgangur að réttarríkinu styrktur.

Við skoðun á útgjöldum hins opinbera vegna sáttamiðlunar kom í ljós að umfangið er verulegt. Í viðauka 1 má sjá yfirlit um opinber verkefni og rekstur sem nýtur fulltingis hins opinbera. Yfirlitið er frá árinu 2014 en fyrir liggur að nokkur aukning hefur orðið frá þeim tíma þó nýrri yfirlitsheimild hafi ekki fundist. Af því má sjá að áherslur ráðuneyta eru misjafnar en dómsmálaráðuneytið fer fremst í flokki skoskra ráðuneyta við innleiðingu sáttamiðlunar á málefnasviðum sínum. Jafnframt vekur athygli hve stöðugt sáttamiðlunar í samburði við aðrar leiðir við lausn ágreiningsmála er sterk.<sup>192</sup>

Fjárhæðirnar sem um ræðir eru auk þess umtalsverðar. Hinn efnahagslegi ávinningur einnig, samanber umfjöllun um efnahagslega hvata í kafla 3. Auk hefðbundinnar gjafsóknarframkvæmdar fyrir dómi og sáttamiðlunar utan réttar ná útgjöld skoskra yfirvalda til yfirstandandi tilraunaverkefna og starfsemi ýmissa opinberra aðila, þar á meðal sjálfseignarstofnana sem veita ráðgjöf og stuðning í sáttaskyni vegna einkamála. Heildarútgjöld vegna sáttamiðlunar samkvæmt framangreindu hlaupa á milljónum punda. Evans hefur vakið athygli á því að áætlaður ávinningur sáttastarfsemi sé margfaldur á við rekstrarútgjöld þeirra aðila sem sinna sáttamiðlun með beinum hætti, þar á meðal Scottish Mediation, Relationships

Scotland, Scottish Centre for Conflict Resolution, Edinburgh Sheriff Court Mediation Project og annarra. Þá sé ljóst að útgjöld vegna gjafsóknarmála dragist nú saman með afgerandi hætti, en sú þróun er samfelld frá árinu 2010. Er þá ótalin útgjöld sem ella mátti vænta af rekstri dómsmála.<sup>193</sup>

Freistandi er að bera umfang gjafsókna í Skotlandi saman við íslenska gjafsóknarframkvæmd.

Þó höfðatöluútreikningum og gjaldeyrissamanburði beri að taka af vísindalegri varúð telst íbúafjöldi á Íslandi þrátt fyrir allt vera um 6,56% af íbúafjölda Skotlands<sup>194</sup>. Þá er verðgildi krónu þekkt í samburði við sterlingspund. Um það bil helmingur þeirra einkamála sem nýtur réttaraðstoðar í Skotlandi er á sviði barna- og fjölskylduréttar. Er það nokkuð hærra hlutfall en á Íslandi þar sem um 30% gjafsóknarmála varða sama réttarsvið.<sup>195</sup> Útgjöld vegna réttaraðstoðar í einkamálum á árinu 2017 auk þeirra mála sem rekin voru fyrir dómi á grundvelli barnalaga í Skotlandi samsvara að meðaltali um 780.000 kr. að meðaltali á mál.<sup>196</sup> Á sama tímabili, þ.e. á árinu 2017, námu útgjöld vegna réttaraðstoðar á Íslandi um 481 mkr., eða 2,1 mkr. að meðaltali á mál vegna þeirra 224 mála sem gerð voru upp af hálfu gjafsóknarnefndar á árinu.<sup>197</sup> Ekki liggja fyrir tölur um gjafsóknarkostað á Íslandi af rekstri mála á sviði fjölskylduréttar sérstaklega.

Ljóst er að útgjöld hins opinbera í Skotlandi í þágu sáttamiðlunar eru umtalsvert hærri í samburði við Ísland. Á Íslandi er gjafsóknarkostnaður hins vegar hærri. Draga má þá ályktun að ríkari beiting sáttamiðlunar fyrir dómi í þessum málaflokki í Skotlandi stuðli ekki aðeins að lægri málskostnaði heldur einnig fleiri sáttum. Þá liggur fyrir að mikill munur er á málafjölda, en 13.583 mál nutu réttaraðstoðar samkvæmt framangreindu í Skotlandi. Taka ber fram að hluti ágreiningsmála af þessu tagi á Íslandi

<sup>192</sup> Scottish Government. (2014). Making Justice Work - Enabling Access to Justice Project - Overview report of Alternative Resolution in Scotland, bls. 13-15.

<sup>193</sup> Evans, M. (febrúar 2018). Rethinking Legal Aid. An Independent Strategic Review, bls. 13-16.

<sup>194</sup> Íbúafjöldi í upphafi ársins 2019 á Íslandi var 356.991 en 5,438,000 í Skotlandi.

<sup>195</sup> Sýslumannaráð (2019). Ársskýrsla sýslumanna, bls. 48-49.

<sup>196</sup> Scottish Legal Aid Board. (18. júní 2018). Scottish Legal Aid Board Annual Report 2017-2018.

<sup>197</sup> Byggt á upplýsingum um útgjöld frá Fjársýslu ríkisins og málafjölda frá sýslumanninum á Vesturlandi.

telst vera á forræði sýslumannsembættanna þar sem flestum málum lýkur með sátt.

Þrátt fyrir ofangreint kom fram all hávær krafa af hálfu viðmælenda um markvissari eftirfylgni af hálfu stjórnvalda um stuðning við breytingar sem gera ráð fyrir ríkari notkun sáttamiðlunar. Besta dæmið um það er skortur á stuðningi við nýjung um einfalda málsmeðferð, sem innleidd var undir merkjum Simple Procedure árið 2016. Bent var á skort á samræmi og heildstæðri innleiðingu hinna nýju reglna. Því sé svo komið að þrátt fyrir ríkari beitingu sáttamiðlunar víða um Skotland hafi innleiðing verið með ólíkum hætti eftir því hvaða dómstólar áttu í hlut. Jafnvel hafi verið skortur á að jafnræðis hafi verið gætt við fjármögnun þeirrar sáttamiðlunar sem mælt er fyrir um í hinum nýjum lögum. Sérstaka umfjöllun um þessa lagabreytingu má finna í kafla 5.6 um reynsluna af einfaldari málsmeðferð fyrir dómi.

Framangreindar lýsingar viðmælenda fá stoð í nýlegri skýrslu sem unnin var að beiðni réttarfarsnefndar skoska þingsins sem varpar skýru ljósi á skort á samræmi í opinberri sáttamiðlunarþjónustu. Þar kemur fram að opinber sáttamiðlunarþjónusta,<sup>198</sup> sem staðsett er í húsnæði héraðsdómstólsins í Edinborg, geri það að verkum að málsaðilar við þann dómstól hafi lengst af notið opinberrar sáttamiðlunarþjónustu umfram aðra. Auk þess sé framlag sáttamiðlara þar án endurgjalds fyrir borgarana. Allra síðustu ár hafa dómstólar í vestur- og miðhluta Skotlands notið nálægðar og samstarfs við sáttamiðlunarstarfsemi Strathclyde háskóla í Glasgow sem leggur til þjónustu í þágu sjö héraðsdómstóla á svæðinu vegna einfaldari málsmeðferðar fyrir dómi á sviði einkamála. Það gerir skólinn án endurgjalds en þrýstir á stjórnvöld að bæta úr. Aðrir hlutar Skotlands eru háðir þjónustu The Scottish Mediation Helpline sem veitir afmarkaða aðstoð en hefur á sínum snærum sáttamiðlara sem veita þjónustu gegn vægu gjaldi auk þess að veita upplýsingar um starfandi sáttamiðlara. Í skýrslunni er bent á að þrátt fyrir góða reynslu af þessum verkefnum þá sé þetta

fyrirkomulag til marks um ófullnægjandi stefnumótun og skort á samræmi af hálfu hins opinbera. Því geti þetta fyrirkomulag vart talist sjálfbært til framtíðar og langtímalausn sé nauðsynleg.<sup>199</sup>

Framangreint kom afar skýrt fram í viðtölum en ítrekað var á það bent að nefnd sáttamiðlunarþjónusta í Edinborg hafi verið starfrækt þar í um 20 ár og staðið dómstólum í austurhluta Skotlands til boða á sömu forsendum. Sérstaklega aðspurðir tóku viðmælendur fram að önnur helsta ástæða þessarar þróunar væri einfaldlega mismikill áhugi af hálfu dómstjóra í landinu og jafnvel skortur á þekkingu. Hins vegar að yfirvöld dómsmála hafi ekki gætt nægilega að þeirri skyldu sinni að stuðla að jafnræði að þessu leyti, nánar tiltekið með því að veita undirstofnunum fullnægjandi aðhald og fræðslu að ógleymdu nægu rekstrarfé. Þannig var því haldið fram að nýsköpun væri vanrækt af hálfu dómismálaráðuneytisins. Fá þessar upplýsingar skýra stoð í því sem að framan er rakið og eru til marks um áherslur í stefnumótun en einnig skort á festu við stefnuframkvæmd hins opinbera.

Lögmenn jafnt sem sáttamiðlarar drógu jafnframt þá ályktun af framansögðu að þarna væri á ferðinni skólabókardæmi um það að ríkari viðurkenning sáttamiðlunar í opinberri réttarframkvæmd skapaði hvata sem leiddi til aukinna verkefna. Af því leiddi að áður óþekkt viðskiptatækifæri yrðu sjálfkrafa til. Almennt var þó gerður sá fyrirvari að frumkvæði ríkisins yrði að byggjast á þekkingu og fullnægjandi undirbúningi hverju sinni, ekki síst vegna laga og reglna um sáttamiðlun. Þar reyndi sérstaklega á skyldubundna sáttameðferð og áhrif þess þegar útaf bregður. Þessi sjónarmið fá skýra stoð í þeirri reynslu sem orðin er í Englandi og Wales, samanber umfjöllun í næsta kafla um löggjafarmálefni.

Að framansögðu er ljóst að unnt er að benda á skýr dæmi um frumkvæði ríkisins við innleiðingu sáttamiðlunar. Einnig dæmi um opinbera fjármögnun sem ýmist er veitt með beinum hætti í gegnum ríkisstofnanir eða með veglegum stuðningi við

<sup>198</sup> Sáttamiðlunarþjónustan er rekin af Citizen Advice með tilstyrk Scottish Legal Aid Board o.fl.

<sup>199</sup> University of Strathclyde Mediation Clinic. (April 2018). *Report for the Justice Committee, bls. 3.*

sjálfseignarstofnanir. Fyrirkomulag opinbers stuðnings er þó talið líða fyrir skort á samræmi. Jafnframt virðist málaflokkurinn hafa liðið fyrir lausung í stefnuframkvæmd af hálfu heimastjórnarinnar. Þrátt fyrir það eru skýr merki um aukna áherslu hins opinbera að þessu leyti sem talin er vera til bóta.

### 6.3 LÖGGJAFARMÁLEFNI

Þó víða sé í lögum og reglum gert ráð fyrir sáttamiðlun hafa ekki verið sett almenn lög um sáttamiðlun í Skotlandi. Margir viðmælenda bentu á að sú staða væri í sjálfu sér ekki ákjósanleg, ekki síst með tilliti til réttarstöðu sáttamiðlara og fleira. Því sætir sú afstaða skoska þingsins að halda að sér höndum að þessu leyti nokkurri gagnrýni enda hafa fjölmörg önnur lönd, þar á meðal nágrannalönd, sett slík lög. Auk mögulegrar réttaróvissu um stöðu sáttamiðlara og störf þeirra var einnig bent á skort á ákjósanlegri lagastöð vegna samningsgerðar um sáttamiðlun en jafnframt skort á skýrari lagagrundvelli fyrir aðgangi að opinberri sáttamiðlun.

Á hinn bóginn kom fram það sjónarmið að sú áhætta sem því fylgdi að skilgreina sáttamiðlun í lögum með of þröngum hætti eða jafnvel röngum, kynni að hafa neikvæð áhrif á frjálsa þróun sáttamiðlunar í Skotlandi. Gætti þessa sjónarmiðs einkum hjá sáttamiðlurum. Aðeins einn viðmælenda, dómari, lýsti sig þó alfarið andvígán þeirri skoðun að almenn löggjöf um þetta efni sé æskileg. Vísaði dómari til neikvæðra áhrifa á eðlilega þróun réttarins og lítillar trúar hans á störfum skoska þingsins sem hann kvað hafa of rúman tíma til að gera usla í skosku réttarkerfi.

Athyglisvert er að skoða þessi sjónarmið í ljósi hinnar nýju írsku löggjafar um sáttamiðlun, en þar var farin sú leið að skilgreina sáttamiðlun með neikvæðum hætti. Þannig eru þau réttarsvið tilgreind sérstaklega í 3. gr. laganna þar sem ákvæði þeirra gilda ekki. Spannar sú takmörkun ýmis ákvæði laga og málsmeðferðar á öðrum vettvangi, svo sem vegna lögbundinnar gerðardóms-

meðferðar og mála sem sæta rannsókn eða meðferð samkvæmt ákvæðum tilgreindra laga en einnig vegna samningsbundinnar málsmeðferðar.

Skyldubundin sáttameðferð, byggð á lögum, er sjálfstætt viðfangsefni. Nokkrir viðmælenda lýstu því viðhorfi að það væru að sínu leyti ákjósanlegt að fylgjast með þróun sáttamiðlunar í ensku réttarkerfi, enda hefur reynsla og framkvæmd þar verið til nokkurrar umræðu að undanfögnu. Réttarfarsnefnd þingsins hefur haft til skoðunar hvernig sáttamiðlun verði best nýtt í réttarframkvæmd á sviði einkaréttar með vísan til fyrirbyggjandi reynslu. Í áfangaskýrslu nefndarinnar er lagt til grundvallar að sáttamiðlun sé almennt til þess fallin að stuðla að verulegum framförum fyrir málsaðila og réttarkerfið (e. “*capable of conferring huge benefits on disputants and the civil justice system.*”). Samhliða er undirstrikað að ef dómsmeðferð er ætlað að vera endanlegur vettvangur ágreinings þurfi að tryggja að svo sé. Þá vekur það athygli að lagt er til grundvallar í skýrslunni að ekki liggi fyrir sannfærandi gögn þess efnis að sáttamiðlun skili minni árangri þó skyldubundin sé. Um það vitni reynslan af framkvæmd enskra dómstóla en sáttahlutfall í málum sem vísað var í sáttamiðlun gegn vilja aðila hafi engin áhrif haft á sáttahlutfall. Þó er varað við því að dregnar séu of víðtækar ályktanir enda sé um hægfarena þróun að ræða. Að hinu megi hyggja að hægt sé að hafa áhrif á slíka þróun, til dæmis með breyttum reglum sem hvetja til ríkari notkunar, jafnvel tímabundið. Þróun byggji enda á reynslu sem síðan hefur áhrif á ríkjandi viðhorf og framkvæmd. Þó er varað við ónaúðsynlegri íhlutun enda kunni það að leiða til sjálfstæðra ágreiningsefna um sáttamiðlun sem slíka. Þá er tekið fram að kröfur sem fyrirfram teljast byggðar á veikum grunni kunni að leiða til ónaúðsynlegrar sáttameðferðar.<sup>200</sup>

Viðmælendur bentu á að ekki væru forsendur til að ganga svo langt í skoskri réttarframkvæmd að óbreyttum lögum. Á hinn bóginn væri sérstök ástæða til að leggja meiri áherslu á skyldubundna upplýsingagjöf og leiðbeiningar af hálfu yfirvalda, en þar

<sup>200</sup> Civil Justice Council for England and Wales. (2017). Interim Report. London: Wales, Civil Justice Council for England and Wales.

væru dómstólar ekki undanskildir. Enn væru íhaldssöm viðhorf meirihluta dómaraástandar ráðandi sem héldi aftur af mikilvægri þróun og stuðlaði jafnvel að vissu ójafnfræði. Dómarar sem eru áhugasamir um sáttamiðlun væru enda auðþekkjanlegir og dómstólar einnig. Til marks um það væri fjöldi tilvísana í sáttamiðlun af hálfu dómstóla, sem í öðrum tilvikum hafa lítið sem ekkert breyst frá því sáttamiðlun hóf innreið sína árið 1985. Þessi viðhorf komu skýrt fram í viðtölum við heimildarmenn en einnig birtist sú tregða sem gagnrýnin beinist að. Þrátt fyrir það voru flestir viðmælenda þeirrar skoðunar að skýrari umgjörð að þessu leyti væri æskileg.

Þá er að því að hyggja að margt í lögum og skoskri réttarfræðingum stuðlar nú þegar að beitingu sáttamiðlunar utan réttar sem og fyrir dómi. Skýrasta dæmið um sáttamiðlun fyrir dómi eru áður nefndar lagareglur frá árinu 2016 um einfaldari málsmeðferð fyrir dómi (e. *Simple Procedure*), en þeim er beinlínis ætlað að auka notkun sáttamiðlunar á kostnað dómsmeðferðar að skilyrðum uppfylltum.

#### 6.4 REYNSLAN AF EINFALDARI MÁLSMEÐFERÐ FYRIR DÓMI

Reynsla og framkvæmd hinna nýju réttarskipulaganna er enn í mótun. Þó er ljóst að umtalsvert fleiri mál en áður hljóta sáttameðferð á grundvelli tilvísunar dómstóla. Samkvæmt upplýsingum frá viðmælenda, sem er dómari við Glasgow Sheriff Court, stærsta héraðsdómstóli í Skotlandi, hefur þeim málum sem sæta sáttamiðlun fyrir milligöngu dómstólsins fjölgað verulega frá gildistöku laganna.

Að því er tilurð sáttamála varðar er reynsla við héraðsdómstólinn í Edinborg sú að um 80% þeirra er vísað í sáttamiðlun á upphafsstigum máls en um 20% þegar liðið er á málsmeðferð og jafnvel allt þar til mál hefur verið dómtekið. Við dómstólinn í Glasgow hafa dómara gjarnan vísað málum í sáttameðferð á vegum Sáttáþjónustu Strathclyde háskóla í sömu borg að undangengnu mati dómara. Hefur framkvæmd dómstólsins í Glasgow þróast á

þann veg að dómurinn sendir aðilum í völdum málum bréf þar sem óskað er svars við tilteknum spurningum áður en ákvörðun um sáttamiðlun er tekin. Enn sem komið er liggur ekki fyrir reynsla til næglega langs tíma svo unnt sé að leggja mat á árangur. Mat fræðimanna er þó að þessi framkvæmd kunni að vera heppilegur undirbúningur fyrir sáttamiðlun en á hinn bóginn sé líklegt að þau mál sem verði fyrir valinu af hálfu dómara hverju sinni séu einkum þau sem fyrirfram eru líkleg til að sæta hefðbundinni sáttameðferð.<sup>201</sup>

Hámark stefnukrafna samkvæmt hinum nýju reglum sætur afgerandi gagnrýni. Bent er á nauðsyn endurskoðunar til hækkunar, en nú takmarkast hámarksstefnufjárhæð við 5000 GBP eða um 875.000 krónur. Jafnframt sé nauðsynlegt að einfalda málsmeðferð enn frekar. Dæmi um það sé sá áskilnaður að endanleg sátt í máli skuli staðfest af lögmanni til þess fallin að lengja málsmeðferðartíma og draga úr skilvirkni úrræðisins. Að því er reynsla vegna dómsmeðferðar á grundvelli hinna nýju reglna varðar virðist sem margir dómara hafi á upphafsmanuðum frá gildistöku haldið að sér höndum vegna óvissuþátta við framkvæmd hinna nýju lagaákvæða um sáttamiðlun og þær nýjungar sem í þeim felast. Þó hafa dómstólar í Skotlandi í auknum mæli óskað samstarfs við opinbera aðila sem veita sáttáþjónustu og hefur slíku samstarfi verið komið á vísvegar.<sup>202</sup>

Skoskt dómskerfi er íhaldssamt sem eðlilegt er, og sagt nokkuð kostnaðarsamt og jafnvel svífaseint. Dómara sem rétt var við gerðu fyrirvara að þessu leyti með vísan til þess að skosku réttarkerfi stæði öðru fremur ógn af óvandaðri lagasetningu. Gæði lagasetningarinnar um einfalda málsmeðferð væri þar ekki undanskilin. Þannig væri meðferð og úrvinnsla þeirra í dómi enn sem komið er of tímafrek og umfangsmikil án þess að tekið væri tillit til þess í fjárveitingum eða aðstöðu dómara með tilliti til vinnuálags. Þó tók einn dómari fram að verst væri sú tilhneiging málsaðila eftirleidis að fara sjálfir með slík mál. Til mikils væri vinnandi að

<sup>201</sup> Irvine, C. (March 2017). Simple Procedure: What I Learned from the Sheriffs, bls. 1.

<sup>202</sup> University of Strathclyde, Mediation Clinic (2018) *Report for the Justice Committee*, bls. 1-5.

endurbæta réttarreglur á þann hátt að dómstólum gæfist frekari kostur á að sinna því sem máli skiptir, eða „filter out the rubbish“ eins og dómariinn komst að orði.

Hinn dómariinn sem rætt var við tók undir þessi sjónarmið og taldi mikilvægasta verkefnið vera að stuðla að sáttamiðlun áður en mál kæmu til dóms. Reynsla hans væri ótvírætt sú að sáttir skiluðu jákvæðari upplifun aðila umfram dóma. Hann benti jafnframt á þann galla við innleiðingu hinna nýju reglna að tryggja yrði jafnræði málsaðila hvað aðgang að sáttamiðlunum varðaði þar sem búseta virtist mestu skipta nú með tilliti til kostnaðar og aðgangs að ráðgjöf. Báðir voru dómariarnir sammála um að þrátt fyrir allt væru mikil tækifæri fólgin í sáttamiðlun ef rétt væri á málum haldið, ekki síst með tilliti til markvissara framlags starfsmanna dómstólanna til þeirra mála sem krefðust þess í raun.

Fróðlegt er að bera þessi viðhorf saman við gagnrýni sem nýlega hefur komið fram í réttarfarsnefnd skoska þingsins, en þar hefur sérstaklega verið bent á að dómstólar hafi farið ólíkar leiðir við framkvæmd laganna. Samhliða hefur komið fram að áhugi dómara á sáttameðferð almennt séð hafi um langan tíma verið mismikil og það eitt og sér hafi stuðlað að ólíkri framkvæmd.<sup>203</sup> Þetta kemur heim og saman við lýsingu í fræðiskrifum af almennri upplifun dómara vegna innleiðingar laganna. Þar er skortur á eftirfylgni af hálfu heimastjórnar og dómsmálayfirvalda gagnrýndur þar sem lagabreytingarnar hafi hvorki verið studdar áætlunum um innleiðingu né hefði verið um heildstæða skipulagða beitingu hinna nýju úrræða að ræða.<sup>204</sup>

Þrátt fyrir ofangreinda ágalla innleiðingarinnar töldu allir viðmælenda téða löggjöf vera ótvíræða réttarbót, ekki síst vegna ríkara svigrúms dómenda til að stuðla að réttarsátt í málum. Fær þetta stoð í vitnisburði sem nýlega kom fram við umfjöllun réttarfarsnefndar skoska þingsins þess efnis að skoskir dómariar væru að jafnaði

hallir undir sáttamiðlun.<sup>205</sup> Ýmis dæmi voru nefnd þessu til stuðnings, svo sem herra sáttahlutfall, að fjölbreyttari málaflóru ljúki með sátt auk árangurs af samstarfi dómara og sáttamiðlara við meðferð smærri mála. Þá var staðhæft að samhengi væri milli gæða á leiðbeiningum dómara og áherslu á vægi og möguleika sáttamiðlunar annars vegar og jákvæðra viðhorfa aðila til sáttamiðlunarúrræðisins hins vegar.

Framangreint fær beina stoð í nýlegri skýrslu Strathclyde háskóla til réttarfarsnefndar þar sem fjallað er um reynslu af framkvæmd hinna nýju laga og beitingu sáttamiðlunar. Þar kemur fram að skýr munur sé á framkvæmd eftir því hvaða dómariar eiga í hlut. Þannig veiti hluti dómara skýrar leiðbeiningar um sáttamiðlun, hvetji aðila til að ræða við sáttamiðlara, geri hlé á meðferð mála eða fresti þeim jafnvel ótímabundið til að veita aðilum ráðrúm til sáttatilrauna ellegar vísa málum beint til sáttamiðlara. Aðrir dómariar sýni úrræðinu takmarkaða athygli. Í skýrslunni er dregin sú ályktun að skilvirkasta leiðin virðist vera sú að bjóða aðilum að ræða við sáttamiðlara til að undirbúa afstöðu sína til þátttöku í sáttamiðlun. Þannig sé stuðlað að upplýstri ákvörðun og auknum líkum á þátttöku. Jafnframt er varað er við einföldum skriflegum leiðbeiningum til aðila um þátttöku í sáttamiðlun enda feli slík framkvæmd í sér hættu á misskilningi og óupplýstri afstöðu. Þá þykja flóknar uppgjorsreglur vegna málskostnaðar við þessar aðstæður hafa letjandi áhrif.<sup>206</sup>

Framangreint er því í góðu samræmi við þá reynslu sem þeir viðmælendur sem hafa beina reynslu af dómstörfum lýstu. Reyndur opinber sáttamiðlari sem rætt var við kvað raunar veru sína í dómsal samkvæmt beiðni dómara hverju sinni, svör við einföldum spurningum eða stutt samtöl við aðila oftast en ekki nægja til að leggja grunn að sáttiferli. Jafnvel í málum þar sem sáttalíkur voru fyrirfram taldar litlar.

<sup>203</sup> Justice Committee. (6. febrúar 2018). *Alternative dispute resolution* (hljóðupptaka).

<sup>204</sup> Irvine, C. (March 2017). Simple Procedure: *What I Learned from the Sheriffs*, bls. 1.

<sup>205</sup> Justice Committee. (6. febrúar 2018). *Alternative dispute resolution*.

<sup>206</sup> University of Strathclyde Mediation Clinic. (April 2018). *Report for the Justice Committee, sbr. 3-4*.

Allir lýstu viðmælendur því að nú þegar væru komnar fram skýrar vísbendingar um jákvæð áhrif þess að vísa málum í sáttameðferð fyrir milligöngu dómstóla og mikilvægt væri að læra af þeirri reynslu sem nú byggist upp. Tvennt stóð þar upp úr, að betrubæta málsmeðferðina og að treysta þá opinberu sáttastarfsemi sem starfrækt er samhliða dómstólum. Flest bendir því til þess að beiting sáttamiðlunar fyrir milligöngu dómstóla muni halda áfram að vaxa. Setti einn hinn reyndari viðmælenda fram afgerandi spá: „We will experience a snowball effect within the courts“, það er að von væri á svokölluðum snjóboltaáhrifum innan réttarkerfisins.

## 6.5 TÆKIFÆRI OG ÓGNIR

Þekkt tækifæri innleiðingar sáttamiðlunar eru almennt talin lúta að möguleikum til sparnaðar í ríkisrekstri, nýjum viðskipta-tækifærum fyrir sáttamiðlara og hagsmunaaðila auk fjölpættra jákvæðra áhrifa fyrir einstaklinga, fjölskyldur, lögaðila og samfélag.<sup>207</sup>

Viðmælendur úr hópi lögmanna, sáttamiðlara og dómara bentu allir á þau almennu jákvæðu áhrif sem fylgja því að ljúka ágreiningsmálum með sátt byggðri á þátttöku aðila og framlagi þeirra. Þannig verði eignarhald niðurstöðunnar að fullu aðilanna. Enn fremur að með faglegri beitingu sáttamiðlunar felist svigrúm til lausna sem laga má að þörfum aðila og ekki fást fram með milligöngu úrskurðaraðila eða dómstóla. Kemur það heim og saman við þá kenningu sem áður er nefnd, að sáttamiðlarinn kunni ef til vill að vera sá eini í réttarkerfinu sem hefur í raun forsendur og tækifæri til að stuðla að slíkri niðurstöðu.<sup>208</sup>

Lýstu nokkrir viðmælenda upplifun af þróun sem felur í sér minni áherslu á hefðbundnar samningaumleitanir en meiri áherslu á sameiginlegan skilning milli aðila.

Ein þeirra grundvallarröksemda sem fram komu var að ríkari beiting sáttamiðlunar sé almennt til þess fallin að hafa áhrif á þá menningu sem þrífst við umfjöllun um ágreining. Þessi skilningur er í góðu samræmi við rannsóknir hins virta bandaríska fræðimanns William Ury en hann hefur undirstrikað að í raun varði grunnhugmyndin um sáttamiðlun þau áhrif sem hægt er að hafa á menningu sem þrífst við umfjöllun um ágreining.<sup>209</sup> Kemur það jafnframt heim og saman við reynslu af löggjöf um sáttamiðlun í Englandi og Wales, en hún er almennt talin hafa haft jákvæð áhrif á slíka þróun.<sup>210</sup>

Því kemur ekki á óvart að skýr teikn eru um æ ríkari innleiðingu á óvæntum sviðum í skosku samfélagi. Nefnd voru dæmi um sáttamiðlun vegna málefna aldraðra, vistunarmálefna, í skólastarfi og við meðferð lögræðismála þar sem hagsmunir þeirra sem glíma við öldrun eða andlega skerðingu eru til meðferðar.

Sérstök athygli var vakin á því að úrskurðarnefnd um lögmennsstörf, *The Scottish Legal complaints commission*, leggur ríka áherslu á sáttamiðlun við lausn ágreinings í tilefni kvartana á hendur lögmönnum. Má sjá þess stað á heimasíðu nefndarinnar þar sem slagorðin „*It's Free – It's Fast – It's Flexible – You are in Control – It Works*“ ramma inn röksemdir fyrir sáttamiðlunarúræðinu.<sup>211</sup> Viðmælendur bentu á að þessi nálgun af hendi lögmanna gæfi sáttamiðlun sérstakt vægi. Það væri til marks um árangur sáttamiðlunar á borð við hátt sáttahlutfall og tækifæri sem kunna að felast í ferlinu. En umfram allt væri áhersla lögmanna á sáttamiðlun þegar þeir sjálfir eiga í hlut lýsandi fyrir þau gæði sem aðilar ágreinings njóta. Var sérstaklega vísað til þeirra hagsmuna sem þar væru í húfi og auðvelt væri að heimfæra á önnur svið.

Sérstaklega er unnið að því að efla vitund skoskra lögmanna um mikilvægi þess að umbjóðendum þeirra sé frá upphafi leiðbeint

<sup>207</sup> Irvine, C. (4. apríl 2012). Mediation: business as usual. *The Journal of the Law Society of Scotland*. Goodman, A. (2010). Mediation advocacy (2. útg.), bls.8-10.

<sup>208</sup> Irvine, C. (4. apríl 2012). Mediation: business as usual. *The Journal of the Law Society of Scotland*.

<sup>209</sup> Ury, W. (1999). Getting to Peace: Transforming Conflict at Home, at Work, and in the World.

<sup>210</sup> Civil Justice Council for England and Wales. (2017). *Interim Report*. London: Wales, Civil Justice Council for England and Wales.

<sup>211</sup> Scottish Legal Complaints Commission. (15. júní 2018). *Why use mediation? Making complaint*.



um þá fræðslu og sáttameðferð sem í boði er á sviði fjölskyldumála, í stað hefðbundinna skriflegra kröfugerða án þátttöku aðila. Þannig beitir Relationships Scotland sér nú fyrir aukinni áherslu á fræðslu, samanber umfjöllun í kafla 5.6.3, þar sem mikilvægi þess að slík mál njóti inngrips, upplýsinga og aðstoðar eins snemma og kostur er, er undirstrikað.

Þessar áherslur Relationships Scotland sýnast vera í góðu samræmi við þá vinnu sem nú stendur yfir vegna endurskoðunar skosku barnalaganna frá 1995 og gerð nýrrar fjölskyldustefnu.<sup>212</sup> Þar er sérstaklega gert ráð fyrir vaxandi hlut sáttamiðlunar í ágreiningsmálum áður en máli er skotið til dóms. Sérstaklega er undirstrikuð sú reynsla frá Englandi og Wales að halda skuli skyldubundna upplýsingafundi um sáttamiðlun og fleira (e. *Mediation Information and Assessment Meeting*) áður en dómsmeðferð hefst, enda sé hagsmunum barnsins ekki raskað.

Í samtölum við viðmælendur komu fram ábendingar um tækifæri til jákvæðra áhrifa sáttamiðlunar á stefnuframkvæmd opinberra aðila. Þar var einkum vísað til vaxandi tilhneigingar hins opinbera að fjalla um flókin viðfangsefni, svo sem skipulagsbreytingar og þjónustumálefni, á forsendum sáttamiðlunar. Bent var á að með því móti skapist raunveruleg tækifæri til samráðs og samvinnu við þjónustuþega og aðra hagsmunaaðila sem þannig verði virkari þátttakendur í vinnuferlinu hverju sinni. Í samanburði við hefðbundnar aðferðir breytingastjórnunar á grundvelli einhliða yfirlýsinga um mikilvægi breytinga og ójákvæmilega skertrar þjónustu vegna takmarkaðra fjárheimilda teljist verkfæri sáttamiðlunar eftirsóknarverður liðsauki. Þar ættu skosk stjórnvöld ónýtt sóknarfæri.

Aðspurðir um þá hvata sem líklegt er að hafi áhrif á áframhaldandi þróun á þessu sviði bentu viðmælendur á augljósan persónulegan ávinning einstaklinga auk jákvæðra áhrifa fyrir viðskiptalífidið og samfélagidið í heild. Hins vegar var bent á að þrátt fyrir almenna

viðurkenningu úrræðisins skorti æðstu embættismenn í Skotlandi enn víðsýni og þekkingu til beita sér efnislega.

Þegar hættur og mögulega ókosti sáttamiðlunar bar á góma nefndu allir viðmælendur að skortur á fjármagni stæði áframhaldandi þróun fyrir þrifum. Útilokað væri að treysta á aðlögun einkageirans einvörðungu ef hið opinbera annaðist ekki nauðsynlega grunnþjónustu og lagaði skipan sína og verkefni að úrræðinu og stuðlaði þannig að auknu aðgengi einkaaðila. Þannig gerðu lögmenn þá athugasemd að þrátt fyrir umtalsverð framlög ríkissjóðs til ólíkra þátta sáttamiðlunar í Skotlandi þá stangaðist áhugaleysi annarra lögmanna of oft á við hagsmunu umbjóðenda þeirra. Fram kom sú skýring að viðhorf tengd áhuga- og framtaksleysi væri með beinum hætti hægt að tengja lágum gjaldskráum vegna gjafsáttaleyfa í samanburði við málskostnaðarákvarðanir dómstóla.

Unnt er að tengja slíkar athugasemdir við opinberar ábendingar Graham Boyack, framkvæmdastjóra Mediation Scotland, þess efnis að þrátt fyrir ásetning um ríkari notkun sáttamiðlunar fyrir dómi í Skotlandi sé þörf á markvissari innleiðingu úrræðisins. Þannig séu ítrekuð dæmi um að málum hafi verið lokið með sátt án þess að aðilum hafi í raun verið gefinn kostur á að tjá sig við gagnaðila áður en sátt er mótuð og hún staðfest. Það auki gildi sáttar ef raunveruleg þátttaka aðila er til staðar við gerð hennar. Jafnframt sé mikilvægt að sem allra flestum sé veitt slík aðkoma og að því þurfi nánar að hyggja.<sup>213</sup>

Yfirsýn og eftirlit með sáttamiðlunarframkvæmd er sjálfstætt viðfangsefni. Viðmælendur bentu á að þrátt fyrir að forræði á málefnum sáttamiðlara væri um margt skýrt, til dæmis vegna leyfisútgáfu og fræðslu, þá væri yfirsýn í tengslum við starfsemi á sviði sáttamiðlunar afar flókið viðfangsefni sem æskilegt væri að skýra með tilliti til skipulags og eftirlits. Þar væri stefnumótunarhlutverki hins opinbera ábótavant og í því fælist viss ógn við nauðsynleg gæðaviðmið.

<sup>212</sup> Scottish Government. (15. maí 2018). Review of the Children (Scotland) Act 1995 and creation of a Family Justice Modernization Strategy.

<sup>213</sup> Boyack, G. (16. January 2017). Simple Procedure - It's Complicated. The Journal of the law society of Scotland.

Þá var bentu dómara á að misræmi væri á milli heimilda dómara til að vísa máli í sáttamiðlun eftir því á hvaða dómstigi mál er rekið. Er það er samræmi við síðari skrif fræðimanna sem bent hafa á nauðsyn þess að samræmis sé gætt að þessu leyti. Sé það enda forsenda raunverulegra áhrifa sáttamiðlunar á þá menningu sem þróast og þrífst á vettvangi dómstóla svo tryggja megi sanngjarna málsmeðferð og jafnræði.<sup>214</sup>

Eins og fram er komið virðist sem tregðu í garð sáttamiðlunar í Skotlandi sé ekki síst að gæta innan dómskerfisins. Kom það raunar skýrt fram í viðtölum og ýmis dæmi sem eru nefnd um hér að framan. Hins vegar virtist enginn vafi leika á því af hálfu þeirra sem efasemdum lýstu að ef vilji og aðstæður til að nýta þetta úrræði með markvissari hætti væru á annað borð fyrir hendi þá sé ríkari notkun sáttamiðlunar allra góðra gjalda verð. Ekki væri að efa að það væri til þess fallið að fækka dómsálum.

Því kemur ekki á óvart að sú almenna ályktun sé dregin af hálfu þeirrar menntastofnunar í Skotlandi sem hefur látið sig sáttamiðlun hvað mestu varða, það er University of Strathclyde, að ef vel eigi til að takast við innleiðingu sáttamiðlunar í skoskum rétti sé fræðsla, innan réttar sem utan, mikilvægast allra viðfangsefna. Aðeins þannig og á grundvelli þekkingarsköpunar verði sáttamiðlun fest í sessi en ekki síður ef stuðla á að samræmi í réttarframkvæmd við áframhaldandi mótun nýrra lausna.<sup>215</sup>

## 6.6 RAFRÆN SÁTTAMIÐLUN

Á meðal þeirra tækifæra sem sérstaklega voru nefnd er vaxandi sáttafamkvæmd þar sem sáttamiðlari aðstoðar aðila án hefðbundinnar sameiginlegrar viðveru á sáttafundi (e. *shuttle mediation*). Rafræn sáttamiðlun (e. *online mediation, electronic mediation* o.fl.) telst ein helsta tegund þess konar sáttamiðlunar. Taka ber fram að ekki er átt við undirbúningsfundi sáttamiðlara með málsaðilum. Hins vegar þarf að gera ráð fyrir

aðskildum samskiptum á afmörkuðu tímabili í sáttaskyni. Dæmi um það eru heimsóknir sáttamiðlara til aðila eða undirbúningsfundir sem takmarkast við að gera grein fyrir óskum aðila þegar síðari samskipti sem fara fram á aðskildum stöðum. Þá er óhætt að telja sáttamiðlun sem fram fer í gegnum fjarfundakerfið Skype eða samskiptaforrit á borð við Zoom eða Teams teljist uppfylla skilyrði rafrænnar sáttamiðlunar.

Fræðimenn hafa um nokkurn tíma bent á þau tækifæri sem talin eru felast í innleiðingu stafrænna samskipta málsaðila. Jafnframt sé mikilvægt að slíkra áforma sjái stað í stefnu stjórnvalda og að raunverulegur og markviss undirbúningur fari fram.<sup>216</sup>

Sáttamiðlarar og lögmenn sem rætt var við voru jákvæðir í garð þessarar þróunar svo lengi sem tillit væri tekið til aðstæðna, eðlis viðfangsefna, tengsla aðila og þeirrar áhættu sem röng beiting rafrænnar sáttamiðlunar gæti valdið. Því væri ástæða til að vera á varðbergi og takmarka notkun aðferðarinnar við viðeigandi tilvik. Sérstaklega var varað við hættu á ólíkum skilningi og túlkun aðila sem ein og sér gæti leitt til þess að ágreiningur magnaðist að ástæðulausu: „Að flytja upplýsingar og upplifun á milli aðila er jafngildi þeirrar áskorunar að þýða ljóð á erlenda tungu“, sagði reyndur viðmælandi úr sáttamiðlarastétt, „þegar blæbrigði ljóðs og andi skipta mestu.“ Hins vegar væri meðvitað hægt að lágmarka hættu á slíku, til dæmis með umorðun, réttum áherslum og ekki síst meðvituðu vali spurninga.

Almennt voru viðmælendur sem tjáðu sig um þennan möguleika sammála um að jafnvel þótt líkur á sátt fyrir tilstilli aðskildrar sáttamiðlunar væru að jafnaði minni en við hefðbundna sáttamiðlun þá væri markviss notkun aðferðarinnar við réttar aðstæður líkleg til að gefa góða raun og jafnframt stuðla að verðmætri reynslu. Nefnt var að rafræn sáttamiðlun kynni að vera fýsilegur kostur vegna fjölbreyttra ágreiningsefna á sviði nábylrisréttardeilna. Þar kynnu aðstæður á borð við ógn eða hræðslu en einnig

<sup>214</sup> Report from the Expert Group on Mediation in Civil Justice in Scotland. (júní 2019). *Bringing Mediation into the Mainstream in Civil Justice in Scotland*, bls. 14.

<sup>215</sup> University of Strathclyde Mediation Clinic. (April 2018). *Report for the Justice Committee*, bls. 4.

<sup>216</sup> Susskind, R. (16. febrúar 2015). It's time for state-backed online dispute resolution. Legal futures.

landfræðilegar aðstæður, aðgengi eða heilsufar aðila að hafa áhrif. Þá kallaði minniháttar ágreiningur, sem oft væri auðleystur á stuttum sátta- og upplýsingafundi, á aðrar aðstæður en þyngri málefni á borð við ágreining af vettvangi skólamála eða heilbrigðisþjónustu. Slík mál krefðust að jafnaði fullrar viðveru.

Réttarfarsnefnd skoska þingsins hefur nýlega fjallað um rafræna sáttamiðlun í þessu samhengi. Þar var lögð sérstök áhersla á þau tækifæri sem felast í aðskilinni sáttamiðlun með tilliti til skoskra aðstæðna og dreifbýlis.<sup>217</sup>

Reynsla viðmælenda af rafrænni sáttamiðlun er sú að með því fyrirkomulagi séu gerðar sérstakar og um margt ríkari kröfur til sáttamiðlara en ella. Sérstaklega gildir það um undirbúning þar sem upplýsingar um markmið þátttakenda þurfa að liggja fyrir en ekki síður leiðbeiningar um sáttalíkur og fyrirkomulag sáttameðferðarinnar. Þá er fyrirséð að sérstaklega reyni á skilning sáttamiðlara á hlutverki sínu, einkum við mat á því hvaða upplýsingar hann kys að bera á milli aðila, svo sem lýsingu af upplifun vegna viðbragða gagnaðila eða orðfæri. Aðspurðir virtust viðmælendur sammála um mikilvægi þess að sáttamiðlari gætti hlutlægni og nákvæmni við miðlun upplýsinga. Jafnframt að gengið væri úr skugga um hvaða upplýsingar aðilar vildu eða vildu ekki að bornar væru á borð. Þó væri ekki óeðlilegt að sáttamiðlari legði í samskiptum sínum við aðila mat á stöðu málsins hverju sinni með eðlilegum fyrirvörum.

## 6.7 STAÐA SÁTTAMIÐLARA

Bakgrunnur og reynsla sáttamiðlara í Skotlandi eru fjölbreytileg. Almennt töldu viðmælendur til bóta ef unnt væri að skýra réttarstöðu þeirra og starfsumhverfi nánar. Auk starfsleyfisskyldu sem áður er lýst leggja siðareglur grunn að starfsháttum sáttamiðlara sem algengt er að félög og stofnanir leggi til grundvallar. Samkeppni á markaði virðist jafnframt nokkur og gætir hennar meðal annars á milli löglærðra sáttamiðlara og

annarra. Sú samkeppni virðist þó öðru fremur stuðla að fjölbreyttari flóru og sérhæfðari nálgun við sáttamiðlun. Það birtist ekki aðeins á markaði heldur einnig með stofnun ólíkra samtaka sáttamiðlara á sérhæfðari sviðum. Nýlegt dæmi af mörgum eru samtök sáttamiðlara vegna líkamstjóna og læknamistaka.<sup>218</sup> Ekki verður dregin önnur ályktun en að um þroskamerki á vaxandi markaði sé að ræða.

Upplýsingar um starfssvið sáttamiðlara í Englandi varpa ljósi á einkenni þróaðri markaðar, vaxandi sérhæfingu og fjölbreytni. Þannig segjast 62% enskra sáttamiðlara bjóða þjónustu á sviði einkamálaréttar og viðskipta. Um 35% bjóða þjónustu á sviði starfsmanna- og vinnustaðamála en 28% á sviði nábýlisréttar og 19% á sviði fjölskyldumála. Þá vísa 9% til verkefna á sviði sakamála tengdum uppbyggilegri réttvísi (e. *restorative justice*) og 5% til skaðabótamála og læknamistaka. Um 14% vísa til annarra málaflokka án nánari tilgreiningar.<sup>219</sup> Gefa þessar upplýsingar ágæta hugmynd um sérhæfingu og vægi málaflokka í þessum markaði.

Greina mátti togstreitu gagnvart þeim skilyrðum sem skoskum sáttamiðlurum er gert að uppfylla. Bar einkum á því meðal þeirra viðmælenda sem búa að reynslu og þekkingu á sviði fjölskyldumála. Töldu þeir hin almennu lágmarksskilyrði Scottish Mediation ekki nægilega ströng frá sjónarhóli sáttamiðlunar í fjölskyldumálum. Jafnframt kom fram að tímabært væri að hugað yrði að sérstökum umframskilyrðum þar að lútandi, jafnvel breyttri starfsleyfisframkvæmd. Aðrir bentu á mikilvægi þess að sáttamiðlun yrðu ekki settar skordur á sama tíma og sókn fyrir tilvist og viðurkenningu í samfélaginu ætti sér stað. Vísuðu þeir til þess að sáttamiðlarar á þessu sviði nytu nú þegar ákveðins forgangs. Byggir sú röksemd á gildandi fyrirmælum æðsta dómstóls Skotlands í einkamálum um tilnefningu sáttamanna í fjölskyldumálum sem áskilið er að komi úr röðum samtaka fjölskylduréttarlögmannna.

<sup>217</sup> Justice Committee. (6. febrúar 2018). *Alternative dispute resolution*.

<sup>218</sup> Að samtökunum standa Association of Personal Injury, Forum of Insurance Lawyers og Motor Accident Solicitors Society.

<sup>219</sup> CEDR. (Sótt 1. júní 2018). Diversity and Inclusion must Shape the Mediation Profession.

Eins og fram er komið telja löglærðir sáttamiðlarar um helming starfandi sáttamiðlara í Skotlandi. Þeirra á meðal er fjöldi lögmanna. Þess eru ýmis dæmi að lögmenn kjósi í auknum mæli að einbeita sér að sáttamiðlun umfram hefðbundin málflytningastörf ellegar samhliða þeim. Því virðist þróun á lögmannaþinga taka tillit til vaxandi viðurkenningar á sáttamiðlun. Nánar aðspurðir lýstu viðmælendur því að auk sáttamiðlunarverkefna sneru viðfangsefni þeirra lögmanna að almennri ráðgjöf vegna sáttamiðlunar en jafnframt að undirbúningi, aðstoð eða fyrirsvari við framkvæmd sáttameðferðar. Nú þegar væru ýmis dæmi um sérfræðinga, þar á meðal lögmenn, sem ekki aðeins sérhæfa sig í aðstoð eða umsjón sáttamiðlunar heldur ganga svo langt að vísa frá sér málum sem ekki tekst að setta eða eru ekki talin til þess fallin að seta sáttameðferð og horfa til meðferðar innan dómskerfisins að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Áhugavert er að skoða ofangreindar upplýsingar í kanadíska ljósi, en þarlendis hefur sáttamiðlun skotið mun dýpri rötum og lengri hefð er til staðar. Kanadísk rannsókn sýndi að áhyggjuefni viðskiptavina lögmanna væru oft tengd þáttum á borð við tilfinningar, viðskiptahagsmunum eða þeim tíma sem ágreiningur varir. Rannsóknin leiddi í ljós að málsaðilar töldu slíka þætti hafa beina þýðingu fyrir ásættanlega niðurstöðu málsins hvað sem lögfræðilegri niðurstöðu líður. Einnig kom fram að lögmenn virtust ekki vera nægilega meðvitaðir um það.<sup>220</sup>

Í Skotlandi er ekki óalgengt að sáttamiðlarar annist ýmis verkefni án þóknunar, ekki síst þegar um skilgreinda þjónustu við almenning er að ræða. Er það í samræmi við þá menningu að sjálfbodaliðastörf eru algeng í samfélaginu og þykja um margt sjálfsögð meðal sérfræðinga á Bretlandseyjum. Jafnframt hefur það áhrif að sáttamiðlun telst nýlegt, jákvætt og vaxandi úrræði. Þá er ljóst að virði þeirrar reynslu sem sáttamiðlurum gefst kostur á með þessum hætti er þeim mikilvægt. Einna skýrustu dæmin um framangreint eru störf

sáttamiðlara í tengslum við verkefni héraðsdómstóla. Þeim er því að hluta til sinnt af sjálfbodaliðum, gjarnan í þeim tilgangi að viðhalda starfsréttindum, og einnig af háskólanemum í sáttamiðlun undir stjórn leiðbeinenda. Bent hefur verið á að til þess að þessi þjónusta verði sjálfbær til framtíðar sé nauðsynlegt að takmarka gjaldfrjálsa þjónustu við allra smæstu málin en taka upp gjaldtöku að öðru leyti. Þá sé einnig nauðsynlegt að endurskoða réttarfarsreglur með það fyrir augum að stuðla að aukinni sáttamiðlun, en þannig verði reyndum sáttamiðlurum gert kleift að sinna sáttamiðlun í stærri málum gegn viðeigandi þóknun. Með því móti gefist þeim einnig svigrúm til að veita gjaldfrjálsa þjónustu í smærri málum.<sup>221</sup>

Að öllu framangreindu athuguðu kemur ekki á óvart að fræðimenn hafi fyrir all nokkru borið kennsl á þróun þar sem vaxandi vitund um tilvist og kosti sáttamiðlunar muni sjálfkrafa efla markað fyrir þjónustu á þessu sviði.<sup>222</sup> Umtalsverðar áskoranir virðast því vera framundan varðandi aðlögun og þróun markaðarins en einnig framlag ríkisins til skipulags og fjármögnunar þeirrar sáttamiðlunar sem talið er æskilegt að koma á fót. Að mati höfundar virðast stétt sáttamiðlara, frumkvæði hins opinbera og eftirspurn markaðarins vera í lykilhutverki.

## 7. UMRÆÐA, MAT OG FRAMTÍÐARSÝN

Áhersla á sáttamiðlun fer vaxandi í Skotlandi. Gildir það jafnt um sáttamiðlun utan réttar sem og fyrir dómstólum. Stjórnsýslustofnanir hafa víða innleitt sáttamiðlun í starfsemi sinni og málsmeðferð. Landið státar jafnframt af góðu gjafsóknaskipulagi þar sem kostir opinberrar sáttamiðlunar fá notið sín samhliða framboði af hendi einkaaðila.

### 7.1. STÖÐUMAT

Skoska heimastjórnin leggur vaxandi áherslu á tilvist úrræðisins og er nú svo komið

<sup>220</sup> Relis, T. (2008). Perceptions in Litigation and Mediation: Lawyers, Defendants, Plaintiffs and Generated Parties, bls. 125 og 153.

<sup>221</sup> University of Strathclyde Mediation Clinic. (April 2018). *Report for the Justice Committee*, bls. 5.

<sup>222</sup> Irvine, C. (4. apríl 2012). Mediation: business as usual. *The Journal of the Law Society of Scotland*.

að umgjörð, menntun, eftirlit og þróun á ólíkum sviðum er fjármögnuð af ríkisfé með starfrækslu The Scottish Mediation.<sup>223</sup> Eru þá ótalin önnur bein og óbein framlög sem sjá má dæmi um í viðauka I og telja verður umtalsverð. Með því er stuðlað að auknum möguleikum borgaranna til að leysa úr ágreiningsmálum á vettvangi dómstóla og innan stjórnsýslunnar á grundvelli sáttamiðlunar. Sama gildir um möguleika til fjárhagslegs stuðnings við sáttameðferð utan réttar. Viðmælendur voru allir sammála um að ofangreind aðkoma ríkisins stuðlaði í raun að margfeldisáhrifum opinberra fjármuna sem ótvírætt skilaði margföldu hagræði auk sparnaðar í beinum ríkisútgjöldum þó erfitt væri að festa hendur á þeim stærðum eða tækifærum til framtíðar.

Sáttamiðlun er því talin fela í sér eftirsóknarverð verðmæti. Skotar virðast auk þess hægt en örugglega nálgast það viðhorf að þjóðhagsleg þýðing sáttamiðlunar sé ekki einungis fólgin í hefðbundnum mælistikum um útgjöld réttarvörslukerfisins. Afleidd áhrif ágreinings og ósættis á útgjöld félagsþjónustu og heilbrigðiskerfis vegna andlegra, líkamlegra og félagslegra áhrifa sem rekja megi til lakari lífsskilyrða af þeim sökum þykja styðja ríkari notkun sáttamiðlunar.

Sú skoðun er og útbreidd að aðgengi og upplýsingar um sáttamiðlun, árangur og tækifæri feli í sér forsendur framfara. Gengið er út frá því að þekking og umræða sé nauðsynleg. Á það ekki einungis við um virka akademíska umræðu og menntun á þessu sviði heldur einnig umræðu meðal grasrótarsamtaka, hagsmunaaðila, almennings, sérfræðinga, skoska þingsins og heimastjórnarinnar. Því er talið nauðsynlegt að upplýsingar um sáttamiðlun, aðgengi og kostnað liggi fyrir, ekki síst fyrir ólöglerða. Er þá ónefnd þjálfun þeirra sem sáttamiðlun annast, skipulag og starfsgrundvöllur.

Það er til marks um vaxandi sáttafamkvæmd fyrir milligöngu dómstóla að fjöldi mála hjá sáttamiðlunarþjónustu Strathclyde háskóla í Glasgow tvöfaldaðist á

milli árunna 2016 og 2017. Sáttahlutfall á árinu 2017 var 62%. Hefur því verið lýst að sáttamiðlun á vegum skólans teljist nú þegar vera orðinn raunverulegur hluti skosks réttarkerfis í mið og vestur Skotlandi. Skoskir dómstólar nýta enda í vaxandi mæli heimildir til að vísa málum í sáttameðferð í kjölfar gildistöku nýrra lagareglna um einfalda málsmeðferð í einkamálum, The Simple Procedure Act.<sup>224</sup> Sambærilegar tölur liggja fyrir um fjölda mála og árangur sáttamiðlunarþjónustu við héraðsdóminn í Edinborg en staðfest var í viðtölum við heimildamenn á vettvangi að fjöldi sáttamála þar hafi aukist um 50% á sama tímabili. Jafnframt liggur fyrir að sáttahlutfall við þann dómstól var um 70% á árinu 2017.<sup>225</sup> Með vísan til þessa sem og yfir tuttugu ára sáttamiðlunarframkvæmdar á vettvangi dómstólsins vex þrýstingur á réttarfarsnefnd skoska þingsins og nefndin hvött til að leggja enn ríkari áherslu á sáttamiðlun. Athygli vekur að dómstóllinn sjálfur telur helsta viðfangsefnið snúa að því að stuðla þurfi með afgerandi hætti að sáttamiðlun með markvissari reglusetningu en jafnframt vitundarvakningu á meðal almennings. Það muni leiða til snemmbærari lausna, lægra ágreiningsstigs og færri dómsmála.<sup>226</sup>

Því kemur ekki á óvart að viðmælendur hafi undirstrikað mikilvægi þess að samhliða virkri réttarframkvæmd dómstóla sé nauðsynlegt að starfrækja sjálfstæða sáttamiðlunarþjónustu samhliða. Athygli vekur að Skotar hafa kosið að vista slík verkefni utan vébanda dómstólanna.

Gjafsóknarnefnd Skotlands, The Scottish Legal Aid Board, hefur lykhillutverki að gegna vegna gildandi gjafsáttafyrirkomulags. Í niðurstöðum nýrrar skýrslu um endurmat gjafsóknaframkvæmdar í Skotlandi er bent á að auk æskilegrar einföldunar og aukinnar skilvirkni sé tímabært að huga að enn frekari sveigjanleika. Með því er einkum vísað til sjónarmiða um sjálfbærni réttarkerfisins en einnig nýrra aðferða sem í boði kunna að vera. Segir þar berum orðum að styrkja skuli

<sup>223</sup> Irvine, C. (2017). Scotland. Í N. Alexander, S. Walsh, & M. Svatos, EU Mediation Law Handbook, bls. 659-695.

<sup>224</sup> Irvine, C. (9. maí 2018). Workshop: Critical Questions for Commercial Mediators. Edinburgh.

<sup>225</sup> Boyack, G. (16. January 2017). Simple Procedure - It's Complicated. The Journal of the law society of Scotland.

<sup>226</sup> Edinburgh mediation service (2018), Justice Committee, Alternative Dispute Resolution, Written submission.

hlut sáttamiðlunar: „[T]he role that mediation can play in general should be strengthened.“<sup>227</sup>

Þá er ótvírætt hægt að draga þá ályktun að sáttamiðlun njóti vaxandi stuðnings meðal almennings. Fjölmörg dæmi hafa verið nefnd. Samhliða fer aðlögun á ólíkum sviðum ört vaxandi og tilraunaverkefni eru óteljandi. Enn eitt nýlegt og áhugavert dæmi sem nefna má er tilraunaverkefni á vegum fangelsismálayfirvalda í Skotlandi sem nú beita sér fyrir innleiðingu sáttamiðlunar á meðal fanga. Með verkefninu er stefnt að því að kynna föngum aðferðir sáttamiðlunar í þeim tilgangi að gera þeim sjálfum fært að gera upp ágreining sín á milli án aðkomu starfsfólks fangelsanna. Eru nú þegar komnar fram vísendingar um friðsamlegri uppgjör milli fanga auk annarra jákvæðra áhrifa.<sup>228</sup> Þykir þetta vera til marks um útbreiðslu og aðlögun úrræðisins.

Lögleiðing reglna um einfalda málsmeðferð er jafnframt skýrt dæmi um vaxandi áherslu heimastjórnarinnar að þessu leyti.<sup>229</sup> Sú réttarbót er nú þegar farin að skila miklum árangri eins og áður er lýst og auk þess innan tiltölulega skamms tíma frá gildistöku laganna.

Stjórnsýsluaðilar og dómstólar landsins taka því sáttamiðlun hægt en örugglega upp á arma sína og aðilar á markaði taka þátt. Auk hefðbundinnar sáttamiðlunar ryður rafræn sáttamiðlun sér til rúms. Í heimsókn til héraðsdómstólsins í Edinborg árið 2018 var höfundur kynnt yfirstandandi tilraunaverkefni þar sem fjarfundir og símasamskipti eru nýtt í þeim tilgangi að ná fram sátt á grundvelli aðferða sáttamiðlunar. Ekki hefur sú þörf minnkað.

Flest bendir til að skoski löggjafinn muni fyrr en síðar leggja fram drög að sérstakri lagasetningu um sáttamiðlun. Til grundvallar liggur umbótaáætlun skosku ríkisstjórnarinnar „Making Justice Work“. Með

henni er stefnt að áframhaldandi endurskoðun einkamálaréttarfars með tilliti til aukinnar skilvirkni og bættu aðgengi almennings að réttarkerfinu á forsendum nýjunga. Með hinu síðastnefnda er sérstaklega vísað til þess að hvatt skuli til aðferða á borð við sáttamiðlun enda muni fækkun dómsmála ekki aðeins leiða til tímasparnaðar fyrir starfsfólk og dómara heldur einnig tækifæra til aukinnar rekstrarlegrar hagkvæmni og sparnaðar í ríkisútgjöldum.<sup>230</sup>

Þá lagði réttarfarsnefnd skoska þingsins fram ítarlegt nefndarálit um eflingu sáttamiðlunar árið 2018 undir heitinu „I won't see you in court: alternative dispute resolution in Scotland“<sup>231</sup> og nýlega mælt með lagasetningu um sáttamiðlun í samræmi við stefnu heimastjórnarinnar þar um.<sup>232</sup>

Þá hefur skoska þingið frá því í maí 2019 haft til meðferðar drög að þingmannafrumvarpi um sáttamiðlun, sem ætlað er að stuðla að vaxandi hlutverki sáttamiðlunar og auknu samræmi á völdum réttarsviðum, einkum við meðferð einkamála. Þannig gerir frumvarpið meðal annars ráð fyrir almennri aðlögun réttarfars að skyldubundinni sáttamiðlun fyrir tilstilli sérfróðra sáttamiðlara á vegum dómstóla.<sup>233</sup> Skoðun á umsögnum um frumvarpið sýnir að flestir hinna 63 umsagnaraðila lýsa yfir stuðningi við frumvarpið og margir telja að lögfesting muni ekki aðeins leiða til verulega lægri útgjalda fyrir ríkissjóð heldur einnig fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Þá þykir frumvarpið einnig stuðla að auknu jafnræði í samfélaginu og sjálfbærni.<sup>234</sup>

Því fer þrýstingur á skosk yfirvöld sjálfkrafa vaxandi. Farið er að bera á opinberum áskorunum um frekari innleiðingu sáttamiðlunar þar sem færð eru sannfærandi rök fyrir því að tímabært sé að leggja enn markvissari áherslu á sáttamiðlun og jafnvel setja lög þar um. Samhliða hefur verið bent á þá þversögn sem fólgin er í

<sup>227</sup> Evans, M. (febrúar 2018). Rethinking Legal Aid. An Independent Strategic Review, bls. 50.

<sup>228</sup> Guardian. (10. febrúar 2018). 'If I'd known, I might not have taken a life': can prisoners defuse their own disputes?

<sup>229</sup> Irvine, C. (10. september 2016). *Kluver Mediation Blog*. And finally ... some plain English from Scotland.

<sup>230</sup> Scottish Government. (20. desember 2017). Access to justice in Scotland.

<sup>231</sup> Justice Committee. (2018). I won't see you in court: alternative dispute resolution in Scotland. The Scottish Parliament.

<sup>232</sup> Scottish Government. (22. september 2019). Access to Justice.

<sup>233</sup> Mitchell, M. (29. maí 2019). *Mediation (Scotland) Bill*. A proposal for a bill.

<sup>234</sup> Mitchell, M. (20. ágúst 2019). *Mediation Consultation*.

viðurkenndri og sjálfsagðri sáttaframkvæmd þegar um þjóðarhagsmuni er að tefla, samanber nálgun og niðurstöður um aukna sjálfstjórn í málefnum Skotlands árið 1998, að ógleymdri ríkri sáttahefð í alþjóðlegum deilum. Á sama tíma sé sambærileg aðferð og aðgangur almennings og fyrirtækja að mildari málsmeðferð (e. *soft mechanisms*) takmörkunum háð í sama landi.<sup>235</sup> Er þá ógetið nýlegrar yfirlýsingar alþjóðlegra sáttaamiðlara, sjá viðauka 7, sem jafnframt hefur verið undirrituð af forsætisráðherra heima-stjórnarinnar, Nicola Sturgeon.<sup>236</sup>

Þá birtist afgerandi þrýstingur úr fræðasamfélaginu í vönduðum sérfræðiskýrslum sem á grundvelli fræðilegrar greiningar varpa ljósi á þróun réttarins og þau tækifæri sem felast í samspili kerfislægra og menningarlegra áskorana við úrlausn ágreinings. Þar er sáttaamiðlun lýst sem verðmætri og raunhæfri aðferð sem nýst getur samhliða eða í stað dómsúrlausna í skosku réttarkerfi.<sup>237</sup> Viðbrögð stjórnvalda við slíkum þrýstingi virðast jákvæð.

Því kemur ekki á óvart að heimastjórnin hefur nú lýst því yfir með afgerandi hætti að brugðist skuli við samkvæmt framangreindu. Lagt er til grundvallar að markvissari beiting sáttaamiðlunar í skosku réttarkerfi hafi alla burði til að stuðla að lægri útgjöldum fyrir meirihluta málsaðila. Enn fremur muni möguleikar á hraðari málsmeðferð og skilvirkari úrlausnum aukast. Það muni hafa í för með sér jákvæð áhrif á aðgengi borgaranna að réttarríkinu. Tilfni sé til að auka hlut sáttaamiðlunar í opinberri málsmeðferð og undirbúa beri innleiðingu sáttaamiðlunar með markvissum hætti.<sup>238</sup> Sérfræðinganefnd á vegum skosku heimastjórnarinnar vinnur nú að undirbúningi innleiðingar sáttaamiðlunar í skosku réttarkerfi.<sup>239</sup>

## 7.2. LÆRDÓMUR

Þrátt fyrir að afgerandi skref hafi verið stigin eru Skotar skemur á veg komnir með innleiðingu og aðlögun sáttaamiðlunar en mörg lönd önnur. Skotland er því að ýmsu leyti áhugavert til viðmiðunar fyrir Ísland. Telja verður hægt sé að færa sér í nyt þá vegferð sem nú stendur yfir í Skotlandi, en landið er eitt fárra Evrópulanda sem ekki hefur sett almenn lög um sáttaamiðlun en býr þó að talsverðri reynslu af sáttaamiðlun á ólíkum sviðum. Þess skal getið að skoska þingið hefur líkt og það breska viðurkennt tilvist og mikilvægi úrræðisins með fjárframlögum og samstarfi við stjórnvöld og landssamtök um sáttaamiðlun. Réttarfarsnefndir beggja þinga hafa auk þess lengi fjallað um framfarir á þessu sviði. Opinber stefnumótun liggur til grundvallar á tengdum sviðum þó heildstæða stefnu um sáttaamiðlun skorti, að því er virðist af pólitískum ástæðum. Annars vegar vegna ólíkrar nálgunar fagráðuneyta varðandi fjármögnun og mismunandi skipulag sáttaframkvæmdar á ólíkum sviðum, til dæmis innan réttarkerfisins og á vettvangi heilbrigðismála. Hins vegar vegna rótgróins sjálfseignarfyrirkomulags opinberra verkefna í skosku stjórnkerfi.<sup>240</sup>

Eitt þeirra sjónarmiða sem gengið er út frá í fræðilegri sem pólitískri umræðu snýr að sparnaði í ríkisútgjöldum. Margvísleg gögn liggja nú þegar fyrir vegna reynslu af innleiðingu sáttaamiðlunar í Englandi og víðar sem sýna að vaxandi beiting sáttaamiðlunar hefur stuðlað að aukinni hagkvæmni og lægri ríkisútgjöldum. Samhliða hefur einnig verið varað við því að líta eingöngu á innleiðingu sáttaamiðlunar frá fjárhagslegu sjónarmiði. Mikilvægt sé að horfa til þess samfélagslega ábata sem birtist þegar réttaröryggi einstaklinga og fyrirtækja er eflt með þeim hætti sem sáttaamiðlun gefur kost á. Í kaupbæti

<sup>235</sup> Kirkwood, P. (11. júní 2018). *Open letter to Nicola Sturgeon*. iScot Magazine.

<sup>236</sup> Sturrok. (2018). Edinburgh Declaration of International Mediators.

<sup>237</sup> Report from the Expert Group on Mediation in Civil Justice in Scotland. (júní 2019). *Bringing Mediation into the Mainstream in Civil Justice in Scotland*, bls. 5-7.

<sup>238</sup> Scottish Government. (September 2019). Protecting Scotland's future: The Government's Program for Scotland 2019-20, bls. 133.

<sup>239</sup> Scottish Government (2020). Scottish Dispute Resolution Delivery Group.

<sup>240</sup> Scottish Government. (2014). Making Justice Work - Enabling Access to Justice Project - Overview report of Alternative Resolution in Scotland.

sé unnt að framkalla aukinn samfélagslegan þroska við úrlausn ágreiningsmála enda sé þess gætt að sáttamiðlun og sáttamiðlurum sé nægur gaumur gefinn við endurskoðun opinberrar málsmeðferðar.<sup>241</sup>

Bent hefur verið á nauðsyn þess að samræmi sé í þeirri sáttamiðlunarþjónustu sem veitt er af hálfu hins opinbera. Jafnframt hefur sú ályktun verið dregin að stuðla beri að sáttamiðlun utan réttar. Forsenda þessa sé að upplýsa almenning og málsaðila um tilvist sáttamiðlunarúrræðisins. Gildir það jafnt frá því ágreiningur kemur upp eða málhöfðun sýnist í augsýn en þó áður en mál er þingfest. Þannig mætti nýta hluta dómsmálaútgjalda til að fjármagna slíka þjónustu.<sup>242</sup>

Aukin vitund almennings samhliða vaxandi innleiðingu sáttamiðlunar í stjórnkerfinu hefur ríkari skírskotun en sýnist í fyrstu. Samstarf innan stjórnvaxlunnar, samskipti við borgarana og þjónustugrundvöllur hins opinbera hefur full not fyrir hugmyndafræði sáttamiðlunar. Ágætt dæmi um afurð samkvæmt framangreindu er verkefnið „Parenting Apart Project“, sem starfrækt er til fyllingar hefðbundinni sáttamiðlunarframkvæmd á sviði fjölskylduréttar, samanber nánar í kafla 5.6.3. Fræðsla sem stuðlar að aðlögun og aukinni þekkingu foreldra um breytt foreldrahlutverk en er auk þess dæmi um nýjung sem styður við sáttamiðlunarframkvæmd samkvæmt barnalögum. Skýr merki eru um fækkun dómsmála af þessum meiði í Skotlandi og hin jákvæðu samfélagslegu áhrif eru skammt undan. Þegar vel er að gáð má finna vísi að sambærilegri þróun hérlendis, það er fækkun dómsmála í kjölfar vaxandi beitingar sáttamiðlunar og fjölgunar sátta á vettvangi sýslumanna á Íslandi frá 2011 til 2015.<sup>243</sup> Þessar niðurstöður eru enn áhugaverðari þegar litið er til upplýsinga um fjölda þeirra mála sem sætt hafa sérfræði- og sáttameðferð

á vegum sýslumanna vegna árána 2017 og 2018. Þær upplýsingar sýna ekki aðeins talsverða aukningu á málafjölda heldur einnig hækkandi sáttahlutfall.<sup>244</sup> Ekki er að efa að þessi árangur hefur bein áhrif til fækkunar dómsmála í málaflokknum.

Í viðtölum við sáttamiðlara, dómara og lögmenn í Skotlandi var það viðhorf áberandi að áhugi og þekking á sáttamiðlun er mismikil. Samhliða var varað við því viðhorfi að sáttamiðlun sé stefnt gegn lögfræðilegri þjónustu, ráðgjöf og fyrirsvári. Slíkar ályktanir byggja á misskilningi því nærtækara sé að líta á sáttamiðlun sem valkost sem er líklegur til að nýtast málsaðilum hvort heldur sem dómsmál er höfðað eður ei. Þess utan skapist áður óþekkt verkefni fyrir það fagfólk sem kys. Er þetta viðhorf í góðu samræmi við reynslu sem áður hefur verið lýst á Bretlandseyjum að mál tengd viðskiptum, starfsmannamálum, líkamstjónamálum og fleira geri að jafnaði kröfu um lögfræðilegan undirbúning og jafnvel fyrirsvár við sáttamiðlun. Þannig hefur ráðgjöf vegna sáttamiðlunar verið skilgreind sérstaklega og vaxandi markaði lýst.<sup>245</sup>

Ljóst er að Ísland stendur flestum þjóðum langt að baki varðandi beitingu úrræða á borð við sáttamiðlun. Lagasetning er verulega takmörkuð, akademískar rannsóknir í lágmarki og lítið ber á sáttamiðlun í stefnu stjórnvalda og opinberri umfjöllun. Skotar virðast hins vegar komnir á þann stað að líta á sáttamiðlun sem raunverulegan valkost. Valkost sem hvorki er stefnt gegn einum eða neinum heldur sem jákvæðri viðbót í samfélagi og réttarkerfi. Valkost fyrir aðila og ágreining sem hvergi fæst unnið með eða henta síður sem viðfangsefni dómstóla eða úrskurðarnefnda en eiga nú samastað við sáttamiðlunarborð.<sup>246</sup> Þannig er virk sáttamiðlun ekki síður talin eftirsóknarvert úrræði til fyllingar formlegri lögfræðilegri

<sup>241</sup> Justice committee. (6. febrúar 2018). *Alternative dispute resolution*.

<sup>242</sup> University of Strathclyde Mediation Clinic. (April 2018). *Report for the Justice Committee*, bls. 5.

<sup>243</sup> Innanríkisráðuneytið. (2016). Áhrif sáttameðferðar í forsjármálum, skv. 33. gr. a. barnalaga nr. 76/2003.

<sup>244</sup> Sáttahlutfall í forsjármálum árin 2017 og 2018 var 54% og 56% í samanburði við 42%-51% á árunum 2013 til 2015. Þá hefur sáttahlutfall í umgengismálum vaxið úr 54% árið 2015 í 62% árið 2017 og 61% 2018. Þórdís Rúnarsdóttir, Sátt- og sérfræðimeðferð sýslumanna í málefnum barna. Tölfræði 2018 og 2019 (óútgefið).

<sup>245</sup> Goodman, A. (2010). *Mediation Advocacy*, bls. 167-172.

<sup>246</sup> Scottish Government. (22. september 2019). *Access to Justice*.



málsmeðferð. Ótal mörg dæmi fyrirfinnast um það og mörg eru nefnd hér að framan.

Þá veur sérstaka athygli sú áhersla sem sá aðili sem telst samsvararandi embætti Umboðsmanni Alþingis leggur nú á sáttamiðlun. Auk þess að fjalla reglulega um sáttamiðlun stjórnvalda á fjölbreyttum sviðum hefur embættið sjálft fylgt eftir þeirri stefnu sinni að laga sáttamiðlun að eigin starfsháttum frá og með árinu 2019, þar sem við á. Jafnframt hefur því verið lýst að árið 2020 skuli á grundvelli árangursmats innleiða með varanlegum hætti þær aðferðir sáttamiðlunar og skyldra úrræða sem besta raun hafi gefið.<sup>247</sup> Telja verður að hér séu á ferðinni býsna skýr skilaboð um mikilvægi þess að hugað sé að innleiðingu sáttamiðlunaraðferðarinnar í opinberri stjórnsýslu.

Að því er stefnumótun um sáttamiðlun varðar er nauðsynlegt að spyrja þeirrar spurningar hvers vegna einstaklingar og fyrirtæki í öðrum löndum kjósi sáttamiðlun, án tillits til þess hvort dómsmeðferð er tæk eður ei. Rannsóknir benda til þess að þegar öllu er á botninn hvolft séu það ekki eingöngu fjárhagsleg útgjöld og tímasparnaður sem stýra því hvort áhersla er lögð á sáttamiðlun heldur einnig reynsla af þeim valkostum sem í boði kunna að vera.<sup>248</sup>

Einnig þarf að svara þeirri einföldu spurningu hvers vegna erlend stjórnvöld kjósa að innleiða sáttamiðlun í ríkari mæli en gert er á Íslandi. Eftir stendur sú áskorun að íslensk stjórnvöld taki afstöðu, móti viðeigandi stefnu um sáttamiðlun og setji skynsamleg markmið á grundvelli stefnumiðaðrar áætlanagerðar um innleiðingu sáttamiðlunar í íslensku samfélagi, stjórnsýslu og réttarkerfi. Til grundvallar liggur takmörkuð íslensk reynsla en einnig reynsla erlendra þjóða sem tekið hafa sáttamiðlun upp á arma sína með afgerandi hætti. Þá er ekki óeðlilegt að opinber stefna endurspegli áherslur og hugmyndafræði alþjóðastofnana

sem hvetja til og byggja í auknum mæli á sáttamiðlun.

Á grundvelli þeirrar reynslu sem fyrir liggur á Bretlandseyjum, annars staðar í Evrópu og víðar um heim, sem og að teknu tilliti til þeirrar takmörkuðu reynslu sem liggur fyrir hérlandis, væri hægt að líta innleiðingu sáttamiðlunar og aðlögun að íslenskum aðstæðum sem tvíþætt ferli. Annars vegar með umbótum til skemmri tíma án róttækra laga eða kerfisbreytinga. Dæmi um það væru skoðun vinnuhóps á lagaheimildum og starfsaðferðum opinberra úrskurðaraðila með tilliti til tillögugerðar um ríkari notkun sáttamiðlunar og aðlögun aðferðarinnar þar sem skynsamlegt þykir. Samhliða færi fram endurskoðun og aðlögun gjafsóknarframkvæmdar. Skoða mætti rýmkun á framkvæmd laga og reglugerðar um starfshætti gjafsóknarnefndar og stuðla að sáttameðferð í aðdraganda, samhliða eða í stað dómsmeðferðar. Þá er nærtækt að vísa til reglna um sáttamiðlun fyrir dómi frá árinu 2007, sem legið hafa óbættar hjá garði eftir ágæta reynslu af innleiðingu þeirra fyrir rúmum áratug síðan.<sup>249</sup>

Hins vegar væri eftirsóknarvert að setja á stofn tilraunaverkefni, eitt eða fleiri, þar sem reynt yrði að varpa ljósi á reynslu af aukinni áherslu á sáttamiðlun. Þar er sú nálgun nærtæk að virkja lögbundið sáttahlutverk sýslumanna, enda um að ræða embætti sem búa nú þegar yfir reynslu og þekkingu á sviði sáttamiðlunar í fjölskyldumálum á grundvelli fyrirbyggjandi lagaheimildar barnalaga. Er þá ónefnd aldalöng sáttaarfleið embættanna að ógleymdri sögu sáttanefnda sýslumanna. Við blasir að slík nálgun byggji á 107. gr. laga nr. 91/1991 en þannig yrði fylgt eftir þeim skýra löggjafarvilja sem lagagreinin byggir á. Heimildin rúmar sáttameðferð á vettvangi sýslumanns áður en mál er höfðað eða eftir. Til grundvallar lægi samkomulag aðila eða jafnvel tilvísun dómara. Samhliða er sérstök ástæða til að leggja mat á kosti undanfarandi sáttamiðlunar sýslumanna í einkamálum og árangur, samanber einnig erlendar

<sup>247</sup> The Parliamentary and Health service Ombudsman. (16. mars 2018). *Our Strategy 2018-21, bls. 11-13.*

<sup>248</sup> Scottish Government. (2014). *Making Justice Work - Enabling Access to Justice Project - Overview report of Alternative Resolution in Scotland*, bls. 31.

<sup>249</sup> Ingibjörg Þorsteinsdóttir: Sáttamiðlun fyrir dómi, bls. 189-192.

fyrirmyndir sem lýst er að framan og sýnast falla vel að slíkri skipan. Að öllu framangreindu athuguðu skapaðist verðmætt tækifæri til að leggja mat á árangur virkrar sáttamiðlunar á sviði einkamála án verulegs umróts, enda einungis um framkvæmd á grundvelli gildandi réttar að ræða.

Í annan stað með réttarbótum til lengri tíma. Dæmi um það væri nýsköpun í ríkisrekstri á grundvelli hugmyndafræði um sáttamiðlun. Nefna mætti undirbúning og innleiðingu fræðsluverkefna um sáttamiðlun þar sem ráðuneytum og ríkisstofnunum yrði gert kleift að laga starfsemi sína að úrræðinu. Einnig með greiningu á réttarstöðu sáttamiðlara og starfsumhverfi með tilliti til þess hvernig gæði og árangur verða best tryggð í störfum þeirra, samanber fyrirbyggjandi alþjóðareglur um sáttamiðlara. Enn fremur verði hugað að endurskoðun laga og reglugerða þar sem kannað væri hvernig unnt er að laga sáttamiðlun að markmiðum þeirra. Jafnframt hvort skilyrði og þörf er á löggjöf um sáttamiðlun í samræmi við Evrópureglur um sáttamiðlun sem nær öll önnur lönd álfunnar byggja skipan sína á.

Til grundvallar öllu framangreindu er æskilegt að stjórnvöld búi sér framtíðarsýn og móti stefnu um sáttamiðlun í íslenskrí stjórnsýslu, réttarvörslukerfi og samfélagi. Ekki er ofsagt að alþjóðleg þróun og samfélagshagsmunir knýi beinlínis á um það.

### 7.3. FRAMTÍÐARSÝN

Sáttamiðlun er viðurkennd og vaxandi aðferð um allan heim. Framtíðaráskoranir blasa því við að teknu tilliti til þróunar á þessu sviði erlendis. Mikilvægt er að hafa í huga að sáttamiðlun er ekki einvörðungu verkfæri sem ætlað er að leysa dagleg vandamál og viðfangsefni réttarvörslukerfisins. Sáttamiðlun felur í sér hugmyndafræði sem leggja má til grundvallar úrlausn hvers kyns viðfangsefnum hins opinbera en einnig á einkamarkaði. Viðurkenning aðferðarinnar, þekking og þróuð vinnubrögð sáttamiðlunar fela þannig í sér nálgun sem unnt er að laga

að fjölmörgum viðfangsefnum eða opinberri þjónustu í samfélaginu.

Á hitt er að líta að sáttamiðlun byggir ekki aðeins á nauðsynlegri þekkingu á fyrirbærinu sem slíku og þeim aðferðum sem nauðsynlegar eru til að beita því heldur einnig reynslu. Þannig er þróun sáttamiðlunar í samfélaginu ekki fyrirsjáanleg nema að litlu leyti. Með því er átt við að sá einstaklingur eða skipulagsheild sem nýtir sáttamiðlun á einu sviði er líkleg til að beita því á öðru. Ekki þarf að velkjast í vafa um að laganneminn sem lærir um sáttamiðlun og tileinkar sér viðeigandi aðferðir er líklegri til að vera meðvitaðri um kosti, galla og gæði sáttamiðlunar en embættismaðurinn sem brautskráðist á síðustu öld.

Á Íslandi er vandinn sá að sáttamiðlun hefur ekki verið nægur gaumur gefinn. Að því sögðu ber að geta þess að finna má efnilega sprota á einkamarkaði sem nú fer hratt fjölgandi, árangursríka sáttamiðlun í fjölskyldumálum á vettvangi sýslumanna<sup>250</sup> og jákvæð teikn hjá embætti umboðsmanns borgarbúa sem ætlað er að bjóða upp á sáttamiðlun þegar ágreiningur Reykjavíkurborgar og borgarbúa kemur upp.<sup>251</sup> Einnig viðvarandi sáttaumleitana dómara að ógleymdri frjálsri sáttaframkvæmd í viðskiptalífínu, í samskiptum lögmannna og annars fagfólks. Hins vegar hefur hvorki verið mörkuð opinber stefna né gera málsmeðferðarreglur ráð fyrir sáttamiðlun hjá hinu opinbera nema í algerum undantekningartilvikum. Viðeigandi stefna af hálfu framkvæmdarvaldsins er nauðsynleg því ella er takmarkaður hvati til nýsköpunar eða til að nýta þær lagaheimildir sem þó fyrirfinnast, samanber fyrirnefnda 107. gr. eml. Lagaheimild sem með einföldum hætti mætti virkja til sáttamiðlunar í einkamálum, ýmist fyrir málshöfðun eða eftir. Dæmi um það eru mál sem talin eru vænleg til sátta með milligöngu sáttamanna á vegum sýslumanns. Þannig mætti endurvekja hina göfugu hugsun sem lá að baki tilvist sáttanefnda landsins og hlutverks héraðsbundinna sáttamanna með skírskotun til erlendar reynslu og rannsókna.

<sup>250</sup> Innanríkisráðuneytið (2016). *Ábrif sáttameðferðar í forsjármálum sbr. 33.gr. a barnalaga*. Einnig staðfestir ársskýrsla sýslumannsembættanna 2017-2018 hækkandi sáttahlutfall í umgengismálum (61%) og forsjármálum (56%).

<sup>251</sup> Reykjavíkurborg (2017). Samþykkt fyrir umboðsmann borgarbúa.

Réttaraðstoð vegna sáttamiðlunar utan réttar á sér ágæta fyrirmynd í reglum hinnar skosku gjafsóknarnefndar sem lýst er í kafla 5.2 um útgáfu takmarkaðri gjafsóknarleyfa, gjafsáttaleyfa. Þannig yrði aðilum fært að finna ágreiningi sáttafarveg að nánari skilyrðum uppfylltum. Slíka sáttamiðlun kynnu þeir jafnt að geta sótt til einkaaðila sem æskilegt er að uppfylli nauðsynleg skilyrði en einnig til opinberra sáttamiðlara á vegum sýslumanna. Þannig er ekki aðeins stuðlað að fækkun dómsmála heldur einnig vaxandi einkamarkaði sáttamiðlara og lögmanna vegna fyrirsvars eða umsjónar með sáttamiðlun.

Með stefnu stjórnvalda um málefnið og nauðsynlegum ráðstöfunum má þannig sjá fyrir sér að unnt sé að stuðla að sáttamiðlun með nokkuð einföldum hætti. Annars vegar með því að ryðja úr vega þeim hindrunum sem fyrir kunna að vera og hins vegar að virkja þau úrræði sem þegar eru til staðar með markvissari hætti. Því eru þessi atriði dregin fram til að undirstrika ábyrgð Stjórnarráðsins og eftir atvikum Alþingis.

Röksemdirnar eru hvarvetna og sönnunargögn um gæði sáttamiðlunar hrannast upp í háskólasamfélaginu. Samstarf Stjórnarráðsins, viðeigandi stofnana, svo sem dómstóla og sýslumannsembættu, og þeirra sérfræðinga sem þekkingu hafa á sáttamiðlun er nauðsynlegt. Lögmenn og sáttamiðlarar hafa mikilvægu hlutverki að gegna. Breytingar á reglum um framkvæmd og skipulag fela í sér nauðsynlegt frumkvæði stjórnvalda til vaxandi notkunar úrræðisins. Slíkt frumkvæði á sér stoð í viðbrögðum og þátttöku stjórnvalda hvarvetna í heiminum og er byggt á þekkingu og reynslu af sáttamiðlun.

Þaræstu skref eru jafnvel fyrirsjáanleg. Rafræn sáttamiðlun mun í fyrirsjáanlegri framtíð taka stórstígum framförum þar sem þekking, reynsla og tæknilausnir nýtast samhlíða. Persónulegar eða landfræðilegar aðstæður fólks og fyrirtækja, jafnvel ótti og tregða, mun knýja á um rafræna sáttamiðlunarframkvæmd. Auðvelt er að sjá fyrir að eftirspurn eftir greiðara aðgengi að sáttamiðlun á þessum grunni muni aukast og verða hluti af daglegu lífi fólks og fyrirtækja.

Krafa nútímans um tímasparnað og afköst mun sjálfkrafa ýta undir slíka þróun.

Rafræn sáttamiðlun á sér þegar fordæmi og reynsla byggist hratt upp. Nýjar kynslóðir munu sjálfkrafa laga sig að slíkum lausnum. Tækifæri til sáttamiðlunar af þessu tagi munu því veita almenningi greiðari aðgang að réttarríkinu. Þá felur rafræn sáttamiðlun í sér tækifæri til að tryggja nauðsynlegt öryggi þar sem ótti ríkir eða gagnkvæmt traust er ekki til staðar milli aðila. Auðvelt er að sjá fyrir sér að mörgum stafí minni ógn af viðveru við tölvuskjá á heimavelli en í návígi við gagnaðila í óþekktu umhverfi.

Framtíðarsýn um einfaldari og jafnvel átakaminni veruleika er töfrandi sýn - en án vilja, stefnu og aðgerða orðin tóm.

## 8. LOKAORÐ

Sáttamiðlun er viðurkennd aðferð í Skotlandi líkt og víða um heim. Aðgangur almennings og fyrirtækja er til staðar á einkamarkaði og einnig á vegum ríkis, sveitarfélaga og sjálfseignarstofnana. Skosk yfirvöld hafa þó lengst af stigið varlega til jarðar varðandi frumkvæði að innleiðingu sáttamiðlunar hjá hinu opinbera þó stuðningur stjórnvalda birtist víðsvegar, svo sem með fjárframlögum. Skýr merki eru nú um breytingar að þessu leyti og yfirvöld hvetja til sáttamiðlunar með margvíslegum hætti, breyttu skipulagi og beinum fjárveitingum. Gögn um jákvæð áhrif byggjast hratt upp og ekki verður dregin önnur ályktun en að sú menning sem þrífst vegna umfjöllunar um ágreining í skosku samfélagi þroskist nú með afgerandi hætti.

Innleiðing sáttamiðlunar á fjölmörgum sviðum skosks samfélags, stjórnsýslu og viðskiptalífs sem og ört vaxandi þróun við beitingu úrræðisins er því áþreifanleg. Sáttamiðlarar, sérhæfðir sem almennir, sækja sér menntun og auglýsa þjónustu sína, tæknilausnir ryðja sér til rúms, fyrirtæki skipuleggja rekstur sinn og stjórnun með tilliti til úrræðisins og hið opinbera tekur ríkan þátt í því að gera sáttamiðlun að aðgengilegum kosti á völdum sviðum. Löggiáfinn rumskar og undirbýr almenna lagasetningu um sáttamiðlun.

Ofangreind viðhorfsbreyting byggir ekki aðeins á alþjóðlegri þróun. Auðvelt er að bera kennsl á vel heppnuð opinber verkefni og jákvæð áhrif breytinga á lögum og málsmeðferð á tilteknum réttarsviðum í Skotlandi. Eftirspurn og aðlögun markaðarins fylgir með og nýjar lausnir verða til. Ekki er vafi á að eflid menntun sáttamiðlara og rannsóknir á sviði sáttamiðlunar við háskóla í Skotlandi stuðla að auknum faglegum gæðum samhliða vaxandi vitund um þau tækifæri sem í sáttamiðlun felast.

Til grundvallar þessari þróun liggja ekki aðeins sögulegar skýringar um gildi sáttagjörða, svo sem viðgengist hefur á Íslandi um langan aldur, heldur sú staðreynd að merki um jákvæð samfélagsleg, einstaklingsbundin, fjárhagsleg og jafnvel efnahagsleg áhrif sáttamiðlunar byggjast nú hratt upp í Skotlandi eins og víða um heim. Sáttamiðlunarúrræðið er þess eðlis að það aðlagast að breyttu breytanda og er því hvorki afmarkað við tiltekin réttarsvið né bundið réttarfarsreglum. Birtingarmyndin er sú að ólík viðfangsefni og aðstæður eiga oftast en ekki aðgang að nýjum og fjölbreytilegum lausnum á grundvelli þeirra megin sjónarmiða sem um sáttamiðlun gilda: Sáttfýsi og sveigjanleika, hlutleysi og hugmyndaauðgi. Freistandi er að draga þá ályktun að betri fylginautur vandaðrar málsmeðferðar til lausnar ágreiningsefnum sé vandfundinn.

Ísland stendur flestum öðrum þjóðum að baki í þessu tilliti. Hætt er við að athafnaleysi stjórnvalda og skortur á stefnu verði enn áþreifanlegri eftir því sem aðrar þjóðir og alþjóðasamfélag þróa, útfæra og taka sáttamiðlun í þjónustu sína. Ekki er vafi á að ein helsta ástæða þessa er skortur á opinberum hvata og takmarkaðri þekkingarsköpun á þessu sviði héraendis. En því er hægt að breyta með réttum kompás og framsýnum skipstjóra.

Jafnframt er óhjákvæmilegt að benda á að hætt er við að samfélagið fari á mis við verðmæt tækifæri sem felast í því að gefa fólki og fyrirtækjum tækifæri til uppbyggilegri úrlausna á sviði einkamála en nú eru í boði. Færa má sannfærandi rök fyrir því að það teljist til hlutverks ríkisvaldsins að stuðla að ríkari beitingu sáttaleiða í stað þess að ágreiningsaðilum sé sjálfkrafa stýrt inn á hefðbundinn formlegan vettvang sem hefur það hlutverk að leysa úr ágreiningi á lögfræðilegum grunni. Ella er undir hælinn lagt hvort gætt er tillits til lausna sem kunna að vera fólgnar í sameiginlegri niðurstöðu á grundvelli sáttar. Þegar af þeirri ástæðu er opinber stefna og íhlutun sjálfsgöð og eðlileg.

Íslenskt stjórnkerfi býr svo vel að eiga stjórnsýslustofnanir sem fara með fjölpætt verkefni framkvæmdarvaldsins á framangreindum forsendum og búa auk þess að þekkingu og sögu um sáttameðferð, leiðbeiningar og þjónustuhlutverk. Langa tölu mætti hafa um hve vel sýslumannsembættin eru til þess fallin að sinna almennri sáttamiðlun á gildandi lagagrunni. Samhliða gefst sáttamiðlun á einkamarkaði sérstakt tækifæri til að byggjast upp.

Svo vill til að á meðal helstu tillagna sem liggja til grundvallar umfjöllun skoska þingsins um sáttamiðlun er tillaga um lagasetningu sem jafna má til 107. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Tillagan gerir nefnilega ráð fyrir staðbundnum sáttaskrifstofum í sérhverri þinghá (*The Early Dispute Resolution Office*). Fyrirmyndin er bandarísk (*the multi-door courthouse*) og er ætlað er að sinna sáttamiðlun í viðeigandi tilvikum.<sup>252</sup>

Til grundvallar liggur sú meginhugmynd að laga beri sáttamiðlun í ríkari mæli að meðferð og úrlausn einkaréttarlegs ágreinings í samfélaginu.<sup>253</sup> En þetta vissu höfundar lögbókanna líka.

<sup>252</sup> „An ounce of mediation is worth a pound of arbitration and a ton of litigation“ (J. Grynbaum).

<sup>253</sup> Report from the Expert Group on Mediaion in Civil Justice in Scotland. (júní 2019). Bringing Mediation into the Mainstream in Civil Justice in Scotland, bls 32-39. Á bls. 5: „To normalise the use of mediation in civil disputes and ensure uniform availability across Scotland’s courts and tribunals, a coordinated case management approach, with appropriate administrative capacity is needed. Providing a new viable pathway in civil justice means introducing a minimal degree of compulsion, to ensure parties engage in the process.“

## HEIMILDASKRÁ

*Act of Sederunt (Simple Procedure) 2016.* (án dags.). Sótt 7. febrúar 2018 frá Legislation.gov.uk: <http://www.legislation.gov.uk/ssi/2016/200/made>

Acts of the Scottish Parliament. (án dags.). *Civil Evidence (Family Mediation) (Scotland) Act 1995.* Sótt 7. nóvember 2017 frá Legislation.gov.uk: <http://www.legislation.gov.uk/ukpga/1995/6/section/1>

Advokatenhjælperdeg.no. (24. mars 2018). *Mekling ved advokat.* Sótt frá <https://www.advokatenhjælperdeg.no/jus-artikler/advokatmekling-mekling-ved-advokat/>

Advokatrådet. (1. júlí 2019). Sótt frá DE ADVOKATETISKE REGLER: <file:///C:/Users/Hu01/Downloads/AERjuli2019.pdf>

Alexander, N. M. (2006). *Global Trends in Mediation* (2. útg.). Kluwer Law International BV.

Alþingistíðindi 181 mál. (103. löggjafarþing). Frumvarp til laga um breytinga á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Andrews, N. (2018). Mediation in England. Í C. Springer, *The Three Paths of Justice*. Ius Gentium: Comparative Perspectives on Law and Justice. Springer, Cham.

Bill Marsh, A. O. (2017). England and Wales. Í S. W. Nadja Alexander, *EU Mediation Law Handbook* (bls. 203-238). Kluwer Law International B.V.

Boyack, G. (16. January 2017). Simple Procedure - It's Complicated. *The Journal of the law society of Scotland*. Sótt frá The: <http://www.journalonline.co.uk/Magazine/62-1/1022715.aspx>

Boyack, G. (30. janúar 2018). Go-betweens trusted by both sides can make a huge difference. *The Scotsman*, 32-33.

Boyack, G. (11. apríl 2018). Mediation really talks the talk in solving disputes. Sótt frá *The Scotsman*.

CALM Scotland. (án dags.). Sótt 27. nóvember 2017 frá Calm Scotland: <http://www.calmscotland.co.uk/>

CALM Scotland. (án dags.). *CALM Scotland Mediation*. Sótt 2. febrúar 2018 frá <http://www.calmscotland.co.uk/who-we-are.html>

CCBE. (19. maí 2006). *Charter of Core Principles of the European Legal Profession and Code of Conduct for European Lawyers*. Sótt frá [http://www.ccbe.eu/fileadmin/speciality\\_distribution/public/documents/DEONTOLOGY/DEON\\_CoC/EN\\_DEON\\_CoC.pdf](http://www.ccbe.eu/fileadmin/speciality_distribution/public/documents/DEONTOLOGY/DEON_CoC/EN_DEON_CoC.pdf)

CEDR. (án dags.). *Diversity and Inclusion must Shape the Mediation Profession*. Sótt 1. júní 2018 frá <https://www.cedr.com/news/?item=Diversity-and-Inclusion-must-Shape-the-Mediation-Profession>

Center for Konfliktløsning. (án dags.). *Foreningen*. Sótt 25. mars 2018 frá <https://konfliktloesning.dk/om-os/>

Chartered Institute of Arbitrators. (án dags.). Sótt 27. apríl 2018 frá [www.ciarb.org/branches/great-britain/scotland/mediation](http://www.ciarb.org/branches/great-britain/scotland/mediation)

Christopher Hodges, M. T. (án dags.). *Civil Justice in England and Wales - beyond the courts*. Sótt 25. febrúar 2018 frá [https://www.law.ox.ac.uk/sites/files/oxlaw/civil\\_justice\\_in\\_england\\_and\\_wales\\_-\\_beyond\\_courts\\_mapping\\_out\\_non-judicial\\_civil\\_justice\\_mechanisms.pdf](https://www.law.ox.ac.uk/sites/files/oxlaw/civil_justice_in_england_and_wales_-_beyond_courts_mapping_out_non-judicial_civil_justice_mechanisms.pdf)

Citizens Advice. (án dags.). *NHS complaints*. Sótt 3. mars 2018 frá Advice for Scotland - Health: <https://www.citizensadvice.org.uk/scotland/health/nhs-healthcare-s/nhs-complaints-s/>

Civil Justice Council for England and Wales. (2017). *Interim Report*. London: Wales, Civil Justice Council for England and Wales.

CMS legal. (27. mars 2017). *Commercial Court in Scotland Increases Emphasis on ADR*. Sótt frá Law Now: <file:///C:/Users/Lenovo/Downloads/25-09-2017%2009-54-10.pdf>

Consensus Collaboration Scotland. (án dags.). *Collaborative Divorce Trends 2017*. Sótt 30. október 2017 frá More Scots seeking out of court divorce settlements research reveals: [http://www.consensus-scotland.com/latest-news/newsarea\\_single/research-report](http://www.consensus-scotland.com/latest-news/newsarea_single/research-report)

Court of session. (án dags.). *Practice Note No. 1 of 2017 Commercial Actions*. Sótt 27. mars 2017 frá <https://www.scotcourts.gov.uk/docs/default-source/default-document-library/practice-note---commercial-actions.pdf?sfvrsn=2>

*Court of Session Rules*. (án dags.). Sótt 31. maí 2018 frá Scottish Courts and Tribunals: <https://www.scotcourts.gov.uk/rules-and-practice/rules-of-court/court-of-session-rules>

Courts and Tribunals Judiciary. (16. maí 2009). *Court mediation service manual*. Sótt frá [https://www.judiciary.uk/wp-content/uploads/JCO/Documents/Guidance/civil\\_court\\_mediation\\_service\\_manual\\_v3\\_mar09.pdf](https://www.judiciary.uk/wp-content/uploads/JCO/Documents/Guidance/civil_court_mediation_service_manual_v3_mar09.pdf)

Creswell, J. W. (2003). *Research design: Qualitative, quantitative and mixed methods approaches*. London: SAGE Publications.

Cubitt, R. (2018). *Parenting Apart - Information and Update May 2018*. Edinburgh: Relationships Scotland.

Danske Forsikring. (4. október 2015). *Vilkår for Entrepriseforsikring*. Sótt frá <https://www.danskeforsikring.dk/fileadmin/dokumenter/pdf/erhverv/df6597-4-oktober-2015.pdf>

Danske love. (án dags.). *Retsplejeloven*. Sótt 26. júní 2018 frá <https://danskelove.dk/retsplejeloven>

Davíð Már, B. (1990). Samanburðarlögfræði. *Tímarit lögfræðinga*, 210-218.

Devanny, A. ((Spring) 2016). Mediation for Scottish homeowners. (J. Cooper, Ritstj.) *Tribunals Journal*, bls. 6-8. Sótt 2018 frá <https://www.judiciary.uk/wp-content/uploads/2013/07/tribunals-journal-spring-2016.pdf>

Directive 2008/52/EC. (24. May 2008). Directive 2008/52/EC on certain aspects of mediation in civil and commercial matters. Official Journal of the European Union.

Dore, E. (janúar 2016). *MEDIATION AND HOMELESSNESS PREVENTION IN SCOTLAND: A DECADE OF MEDIATION BETWEEN YOUNG PEOPLE AND THEIR FAMILIES*. Sótt frá Scottish Community Mediation Center: [https://cyrenians.scot/wp-content/uploads/2016/01/Mediation\\_Report.pdf](https://cyrenians.scot/wp-content/uploads/2016/01/Mediation_Report.pdf)

Dómsmálaráðuneytið. (14. febrúar 2013). Reglur um ráðgjöf og sáttameðferð skv. 33. og 33.gr. a barnalaga nr. 76/2003, með síðari breytingum skv. lögum nr. 61/2012 og 144/2014. Sótt frá <https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/frettir-2013/reglur-um-sattamedferd.pdf>

Edinburgh Sheriff Court Mediation Service. (2018). *Written submission from the Edinburgh Sheriff Court Mediation Service*. Sótt frá [http://www.parliament.scot/S5\\_JusticeCommittee/Inquiries/ADR-ESCMediationService.pdf](http://www.parliament.scot/S5_JusticeCommittee/Inquiries/ADR-ESCMediationService.pdf)

Eisenberg, D. (2016). What we know (and need to know) about court - annexed dispute resolution. *South Carolina Law Review*, 1-18.

Encyclopedia. (án dags.). *Legal Dictionary*. Sótt 27. október 2017 frá The Free Dictionary by Farlex: <http://legal-dictionary.thefreedictionary.com/mediation>

Ervasti, K. (2018). Past, Present and Future of Mediation in Nordic Countries. Í E. A. al., *Nordic Mediation Research* (bls. 22-227). University of Helsinki.

European Commission. (2004). *European Code of Conduct for Mediators*. 4/2004. Sótt frá [https://ec.europa.eu/civiljustice/adr/adr\\_ec\\_code\\_conduct\\_en.pdf](https://ec.europa.eu/civiljustice/adr/adr_ec_code_conduct_en.pdf)

European Justice. (20. desember 2019). Sótt frá Mediation in Member States - Finland: [https://e-justice.europa.eu/content\\_mediation\\_in\\_member\\_states-64-fi-en.do?member=1](https://e-justice.europa.eu/content_mediation_in_member_states-64-fi-en.do?member=1)

European Parliament. (2014). 'Rebooting' the mediation directive: assessing the limited impact of its implementation and proposing measures to increase the number of mediations in the eu. Sótt frá [http://www.europarl.europa.eu/RegData/etudes/etudes/join/2014/493042/IPOL-JURI\\_ET\(2014\)493042\\_EN.pdf](http://www.europarl.europa.eu/RegData/etudes/etudes/join/2014/493042/IPOL-JURI_ET(2014)493042_EN.pdf)

Evans, M. (Febrúar 2018). *Rethinking Legal Aid. An Independent Strategic Review*. Sótt frá <http://www.gov.scot/Resource/0053/00532544.pdf>

FDM forsikring. (2019). *Hus forsikring*. Sótt frá <https://fdm.dk/sites/default/files/inline-files/Husforsikring.pdf>

Financial Industry Regulatory Authority. (án dags.). *Mediation Process*. Sótt 27. október 2017 frá FINRA: <https://www.finra.org/arbitration-and-mediation/mediation-process>

Financial Services Ombudsman. (2017). *Annual Review*. [https://www.fspo.ie/documents/FSO\\_Annual\\_Review\\_2017.pdf](https://www.fspo.ie/documents/FSO_Annual_Review_2017.pdf): Financial Services Ombudsman.

Finlands advokatförbund. (2017). *Rule of Law Programme of the Finnish Bar Association for 2017-2026*. Sótt frá [https://www.oikeusvaltio2025.fi/files/6/Rule\\_of\\_Law\\_Programme\\_of\\_the\\_Finnish\\_Bar\\_Association\\_for\\_2017-2026\\_final.pdf](https://www.oikeusvaltio2025.fi/files/6/Rule_of_Law_Programme_of_the_Finnish_Bar_Association_for_2017-2026_final.pdf)

Finlands Forum för Medling. (án dags.). *Finnish Forum for Mediation*. Sótt 26. júní 2018 frá <http://sovittelu.com/in-english/>

Finlex (án dags.) Act on mediation in civil matters and confirmation of settlements in general courts (394/2011) Sótt 26. júní 2018 frá <https://finlex.fi/en/laki/kaannokset/2011/en20110394>.

Forbrukerrådet. (án dags.). *Slik klager du*. Sótt 24. mars 2018 frá <https://www.forbrukerradet.no/klageguide/>

Garðar Víðir, G. (2012). Alþjóðlegur gerðardómsréttur: Um framkvæmd fullnustu erlendar gerðardómsúrlausna á Íslandi og möguleika dómþolar til að varna samkvæmt 5.gr. New York sáttmálans. *Tímarit Lögréttu*, 9-44.

Gill, C. W. (2014). *Models of Alternative Dispute Resolution - A report for the Legal Ombudsman*. Edinburgh: Queen Margaret University. Sótt frá <http://www.legalombudsman.org.uk/downloads/documents/research/Models-Alternative-Dispute-Resolution-Report-141031.pdf>

Gjafsóknarnefnd. (2017). *Arskýrsla 2017*.

Goodman, A. (2010). *Mediation Advocacy*. London: Nova Publishing.

GOV.UK. (1998). *Civil Procedure Rules (1998)*. Sótt frá <https://www.justice.gov.uk/courts/procedure-rules/civil>

GOV.UK. (7. November 2017). *PRACTICE DIRECTION – PRE-ACTION CONDUCT AND PROTOCOLS*. Sótt frá [https://www.justice.gov.uk/:https://www.justice.gov.uk/courts/procedure-rules/civil/rules/pd\\_pre-action\\_conduct](https://www.justice.gov.uk/:https://www.justice.gov.uk/courts/procedure-rules/civil/rules/pd_pre-action_conduct)

Guardian. (10. febrúar 2018). *Prisons and probation*. Sótt frá 'If I'd known, I might not have taken a life': can prisoners defuse their own disputes?: <https://www.theguardian.com/society/2018/feb/10/can-prisoners-resolve-disputes-dartmoor-mediation>

Halsey v. Milton Keynes General NHS Trust, [2004] EWCA Civ 576 (England and Wales Court of Appeal (Civil Division) Decisions). Sótt frá [http://www.bailii.org/cgi-bin/format.cgi?doc=/ew/cases/EWCA/Civ/2004/576.html&query=\(halsey](http://www.bailii.org/cgi-bin/format.cgi?doc=/ew/cases/EWCA/Civ/2004/576.html&query=(halsey)

Hareide, D. (2006). *Konfliktmegling - et nordisk perspektiv*. Oslo: Scandinavian Academic Press.

Hart, C. (2005). *Doing your Masters Dissertation*. London: SAGE Publications.

Hietanen-Kunwald, P. (2017). Finland. Í S. W. Nadja Alexander, *EU Mediation Law Handbook* (bls. 267-298). Kluwer Law International B.V.

Housing and Property Chamber. (2020). *Eviction and Civil Proceedings FAQ*. Sótt frá <https://www.housingandpropertychamber.scot/apply-tribunal/evictions-and-civil-proceedings/eviction-and-civil-proceedings-faq>

IDA Forsikring. (án dags.). *Hvad er en indboforsikring?* Sótt frá <https://idaforsikring.dk/hvad-er-en-indboforsikring>

Ingibjörg Þorsteinsdóttir. (2018). Sáttamiðlun fyrir dómi. Í *Stefánsbók* (bls. 175-193). Reykjavík: Fons Juris.

Innanríkisráðuneytið. (2016). *Ábrif sáttamedferðar í forsjármálum, skv. 33. gr. a. barnalaga nr. 76/2003*. Sótt frá [https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/frettir-2016/sattamedferd\\_lokaskyrsla-a-vefinn.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/frettir-2016/sattamedferd_lokaskyrsla-a-vefinn.pdf)

- Irish Parliament. (1. janúar 2018). Mediation Act 2017 (Írland). Írland.
- Irvine. (13. ágúst 2018). *Evaluation or guidance? What do small claimants want from mediators?* Sótt frá <http://mediationblog.kluwerarbitration.com/2018/08/evaluation-or-guidance-what-do-small-claimants-want-from-mediators/>
- Irvine, C. (4. apríl 2012). *Mediation: business as usual*. Sótt frá The Journal of the Law Society of Scotland: <http://www.journalonline.co.uk/Preview/1011021.aspx#.WiVWMFVI-M9>
- Irvine, C. (2012). Scotland's 'mixed' feelings about mediation ii. *Paper presented at 25th Annual LACM Conference*. Stellenbosch, South Africa.
- Irvine, C. (10. september 2016). *Kluwer Mediation Blog*. Sótt frá And finally ... some plain English form Scotland: <http://mediationblog.kluwerarbitration.com/2016/09/10/and-finally-some-good-news-from-scotland/>
- Irvine, C. (2017). Scotland. Í N. Alexander, S. Walsh, & M. Svatos, *EU Mediation Law Handbook* (bls. 659-695). Kluwer Law International B. V.
- Irvine, C. (March 2017). *Simple Procedure: What I Learned from the Sheriffs*. Sótt frá [https://www.strath.ac.uk/media/faculties/hass/law/mediationclinic/Simple\\_Procedure\\_CI\\_March\\_2017.pdf](https://www.strath.ac.uk/media/faculties/hass/law/mediationclinic/Simple_Procedure_CI_March_2017.pdf)
- Irvine, C. (9. maí 2018). Workshop: Critical Questions for Commercial Mediators. Edinburgh.
- JUSTICE COMMITTEE. (6. febrúar 2018). *Alternative dispute resolution Min. 11:13:00 - 11:16:00*. Sótt frá Scottish Parliament TV: <https://www.scottishparliament.tv/meeting/justice-committee-february-6-2018>
- Justice Committee. (2018). I won't see you in court: alternative dispute resolution in Scotland. The Scottish Parliament.
- Katrín Jónsdóttir. (2008). Aðgengi frjálsra félagasamtaka að þingum og ríkisstjórnunum: Málafærsla gagnvart hinu opinbera á Íslandi og í Skotlandi. Sótt frá Skemman: <http://hdl.handle.net/1946/20703>
- Kirkwood, P. (11. júní 2018). *Open letter to Nicola Sturgeon*. Sótt frá iScot Magazine: <https://paulkirkwoodmediator.co.uk/wp-content/uploads/2018/07/Open-Letter-article-in-iScot-July-2018.pdf>
- Kirkwood, P. (2019). *The Black Box of Mediation – Can it be Broken Open?* Sótt frá Paul Kirkwood - Mediation blog: <https://paulkirkwoodmediator.co.uk/2019/01/28/the-black-box-of-mediation-can-it-be-broken-open/>
- Konfliktrádet. (án dags.). *Konfliktrádet*. Sótt 23. mars 2018 frá [www.konfliktraadet.no](http://www.konfliktraadet.no)
- Kristinsdóttir, E. M. (júní 2012). *Betri er mögur sátt en feitur dómur, sáttamiðlun til lausnar ágreiningi*. Sótt frá Skemman: <http://hdl.handle.net/1946/12382>
- Law Society of Scotland. (2019). *Accredited mediators*. Sótt frá <https://www.lawscot.org.uk/members/career-growth/specialisms/accredited-mediators/>
- Law Society of Scotland. (2019). *Code of Practice and Statement of Principles for Family Mediators*. Sótt frá <https://www.lawscot.org.uk/members/career-growth/specialisms/accredited-mediators/>
- Lárusson, Ó. (1923). *Grágás og lögbækurnar*. Reykjavík: Gutenberg.
- Legislation.gov.uk. (án dags.). *Court of Session Rule 49.23*. Sótt 16. nóvember 2017 frá <https://www.scotcourts.gov.uk/docs/default-source/rules-and-practice/rules-of-court/court-of-session/chap49.pdf?sfvrsn=22>
- Lerche-Gredal, L. (2017). Denmark. Í S. W. Nadja Alexander, *EU Mediation Law Handbook* (bls. 191-202). Kluwer Law International B.V.
- Limbury, A. (22. október 2018). *Compulsory Mediation – The Australian Experience*. Sótt frá <http://mediationblog.kluwerarbitration.com/2018/10/22/compulsory-mediation-australian-experience/>
- Lindell, B. (2017). Sweden. Í N. Alexander, S. Walsh, & M. Svatos, *EU Mediation Law Handbook* (bls. 761-777). Kluwer Law International B.V.
- LMFÍ. (án dags.). *Lög og reglur um lögmenn*. Sótt 17. febrúar 2019 frá Siðareglur CCBE: <https://islog.is/log-og-reglur-um-logmenn/>



Lovdata. (4. júlí 2014). *Lov om konfliktrådsbehandling*. Sótt 23. mars 2018 frá <https://www.konfliktraadet.no/getfile.php/2689464.2268.trbfrtvrcw/Lov+om+konfliktr%C3%A5dsbehandling.pdf>

Lovdata. (án dags.). *Lov om mekling og rettergang i sivile tvister*. Sótt 26. júní 2018 frá <https://lovdata.no/dokument/NL/lov/2005-06-17-90>

M., T. (án dags.). First steps taken .  
*Making Justice Work*. (febrúar 2013). Sótt frá Courts Reform (Scotland): <http://www.gov.scot/Resource/0041/00415373.pdf>

Margaret Mitchell. (20. ágúst 2019). *Mediation Consultation*. Sótt frá <https://www.margaretmitchell.org.uk/mediation-consultation>

Martin, E. A. (Ritstj.). (2002). *A Dictionary of Law*. Oxford New York: Oxford University Press.

Mays, R. (. (2000). *SCOTS LAW*. (R. Mays, Ritstj.) London: Butterworths.

MCIVER, S. (1. mars 2018). *Homelessness Reduction Act: The Benefits of Mediation*. Sótt frá <https://www.ukmediation.net/2018/03/01/homelessness-reduction-act-benefits-of-mediation/>

McIlwrath, M. (2017). Í S. W. N. Alexander, *EU Mediation Law Handbook* (bls. xlix-li). Kluwer Law International B. V.

Mediate Ireland. (2018). *MEDIATION ACT 2017*. Sótt frá <https://www.mediateireland.com/mediation-law-ireland/law-acts/mediation-bill-2017/mediation-bill-2017-full-text>

Mediations instituttet. (25. mars 2018). *Hvad er Mediationsinstituttet?* Sótt frá <https://mediationsinstituttet.dk/om-mediationsinstituttet/>

Menkel-Meadow, C. (19. maí 2015). *Mediation, Arbitration, and Alternative Dispute Resolution (ADR)*. Sótt frá Menkel-Meadow, Carrie, Media International Encyclopedia of the Social and Behavioral Sciences, Elsevier Ltd. 2015; UC Irvine School of Law: <https://ssrn.com/abstract=2608140>

Mitchell, M. (29. maí 2019). *Mediation (Scotland) Bill. A proposal for a Bill*. Sótt frá <https://webarchive.nrscotland.gov.uk/20190808042334/https://www.parliament.scot/gettinginvolved/111864.aspx>

Moneylife. (10. september 2018). *Mediation: How To Resolve Issues Without Wasting Time and Money*. Sótt frá <https://www.moneylife.in/article/mediation-how-to-resolve-issues-without-wasting-time-and-money/55251.html>

Norges Domstoler. (24. mars 2018). *Retsmekling*. Sótt frá <https://www.domstol.no/sivilsak/sakstyper/rettsmekling/>

Ólafur, L. (1922). *Yfirlit yfir ÍSLENSKA RJETTARSÖGU*. Reykjavík.

Palinkas, L. A. (11. nóvember 2019). Purposeful sampling for qualitative data collection and analysis in mixed method implementation research. Sótt frá <https://www.ncbi.nlm.nih.gov/pmc/articles/PMC4012002/>

Railway Gazette. (16. maí 2018). *Government terminates Virgin Trains East Coast franchise*. Sótt frá <http://www.railwaygazette.com/news/single-view/view/government-terminates-virgin-trains-east-coast-franchise.html>

Rättshjälpsmyndigheten. (26. júní 2018). *Vad är rättshjälp?* Sótt frá <http://www.rattshjalpsmyndigheten.se/Vad-ar-rattshjalp/>

Regjeringen.no. (24. mars 2018). *Hva er forliksrådet?* Sótt frá Lov og rett: <https://www.regjeringen.no/no/tema/lov-og-rett/innsikt/hva-er-forliksradet/id2537837/>

Reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1/390. (júní 2012). Sótt frá European External Action Service: [https://eeas.europa.eu/sites/eeas/files/lissabon-sattmali-2.-utgafa-juni-2012\\_0.pdf](https://eeas.europa.eu/sites/eeas/files/lissabon-sattmali-2.-utgafa-juni-2012_0.pdf)

Relationships Foundation. (16. janúar 2018). Sótt frá Counting the Cost of Family Failure - 2016 Update: <http://www.relationshipsfoundation.org/wp-content/uploads/2016/02/Counting-the-Cost-of-Family-Failure-2016-Update.pdf>

- Relationships Scotland. (Sótt 18. júní 2018). Sótt frá Relationships Scotland: <https://www.relationships-scotland.org.uk/about-us>
- Relationships Scotland. (2018). *PARENTING APART PROJECT - Outcomes Report for Apr 2017 - Mar 2018*. Edinburgh: Relationships Scotland.
- Relationships Scotland. (22. maí 2018). *Relationships Scotland*. Sótt frá <https://www.relationships-scotland.org.uk/>
- Relationships Scotland. (2018). *RELATIONSHIPS SCOTLAND ANNUAL STATISTICS 2017-18*. Edinburgh: Relationships Scotland.
- Relis, T. (2008). *Perceptions in Litigation and Mediation: Lawyers, Defendants, Plaintiffs and Generated Parties*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Report from the Expert Group on Mediaion in Civil Justice in Scotland. (júní 2019). *Bringing Mediation into the Mainstream in Civil Justice in Scotland*. Sótt frá <https://www.scottishmediation.org.uk/wp-content/uploads/2019/06/Bringing-Mediation-into-the-Mainstream-in-Civil-Jutsice-In-Scotland.pdf>
